



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Heimspekideild

Hálfðanar saga Brönufóstra (a- og b-gerð)

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

M.A.-ritgerð í íslenskri málfræði 15 einingar
Leiðbeinandi: Guðvarður Már Gunnlaugsson
Maí 2000

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

Hálfðanar saga Brönufóstra (a- og b-gerð)

M.A.-ritgerð í íslenskri málfræði
við heimspekideild Háskóla Íslands

Reykjavík
2000



Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

Hálfðanar saga Brönufóstra (a- og b-gerð)

M.A.-ritgerð í íslenskri málfræði
við heimspekideild Háskóla Íslands

Reykjavík
2000



1 Inngangur.....	4
1.1 Verkefnið.....	4
1.2 Fornaldarsögur.....	5
1.3 Útgáfur.....	7
1.4 Handrit	8
1.4.1 Handrit á Íslandi	9
1.4.2 Handrit í erlendum söfnum.....	13
1.5 Aukatákn og uppskriftarreglur	15
Tafla 1 Stemma.....	17
Tafla 2 Samanburður á fyllileika Hálfðanar sögu í 589e og 571.....	19
Tafla 3 Handrit Hálfðanar sögu Brönufóstra í aldursröð	20
2 Hugleiðingar um uppskriftir.....	22
2.1 Norræna hefðin	22
2.2 Hvaðan eru uppskriftartáknin komin?.....	24
2.3 Samræming	25
2.3.1 Greinarmerkjasetning.....	25
2.3.2 Há- og lágstafir.....	26
2.3.3 Eitt orð eða tvö?.....	27
2.4 Sérhljóða- og samhljóðatákn.....	28
2.5 Bönd og styttingar.....	29
2.5.1 Munurinn á böndum og styttingum.....	29
2.5.2 Munurinn á böndum og uppskrifuðum stöfum	32
2.5.3 Upplausn banda og styttinga.....	33
2.6 Val uppleystra tákna.....	33
2.7 Ill- og ólæsilegir staðir.....	34
2.8 Orð og tákn sem gleymst hefur að skrifa	36
2.9 Orðum og táknum sem er ofaukið.....	37
2.10 Stjörnumerkt orð	38
2.11 Samræmi í uppskrift.....	38
2.12 Hvað á að rannsaka í stafsetningar- og mállýsingu?	39
2.13 Annað	40
2.13.1 Gildi handritaljósmynda.....	40
2.13.2 Ung handrit.....	41
3 Lesbrigði skinnhandrita	42
3.1 Sérleshættir 571	42
3.2 Sérleshættir 589e	46
3.3 Sérleshættir 152 (og 1147).....	47
3.4 Sérleshættir 1147	54
4 A-gerð (handrit og lesbrigði)	56
4.1 Handrit sem hafa textafræðilegt gildi.....	56
4.2 Afrit 571.....	59
4.3 Afrit Holm 17.....	60
4.4 Afrit Holm 56.....	61

4.5 Tengsl 571 við 297b og Holm 17	64
4.5.1 Nýjungar (villur) hjá 571	65
4.5.2 Nýjungar (villur) hjá 297b og Holm 17.....	66
4.5.3 Sérleshættir 297b.....	68
4.5.4 Sérleshættir Holm 17.....	69
5 B-gerð (handrit og lesbrigði).....	71
5.1 Handrit sem hafa textafræðilegt gildi.....	71
5.2 Afrit af 589e	75
5.3 Afrit af 152.....	77
5.4 Afrit af JS 28.....	79
Excursus: c-gerðin.....	80
6 AM 589 e 4° (stafsetningar- og mállýsing).....	84
6.1 Skrifarar.....	84
6.2 Skrift.....	90
6.2.1 Sérhljóð.....	90
6.2.2 Samhljóð.....	96
6.3 Upplausn banda og skammstafanir	99
6.3.1 Hljóðasambönd	99
6.3.2 Bundin orð.....	116
6.3.3 Yfirlit yfir upplausnir	118
6.3.4 Styttningar.....	118
6.4 Mállýsing	118
6.4.1 Sérhljóðabreytingar	118
6.4.2 Samhljóðabreytingar	123
6.4.3 Einstök orð og orðmyndir	126
6.5 Beygingarfræði.....	128
6.6 Samantekt og aldursákvörðum.....	130
7 AM 571 4° (stafsetning og mállýsing).....	133
7.1 Skrift.....	133
7.1.1 Sérhljóð.....	133
7.1.2 Samhljóð.....	134
7.2 Upplausn banda og skammstafanir	135
7.2.1 Hljóðasambönd	135
7.2.2 Orð	142
7.2.3 Yfirlit yfir upplausnir	143
7.2.4 Styttningar.....	143
7.3 Mállýsing	144
7.3.1 Sérhljóðabreytingar	144
7.3.2 Samhljóðabreytingar	145
7.4 Beygingarfræði.....	146
7.5 Aldursákvörðun.....	147

Formáli

Þessi 15 eininga meistaraþrófsritgerð (M.A.) í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands er að mestu leyti unnin á haust- og vorönn 2000. Vinna við ritgerðina hófst árið 1998 en þá dvaldi ég á Árnastofnun í Höfn við að athuga handrit Hálfðanar sögu. Tveggja mánaða styrkur frá Den arnamagnæanske Kommission gerði mögulega þá dvöl. Í vetur naut ég síðan góðrar aðstöðu á Stofnun Árna Magnússonar.

Leiðbeinandi minn var Guðvarður Már Gunnlaugsson, sérfræðingur á Stofnun Árna Magnússonar, og þakka ég honum kærlega aðstoðina. Haraldi Bernharðssyni þakka ég lán ritgerðar og fyrir að vera fyrirmynd. Stefáni Karlssyni þakka ég ábendingar og Guðmundi B. Kristmundssyni, Hallgrími J. Ámundasyni og Ingimar Karli Helgasyni yfirlestur. Unnustu minni Bryndísi Guðmundsdóttur á ég þó mest að þakka fyrir að umbera langar samvistir mínar með Hálfðani Brönufóstra.

1 Inngangur

1.1 Verkefnið

M.A.-ritgerð mín í íslenskri málfræði er undirbúningur að nýrri fræðilegri útgáfu af Hálfðanar sögu Brönufóstra en eina vísindalega útgáfa hennar er frá 1830 (*FsN* III). Sú útgáfa er úrelt að flestu leyti¹ og því ekki vanþörf á nýrri. Meira en 60 handrit eru varðveitt af sögunni (og erfitt að nálgast mörg þeirra) og því varð fljótt ljóst að ný útgáfa sögunnar sem byggði á öllum handritum hennar var of umfangsmikið verkefni fyrir M.A.-ritgerð. Því er þessi ritgerð nokkurs konar áhlaup eða drög að útgáfu. Ritgerðin takmarkast við svokallaðar a- og b-gerðir sögunnar (og ekki öll handrit sem geyma þær) en lítil umfjöllun er um c-gerð hennar og aðeins er minnst á rímurnar byggðar á sögunni í inngangi. Ég hef skrifað upp a-gerð eftir skinnhandritinu AM 571 4° og b-gerð eftir skinnhandritinu AM 589 e 4° og er með lesbrigðaskrár við þau.² Umfjöllun um handrit sögunnar er tvenns konar: 1) Ítarleg umfjöllun er um aðalhandrit a- og b-gerðar (AM 589 e 4° og AM 571 4°) og drög að stafsetningar- og mállýsingu þeirra. Einnig hef ég rannsakað allmörg önnur handrit (mismikið þó) og sett upp æterni þeirra í stemma (handritatré) sem verður að taka með fyrirvara.³ Nánari umfjöllun um þau handrit sem þetta á við um er í köflunum um a- og b-gerð sögunnar (og „excursus“ um c-gerð). 2) Upplýsingar um þau handrit sem aðeins er getið í kaflanum um handrit í inngangi hef ég svo til eingöngu úr handritaskrár (birtum og óbirtum). Ég hef ekki litið nema lauslega á flest þeirra og sum hef ég ekki getað komið í návígi við.⁴ Um stöðu þeirra innan stemmans veit ég yfirleitt ekkert.⁵

¹ Gallar *FsN* III sem Rafn gaf út 1830 eru þeir helztir: 1) að textinn er með samræmdri stafsetningu fornri; 2) aðalhandrit (AM 152 fol) er ekki með upprunalegasta textann; 3) lesbrigði frá öðrum handritum eru mjög fá og ófullnægjandi; 4) lítið tillit er tekið til pappirshandrita sögunnar; 5) engin stafsetningar- eða mállýsing handrita og 6) gert er ráð fyrir einni gerð sögunnar en ekki þremur.

² Við AM 589 e 4° eru lesbrigði frá skinnhandritunum AM 152 fol og NKS 1147 fol en við AM 571 4° eru lesbrigði frá AM 297 b 4° og Holm papp 17 4°.

³ Þau handrit sem ég hef athugað og sum sett upp í stemma eru þessi í aldursröð: AM 589 e 4° (ca. 1450–1500), AM 152 fol (ca. 1500–25), AM 571 4° (ca. 1500–1600), AM 568 4° (ca. 1600–50), NKS 1147 fol (ca. 1600–1700), UppsUB R 697 4° (ca. 1600–1700), Holm papp 17 4° (ca. 1640–71), AM 297 b 4° (ca. 1650–1700), Holm papp 38 4° (ca. 1650–1700), UppsUB R 706 4° (ca. 1650–1700), Holm papp 2 4° (ca. 1650–1700), JS 28 fol (ca. 1660), JS 27 fol (ca. 1670), ÍBR 6 fol (1680), Holm papp 56 fol (ca. 1695), Lbs 272 fol (ca. 1700 „eða laust fyrir“), AM 294 4° (ca. 1700), AM 295 4° (ca. 1700), AM 297 a 4° (ca. 1700), Kall 611 4° (ca. 1700), AM 296 4° (ca. 1700–25), AM 164 h fol (ca. 1700–25), BLAdd 4860 fol (ca. 1700–1800), BLAdd 11162 4° (ca. 1700–1800), GKS 1006 fol (ca. 1700–1800), NKS 1754 4° (ca. 1750–1800), NKS 1801 4° (ca. 1750–1800), AM 591 e 4° (ca. 1750–1800).

⁴ Þetta eru eftirtalin handrit í aldursröð: JS 166 fol (ca. 1679), Lbs 840 4° (skr. 1734), Lbs 1622 8° (skr. 1744), ÍB 233 4° (skr. á 18. öld), ÍB 228 4° (ca. 1750), LUB papp. fol (ca. 1750), UppsUB W 80 („skr. seint á 18. öld.“), HSK 1 fol (ca. 1780), ÍB 517 8° (1778–1811) Lbs 154 4° (1787–94), JS 270 8° (1795–96), JS 12 8° (ca. 1800), ÍB 497 4° (ca. 1800), Lbs 2121 4° (18. og 19. öld), Lbs 2233 8° (18. og 19. öld), MS Germ Quart 936 (1800–1900), Mss.philol. 78 (19. öld), Lbs 1762 4° (1812), Lbs 221 fol (1819–32), JS 383 8° (ca. 1820–40), ÍB 206 4° (ca. 1830), Lbs 351 8° (ca. 1850), HSKB („eftir 1860“),

Í inngangi er fyrst stutt kynning á Hálfðanar sögu og skrifum um hana. Síðan er handritaskrá yfir öll handrit sem geyma söguna. Því næst koma hugleiðingar um uppskriftir og útgáfur. Þar næst koma kaflar um a- og b-gerð (og stutt um c-gerð), handrit og lesbrigði og í lokin eru uppskriftir a- og b-gerðar og athugasemdir við uppskriftir og lesbrigði.

Um ritgerð þessa er það að segja að hún er fyrsti og stærsti áfanginn á langri en áhugaverðri ferð. Þó að ekki séu öll kurl komin til grafar um skyldleika handrita er ný útgáfa Hálfðanar sögu Brönufóstra í auglýsingu.

1.2 Fornaldarsögur

Hálfðanar saga Brönufóstra (= HBr) telst til svokallaðra ungra fornaldarsagna og skipar sér í flokk með sögum eins og Göngu-Hrólfis sögu og Áns sögu bogsveigis. Þessar sögur hafa engan sögulegan kjarna og hafa af sumum verið kallaðar „lygisögur“.⁶ Orðið *fornaldarsaga* á rætur sínar að rekja til sagnasafns þess sem C.C. Rafn gaf út: *Fornaldarsögur Norðrlanda* (1829–30) (= *FsN* I–III). Hann safnaði saman sögum sem gerðust áður en Ísland byggðist, sbr. orð hans í formála (*FsN* I:v):

Söguflokkur sá, af hverjum þetta it fyrsta bindi nú birtist, er tilætlað at innihalda skuli íslensku sögunnar, er greina frá atburðum þeim, er orðit hafa hær á Norðrlöndum, áðr enn Island byggðist á 9du öld, eðr með öðrum orðum, fyrir tímabil það, er áreiðanligar sagnir eru frá hafðar.

Grundvöllur þessarar flokkunar hefur sætt mikilli gagnrýni því það sem tengir þennan sagnaflokk saman samkvæmt skilgreiningu Rafns eru ekki stílleg einkenni í sögunum heldur ytri „sagnfræði“ þeirra sem lítið er að marka.⁷ Það hefur hins vegar reynst þrautin þyngri að finna önnur sameiginleg einkenni þessa flokks sem útiloka hann frá öðrum sagnaflokkum og hefur flokkun fornaldarsagna lengi verið deiluefni í fræðaheiminum.⁸ Á síðustu áratugum hafa líkindi milli ungra fornaldarsagna (ævintýrafornaldarsagna) og rómansa verið dregin fram⁹ og t.a.m. í Íslenskri bókmenntasögu (Vésteinn Ólason

Lbs 1943 4° (1877–78), handrit á byggðasafninu á Skógum 4° (ca. 1880), Lbs 3936 4° (1880–83), Lbs 1510 4° (1880–1905), handrit í einkaeigu (skr. 1882).

⁵ Þó stendur í handritaskráum t.a.m. að MS Germ Quart 936 sé ritað eftir útgáfu Björners 1737 og ÍB 206 4° „eftir rímum síra Snorra Björnssonar“ og í handriti sem er í Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar (HSKB) að það sé „Eptir Rímunum upphripud þann 27da júní 1[0]65 af J. Jonsfyni.“

⁶ Eitt nýjasta yfirlitið yfir skrif um HBr og útdráttur yfir efni sögunnar á ensku er hjá Jorgensen (1993:260–61).

⁷ Sbr. Nerman (1913:29–30): „I själva verket är denna definition mycket svävande, och den bottnar i den gamla uppfattningen av dessa sagor som till väsentligaste del historia. När man vill försöka karaktärisera fornaldarsagan, måste man därför släppa Rafns tidssynpunkt.“

⁸ Um flokkunarumræðuna sjá t.d. Kalinke (1985) og Ármann Jakobsson (1999:140–44).

⁹ Sjá t.a.m. umfjöllun hjá Kalinke (1985:324–28, 1990:7–14) og orð hennar (1985:327): „Certain recurring patterns are common to translated and Icelandic *ridðarsögur* as well as to a group of later *fornaldarsögur* known as “adventure sagas” or *Märchensagas* or *lygisögur*.“

1993:219) eru ævintýrafornaldarsögurnar flokkaðar með íslenskum rómönsum. Í þeim hópi eru þá ungar fornaldarsögur, eins og Friðþjófs saga frækna, Sörla saga sterka og Hálfðanar saga Brönufóstra, og frumsamdar riddarasögur, eins og Haralds saga Hringsbana og Sigurðar saga turnara.

Schier (1970:77–78) leggur áherzlu á tengsl margra ungra fornaldarsagna, eins og t.d. Hálfðanar sögu Brönufóstra, við ævintýri (*Märchensagas*), því að í þeim séu ýmis ævintýraminni. Merkilegt minni í HBr er t.a.m. viðureign söguhetjunnar (Hálfðanar) við tvö tröll í helli (*FsN* III:568–71). Í Ála flekks sögu og Gríms sögu loðinkinna eru mjög líkar lýsingar og einnig í hinni fornensku Bjólfskviðu (*Beowulf*) (sjá Jorgensen 1975).¹⁰ Einnig virðast vera líkindi milli sundkeppni Bjólfs og Breca og sundkeppni Hálfðanar og Áka í HBr (Jorgensen:1978).¹¹ Ýmis orðalagslíkindi önnur eru á milli Ála flekks sögu og Hálfðanar sögu sem varla geta verið tilviljun. Líklegt er einnig að höfundur Sörla sögu sterka hafi þekkt Hálfðanar sögu því í Sörla sögu segir einmitt frá sjóbardaga Sörla við Hálfðan.¹²

Vinsældir Hálfðanar sögu Brönufóstra hafa verið miklar í gegnum aldirnar eins og sést á því að meira en 60 handrit eru til af henni.¹³ Á 18. öld var Hálfðanar saga síðan fyrirmynd að *Hafgeirs sögu Flateyings* (sbr. Jorgensen 1977).¹⁴ Margir fræðimenn hafa þrátt fyrir þessar vinsældir eða vegna þeirra litið niður á rómönsur.¹⁵ Finnur Jónsson (1901:828) hefur til að mynda þessi orð um HBr: „Sagaen hører til dem, der viser sig mest påvirket af fremmede romantiske motiver; den er ikke nær så underholdende som flere af de andre, og beskrivelserne er stærkt overdrevne.“ Á síðustu áratugum hafa vinsældir rómansa aukizt meðal fræðimanna (sérstaklega erlendra) og fræðilegar útgáfur margra sagna verið gefnar út í fyrsta sinn.¹⁶

Um aldur Hálfðanar sögu Brönufóstra er erfitt að fullyrða nokkuð. Finnur Jónsson segir (1901:828): „Den er imidlertid også meget bearbejdet og vistnok oprindeligt ikke

¹⁰ Jorgensen (1975:40): „In fact, the saga’s [Hálfðanar saga] description of the trek to the cage and the battle with the female monster are closer to the Old English epic version than is the famous *Grettis saga* or any other single Old Norse saga.“

¹¹ Jorgensen (1978:52): „Although to date regarded as an obscure saga, the presence in *Hálfðanar saga* of other well-known motifs from Germanic literature further underscores its importance as a repository of Germanic folklore.“

¹² Um sameiginleg minni í Hálfðanar sögu og ýmsum öðrum íslenskum sögum fjallar Jorgensen (1979).

¹³ Riddarasögur voru einnig mjög vinsælar, sbr. Driscoll (1990:158–59): „þó nokkuð margar þeirra [*riddarasagna*] [...] eru varðveittar í yfir 50 handritum, og ein, *Nítíða saga*, í tæplega 70, og er hún því án efa vinsælust allra íslenskra sagna.“

¹⁴ Þessi falsarasaga er í Add 6 fol í konunglega bókasafninu í Höfn. Jorgensen (1977) hefur sýnt fram á að Þorlákur (Thorlákur) M. Ísfjörð hafi samið þessa sögu. Á blaði framan við handritið hefur Þorlákur ritað að það sé ritað eftir skinnbók frá 12. öld sem er greinilega lygi. Augljós líkindi eru við HBr en Þorlákur ritaði einmitt lesbrigðahandritið NKS 1801 4° þar sem borin eru saman útgáfa Biörners 1737 og tvö pappírshandrit (AM 294 4° og AM 295 4°) af HBr.

¹⁵ Driscoll (1990:159) og Kalinke (1990:5–6, 1985:316–19) fjalla um þessa gagnrýni á íslenskar rómönsur.

¹⁶ T.a.m. hefur Anderson (1990) skrifað doktorsritgerð um Ketils sögu hængs og Gríms sögu loðinkinna.

yngre end c. 1300.“ Elzta handritið sem geymir söguna er AM 589 e 4° sem er talið vera frá síðari hluta 15. aldar. Um feril sögunnar fyrir það er ekkert vitað en sú staðreynd að af henni eru til þrjár ólíkar gerðir (a-, b- og c-) í frekar gömlum handritum og allólfkar hverri annarri bendir til þess að saga sögunnar af Hálfðani Brönufóstra teygi sig alllangt aftur fyrir elztu handrit.

Út frá Hálfðanar sögu hafa einnig verið ortir þrjár rímnaflokkar (Finnur Sigmundsson 1966:195–96) og hefur enginn þeirra verið gefinn út: 1) Rímur af Hálfðani Brönufóstra 16 að tölu (Brönurímur) eignaðar Rögnvaldi blinda (15. og 16. öld, *ÍÆ* IV:183)¹⁷ eða Sigurði blinda (15. og 16. öld, *ÍÆ* IV:213) í AM 604 c 4° og fleiri handritum; 2) Rímur af Hálfðani Brönufóstra 17 að tölu eftir séra Snorra Björnsson á Húsafelli (1710–1803, *ÍÆ* IV:300) í allmörgum handritum og 3) Rímur af Hálfðani Brönufóstra eftir Jón Gottskálksson (1838–1906, *ÍÆ* III:121–22) 14 að tölu, ortar 1896 og prentaðar 1905 í Reykjavík. Finnur Jónsson segir um Brönurímur fornu (II,2:828): „Rimerne er meget unge og går ud fra sagaen omtrent i dens nuværende form.“ Björn K. Þórólfsson (1934:455) segir að texti rímnanna sé mjög líkur texta AM 152 fol en þó séu nokkrir staðir þar sem texti rímnanna sé e.t.v. upprunalegri en texti 152.¹⁸ Á móti kemur að íaukar eru í rímunum sem geta varla verið upprunalegir.

1.3 Útgáfur

Hálfðanar saga Brönufóstra var fyrst gefin út árið 1737 í hinni frægu sagnaútgáfu Biörners *Nordiska Kämpa Dater*¹⁹ og er á blaðsíðum 351–81 í henni.²⁰ Ekki kemur fram í formála

¹⁷ Björn K. Þórólfsson (1934:457, 460–63) rekur ítarlega rökin fyrir því að Rögnvaldur blindi hafi samið Brönurímur og Skógarkristrímur.

¹⁸ Björn K. Þórólfsson (1934:455–56) nefnir m.a. að Ingibjörgu dreymi fall föður síns í draumnum fyrir bardagann (ekki í 152 og 589e en í c-gerðar handritum er sagt að faðirinn lendi í vandræðum, Holm papp 2 4° 49v1–2: ‘og wmm sydir sokttu þau fostri m(inn) ad fodur m(inum), med akafligri | grimd suo vmm sydir læ hann flaturl / a jordu vndir þeim og þar vaknadj jeg .’ Einnig er sagt í rímunum að móðir Brönu látist af barnsförum (en ekki samkvæmt 152 og 589e) og í c-gerðar handritum deyr hún einnig, sbr. Holm papp 2 fol 53r13–14: ‘Ol hun mig first barna enn | so mæddist hun af mikileik jotunsins ad hann kiæfdi hana loxsins vndir sier til dauda.’ Í rímunum er einnig sagt að Hálfðan sé fjórtán ára þegar hann hittir Brönu en ekki sextán eins og í 152 (og 589e og c-gerðar handritum). Þessi tengsl rímnanna við söguna þyrfti vitaskuld að rannsaka miklu betur.

¹⁹ Fullur titill ritsins er þessi: Nordiska Kämpa Dater, i en Sagoflock samlade om forna Kongar och Hjältar. För hwilken, förutan et ständigt Ättartahl på alla befintliga Svenska Kongar och Drottningar, åfwen et Företal finnes, angående orsaken til dette wärk, Göta språkets förmån, gamla sakers nögje, Sagors trowärdighet och de här trycktas tidatahl, jämte förteckning på dem, som tilförende warit tryckte &c. Volumen historicum, continens variorum in orbe Hyperboreo antiquo Regum, Heroum et Pugilum res præclare & mirabiliter gestas. Accessit, præter conspectum genealogicum Svethicorum Regum & Reginarum accuratissimum, etiam præfati de caussis editi hujus operis, linguæ Gothicæ prærogativa, rerum antiquarum jucunditate, historiarum Hyperb. fide, earumque heic editarum chronotaxi; addito etiam ante evulgatarum catalago.

²⁰ Hver saga er tölusett sér í ritinu og er staðsetning Hálfðanar sögu fundin með því að leggja saman lengd sagnanna á undan.

eftir hvaða handritum hún er prentuð en við að bera texta útgáfunnar saman við handrit kemur í ljós að forritið er eitthvert af þeim a-gerðar handritum sem varðveitt eru í Svíþjóð (Holm 17, 38 4° eða 56 fol) (sjá nánari umfjöllun í kafla um a-gerðina).

Næst var sagan gefin út sem hluti af fornaldarsagnasafni C.C. Rafns *Fornaldar sögur Nordrlanda* (FsN III:559–91) árið 1830. Útgáfa Rafns á sögunni er sú útgáfa sögunnar sem kemst næst því að vera vísindaleg því hún byggir á frumstæðum handritasamanburði og tínd eru til nokkur lesbrigði neðanmáls. HBr er gefin út eftir handritinu AM 152 fol en allmörg lesbrigði eru við það frá AM 589 e 4° og AM 571 4°. Um tengsl þessara handrita segir Rafn (FsN III:xiii):

1. Til grundvallar er lögð skinnbókin Nr. 152 í arkarf. (A), sem áðr er lýst við Gautreks og Hrólfs og Gaungu-Hrólfs sögur; eptir henni er pappírshandritið Nr. 295 í 4blf. skrifað; en pappírshandritið Nr. 297b í 4blf. þeim samhljóða. 2. Skinnbókin Nr. 571a í 4blf. (D); er hún allvel skrifuð og að ágizkun frá 15du öld; henni eru að mestu leiti samhljóða pappírshandritin Nr. 294, 297b, 591e og 568, öll í 4blf., og eru þau öll lítilfjörleg og með fljótaskriftarhendi, er það síðasttalda hálfúit og því vart læsiligt. 3. Skinnbókin Nr. 589e í 4blf. (C), er inniheldr mikinn hluta sögunnar; hún er fremr samhljóða A enn D, og er þó eigi allmikið frábrugðin enni síðari; henni er hér að framan lýst. Samhljóða c er pappírshandritið Nr. 296 í 4blf., einnig að miklu leiti Nr. 164h í arkarf. 4. *Björners* útgáfa (B) er lakligri enn hin handritin, og ferr þó nærr D enn A eða C að orðatiltæki; en bæði í B og D vantar einstakar málsgreinir, sem A hefir, og þá líka 14 kap.

Nokkrar útgáfur hafa komið út síðan á Íslandi og byggja þær allar á útgáfu Rafns. Sú fyrsta var útgáfa Valdimars Ásmundssonar (1889:435–458).²¹ Næst var Hálfðanar saga svo gefin út af Guðna Jónssyni og Bjarna Vilhjálmssyni (1943–1944). Síðan sá Guðni Jónsson (1954:287–318) einn um nýja útgáfu þessara texta og var texti sagnanna sá sami og í útgáfunni 1943–44.²²

Ljósprentuð útgáfa af AM 589 e 4° (aðalhandriti b-gerðar) var gefin út af Loth (1977) í *Early Icelandic Manuscripts in Fascimile XI*.

1.4 Handrit

Rúmlega 60 handrit eru til af HBr og eru þau varðveitt í ýmsum söfnum. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir byggir að mestu leyti á prentuðum og óprentuðum handritaskráum.

²¹ Valdimar Ásmundsson (1889:iv): „Hálfðanar saga Eysteinsonar, Hálfðanar saga Brönufóstra, Sturlaugs saga starfsama og Illuga saga Gríðarfóstra eru prentaðar eftir útgáfu Rafns.“

²² Guðni Jónsson (1950–54 I:xxv): „Um útgáfu þá, sem hér birtist, er það skemmst frá að segja, að texti hennar er nákvæmlega hinn sami sem þeirrar, er síðast var getið, að því undanskildu, að röðinni á sögunum er dálítið breytt.“

1.4.1 Handrit á Íslandi

Stofnun Árna Magnússonar (SÁM)

Handrit á Stofnun Árna Magnússonar í Reykjavík sem geyma Hálfðanar sögu Brönufóstra eru ellefu:²³ Engin handrit sögunnar eru á Det arnamagnæanske Institut.²⁴

AM 152 fol (*KålKatAM* I:105) (sjá nákvæmari lýsingu síðar).

AM 164 h fol (*KålKatAM* I:134) (sjá nákvæmari lýsingu síðar).

AM 294 4° (*KålKatAM* I:539) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

AM 295 4° (*KålKatAM* I:539) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

AM 296 4° (*KålKatAM* I:540) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

AM 297 a 4° (*KålKatAM* I:540) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

AM 297 b 4° (*KålKatAM* I:540) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

AM 568 4° (*KålKatAM* I:729) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

AM 571 4° (*KålKatAM* I:733) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

AM 589 e 4° (*KålKatAM* I:755) (sjá nákvæmari lýsingu síðar).

AM 591 e 4° (*KålKatAM* I:758) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

Landsbókasafn Íslands

Á Landsbókasafni eru 22 handrit sem innihalda Hálfðanar sögu.

Lbs 221 fol (*PEÓ* I:75–77)

Þetta handrit er 32,4 x 20 sm að stærð og 222 bl. Á því er ein hönd og það er skráð 1819–32. Á bl. 1 stendur (*PEÓ* I:75–77): „H. Erlendsson Melnum á bókina 1847.“

„Sagann af Hálfðáni Brønu fóstra“ er á blöðum 94–100 og er nr. 14 í röðinni af 41 ítemi í handritinu sem er úr safni Jóns Péturssonar (1812–1896, *ÍÆ* III:248–49) ásamt Lbs 222–234 fol (*PEÓ* I:77).

Lbs 272 fol (*PEÓ* I:90–91) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

Lbs 154 4° (*PEÓ* I:161–62)

Handritið er 20 x 16 sm að stærð og 208 bl. Á því er ein hönd og í handritaskránni er sagt að það sé skráð 1787–1794 en enginn nánari rökstuðningur fylgir því nákvæma ártali.

„Saga af Halfdani Brönufóstra“ er fremst af sjö sögum í handritinu og er á blöðum 1–30.

Lbs 840 4° (*PEÓ* I:369)

Þetta handrit er 18,7 x 14,7 sm að stærð og 334 bl. Á því er ein hönd að mestu og meginhluti þess er skráður um 1737, sbr. þessi orð á titilsíðu: „Fróðlegur Sagna Fiesiódur [...] Skrifad ad Skarde å Skardsstrønd Anno Domini MDCCXXXVIJ.“ Hálfðanar saga er

²³ Ég nota handritastýttingakerfi forn málsorðabókarinnar í Höfn (sjá *ONPR*eg).

²⁴ Sbr. yfirlit Louis-Jensen (1988:18–20) yfir þau handrit sem urðu eftir við skiptingu handritanna.

á blöðum 331–34 og segir í skránni að öftustu blöðin (331–34) séu með hendi frá um 1830.²⁵

Lbs 1510 4° (PEÓ I:536–38)

Handritin Lbs 1491–1510 4° eru öll skráð saman í einni færslu í handritaskránni og er HBr aftast í 20. og síðasta bindi. Magnús Jónsson í Tjaldanesi (1835–1922, *ÍÆ* III:439) skrifaði upp öll bindin á árunum 1880–1905.

Lbs 1762 4° (PEÓ I:591)

Handritið er 20,7 x 16,3 sm að stærð og 157 bl. Þetta sagna- og rímnahandrit er með hendi Gillis Árnasonar á Bjargi í Papey og séra Sveins Péturssonar á Hofi í Álftafirði (1772–1838, *ÍÆ* IV:374) (PEÓ I:591) og er skráð um 1812. „Saga af Hálfðani Hríngssyni Brönufóstra“ er nr. þrjú af sjö ítemum og er á bl. 39–60.

Lbs 1943 4° (PEÓ I:619)

Þetta handrit er 19,8 x 16,2 sm að stærð og 580 bls. Fremst í því stendur að það sé skrifað af Ólafi Þorgeirssyni á Skáley á Skarðsströnd um 1877–78 (PEÓ I:619). HBr er þriðja sagan í handritinu af tíu.

Lbs 2121 4° (PEÓ III:275)

Handritin Lbs 2114–2121 4° eiga saman og innihalda margvíslegar sögur skrifaðar af ýmsum á 18. og 19. öld. Hálfðanar saga er í áttunda bindi og er fjórða sagan í því.

Lbs 3936 4° (PEÓ III aukab.:78)

Handritið er 20,7 x 16,6 sm að stærð og 496 bls. Þetta er sögubók skráð 1880–83 og er með hendi Jóns Björnssonar á Randversstöðum í Breiðdal. HBr er nr. 8 í bókinni af 14 ítemum.

Lbs 351 8° (PEÓ II:77)

Handritið er 16,4 x 10,2 sm að stærð og 352 bls. Á því er ein hönd að mestu sem er sú sama og á Lbs 349–50 8°. Lbs 351 8° er skráð um 1850. „Saga Hálfðanr (!) BrönuFöstra“ er nr. fimm í handritinu af sjö ítemum.

Lbs 1622 8° (PEÓ II:318)

Þetta handrit er 16 x 9,9 sm að stærð og 78 bl. Á því er ein hönd að mestu og það er skráð árið 1744. „Sagan af Haldane Brönu Föstra“ er á blöðum 1–19 og eru blöð 7–19 með aðalhendi handritsins en 1–6 með yngri hendi. Auk HBr er í handritinu Fóstbræðra saga (bl. 20–78).

Í handritaskránni stendur (PEÓ II:319) að handritið hafi verið í eigu Halldórs Jónssonar í Öxnafeili (fæddur 1770, *ÍÆ* II:261).

²⁵ Jensen (1983:lviii–lx) fjallar um handritið og segir það líklega skrifað fyrir sýslumanninn Bjarna Pétursson (1681–1768) sem bjó á Skarði 1705–48.

Lbs 2233 8° (PEÓ II:432)

Handritið er um 16,3 x 10 sm að stærð og 235 bl. Það er skrifað af ýmsum á 18. og 19. öld og inniheldur margvíslegt efni. Hálfðanar saga er fremst í handritinu.

JS 27 fol (PEÓ II:458) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

JS 28 fol (PEÓ II:459) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

JS 166 fol (PEÓ II:489)

Þetta handrit er 27,2 x 9 sm að stærð og 232 bl. Það er með hendi Þórðar Jónssonar í Strandseljum „að undanskildum fám bl., er aukið hefir verið í í stað bl., er vantað hefir“ og er skráð 1679. Hálfðanar saga er sétta sagan af sjö í handritinu.

JS 12 8° (PEÓ II:620)

Handritið er 16,5 x 11 sm og 186 bl. Það er frá um 1800 og er með einni hendi. Hálfðanar saga er síðasta sagan af fjórum í handritinu en á eftir því fer kappakvæði Guðmundar Bergþórssonar.

JS 270 8° (PEÓ II:671)

Þetta handrit er 14,8 x 9,4 sm og 382 bl. Það er skrifað 1795–96 af Ólafi Jónssyni á Búrfelli á Grímsnesi. Hálfðanar saga er önnur sagan af 19 í handritinu.

JS 383 8° (PEÓ II:690)

Þetta handrit er 16,5 x 10,2 sm að stærð og 431 bls. Á því er ein hönd og það er skrifað um 1820–40. HBr er fyrsta sagan í handritinu en stendur á eftir allmörgum kvæðum. Handritið heyrir saman með JS 382 og 384 8°.

ÍB 206 4° (PEÓ II:778)

Handritið er 20,7 x 16 sm að stærð og 389 bls. (175 + 76 + 112 + 26). Það er með hendi Halldórs Árnasonar í Nesi og er skráð um 1830. Hálfðanar saga er á bls. 144–75.

Í handritaskránni segir að sagan sé „eftir rímum síra Snorra Björnssonar.“

ÍB 497 4° (PEÓ II:839)

Þetta handrit er 20 x 16,1 sm að stærð og 12 bl. Á því er ein hönd og það er skráð um 1800. Handritið inniheldur: 1) Sögubátt af Fástus og Ermenu og 2) Hálfðanar sögu.

ÍB 517 8° (PEÓ III:114)

Þetta handrit er um það bil 15,2 x 9,4 sm að stærð og 153 blöð. Það er með hendi Þorkels Björnssonar á Hóli að mestu og er skráð 1778–1811. Hálfðanar saga er fyrsta sagan af sjö í handritinu.

ÍBR 6 fol (PEÓ III:208) (sjá nákvæmari lýsingu síðar)

²⁶ Í *ÍÆ* (II:242) stendur að Halldór hafi dáið um 1825 („[...] á síðan heima í Nesi samfleytt til 1825; hefir dáið um það bil eða flutzt í burtu.“ sem passar ekki við upplýsingar í handritaskrá.

Héraðskjalasafn Borgarfjarðar (SkráBorgf)

Handritið hefur ekki safnnúmer. Í því eru 22 sögur og er það samkvæmt talningu minni 602 bls. Hálfðanar saga er á bls. 457–77.

Í Skránni stendur þetta um upprunann: „Handritið er skrifað af Jóhannesi Jónssyni á Smyrlahóli [1807–1885, ÍÆ III:36] á árunum eftir 1860.“ Aftast í Hálfðanar sögu í handritinu hefur skrifari þess ritað þessi orð (bls. 47721): „Eptir Rímunumm upphripud þann 27da júní 1[0]65 af J. Jons'yni.“

Héraðskjalasafn Skagfirðinga (SkráSkagf:[11])

HSK 452 4° (áður HSK 1 fol) er 28,7 x 18 sm að stærð og 158 bls. Á handritinu eru þrjár hendur og það er skrifað 1780: „Skrifadar á Hoolum i Hiallta-Dal MDCCLXXX af P.I.S.“ Hálfðanar saga er önnur sagan í handritinu af átta.

Um feril handritsins segir þetta í skránni: „Í lok Sögu af Cyro keisara stendur: „Á Islensku er þessi framanskrifud Saga utlögd af Æruverdugum Kienimani Sal: Sr. Einari Biarnasyni ad Backa vid Geirlands As á Sydu Austur.“ — Hér mun átt við séra Einar Bjarnason á Prestsbakka á Síðu (d. 1720).“ Á áfestum miða með hendi Helga Konráðssonar stendur að Pétur Jónsson í Svefneyjum hafi skrifað handritið en Helgi fékk handritið frá Pétri Jónssyni frá Stökkum, barnabarnabarni Péturs í Svefneyjum.

Byggðasafnið á Skógum (SkráSkógar:[19])

Eitt handrit er á Skógum sem geymir HBr. Það er ekki tölumerkt en er í hálfarkarbroti og er um 22 x 17,5 sm að stærð og 30 blöð. Það er með einni hendi og skrifað um 1800. Um efni handritsins segir þetta í skránni: „Hálfðanar saga Brönufóstra. Fyrri hluti er glataður, byrjar við lok 9. kapitula.“

Í handritaskránni stendur þetta um uppruna handritsins (*SkráSkógar:[19]*): „[...] Aftan á handritið er skráð m.a. nafnið Guðmundur Eyúlfsson. Handritið er úr bókasafni Eyvinds Albertssonar í Teigi, gefið byggðasafninu af systur hans, frú Margréti Albertsdóttur og fjölskyldu hennar.“

Handrit í einkaeign (SkráEink:8)

Eitt handrit sem inniheldur Hálfðanar sögu er í eigu Jóns Ófeigssonar, Hafnarnesi, Hornafirði. Það er um 17 x 10 sm að stærð og í því eru: 1) Sagan af Hálfðani brönufóstra, 2) Brúðkaupsvísur Ara Hálfðanarsonar. Eymundur Jónsson, 3) Sagan af Eiríki víðförla, 4) Sagan af Sörla sterka. Í skránni stendur (*SkráEink:8*) að handritið hafi verið skrifað af Sigurði Ófeigssyni á Suðurhól 1882.

1.4.2 Handrit í erlendum söfnum

Konungsbókhláða (Det Kongelige Bibliotek) í Kaupmannahöfn:

GKS 1006 fol (*KålKatKB:16*) (sjá nánari lýsingu síðar)

NKS 1147 fol (*KålKatKB:121*) (sjá nánari lýsingu síðar).

NKS 1754 4° (*KålKatKB:220*) (sjá nánari lýsingu síðar).

NKS 1801 4° (*KålKatKB:231*) (sjá nánari lýsingu síðar)

Kall 611 4° (*KålKatKB:382*) (sjá nánari lýsingu síðar)

Ríkisskjalasafnið (Riksarkivet) í Stokkhólmi:

Säfstaholm I papp 12 (*SkráSäfstaholm:5*)

Í þessu handriti er sænsk þýðing af Hálfðanar sögu („Sagan om Halfdan Branas Fosterson“) og er hún 23 bl.

Konunglega bókasafnið (Kungliga Biblioteket) í Stokkhólmi

Fimm handrit sem koma HBr við eru í Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi:

Holm papp 56 fol (*GödelKatSth:165–68*) (sjá nánari lýsingu síðar).

Holm papp 2 4° (*GödelKatSth:259–61*) (sjá nánari lýsingu síðar).

Holm papp 17 4° (*GödelKatSth:282–87*) (sjá nánari lýsingu síðar).

Holm papp 38 4° (*GödelKatSth:310–11*) (sjá nánari lýsingu síðar).

Engestr 19 fol (B:II,1) (*GödelKatSth:392–93*)

Þetta handrit er 32,5 x 20,5 sm að stærð og 39 bl. Það inniheldur útdrætti 19 sagna á sænsku. HBr er nr. 13 í röðinni og er á bl. 25–27.

Háskólabókasafnið í Lundi

LUB pappírshandrit (áður Bibl. Mscr. H. b) SagaL. 4° 4) (*SkráSvíþjóð:9(35)–10(36)*)

Þetta pappírshandrit er um það bil 19,8 x 16 sm og 476 bl. Það er skráð um miðja 18. öld og á því eru tvær hendur. 24 sögur eru í handritinu og er „Sagann af Halfdane Brønu Föstra“ (hönd II) nr. 12.

Um feril þess segir í handritaskránni (*SkráSvíþjóð:10(36)*): „Framan á fremra spjaldi er þrykkt eigandanafn: „Johannes Arnæus possessor libri“. Mun það vera Jón Árnason sýslumaður á Ingjaldshóli (1727–1777).“ Síðan hefur handritið borizt til Svíþjóðar.

Háskólabókasafnið í Uppsölum

UppsUB W 80 (*SkráSvíþjóð:19*): „skr. seint á 18. öld.“

UppsUB R 697 4° (*GödelKatUps:43–45*) (sjá nánari lýsingu síðar).

UppsUB R 706 4° (*GödelKatUps:54–56*) (sjá nánari lýsingu síðar).

British Museum

Í British Museum eru tvö handrit sem geyma Hálfðanar sögu.

BLAdd 4860 fol (*SkráBMAdd:241, SkráBMNum:105, SkráBMRomance:57–58*) (sjá nánari lýsingu síðar)

BLAdd 11162 4° (*SkráBMNum:153–155*) (sjá nánari lýsingu síðar)

Westdeutschen Bibliothek, Marburg (nú Berlín)

Ms. Germ. Quart. 936 (*SkráGerm:159*)

Þetta pappírshandrit er 152 blöð og er frá 19. öld og var í eigu Grimmsbræðra. Hálfðanar saga er á blöðum 44r–60r og er fjórða ítemið af sjö í handritinu. Samkvæmt upplýsingum í handritaskrá eru ítem 2–7 rituð eftir útgáfu Björners 1737.

Universitätsbibliothek Rostock

Mss.philol. 78 (áður Scan. fol 55 og var í Bibliothek der Mecklenburgischen Ritter- und Landschaft Rostock) (*SkráRostock*)

Þetta handrit er 1387 bls. og á titilblaði stendur að það sé ritað í Stokkhólmi 1725. Hálfðanar saga á sænsku er á bls. 785–830.

1.5 Aukatákn og uppskriftarreglur

Þau tákn sem ég nota í uppskriftunum eru þessi (dæmi úr 589e):²⁷

|, lóðrétt strik merkir nýja línu í handriti; uppi hægra megin við strikið fylgir tala sem sýnir númer línunnar sem kemur á eftir. Ef orð skiptist milli lína er hvorki haft bil á undan eða eftir lóðrétt strikinu, t.d. 16r23–24 ‘m|agr’ og 19r27–28 ‘Sigmun|dr’ en annars er haft bil á undan og eftir, t.d. 16r5–6 ‘er | uel’ og 19v10–11 ‘hauggr | hann’.

(), svigar merkja að það sem er innan þeirra er skammstafað í handriti með punkti eða tákni sem merkir ekkert ákveðið, t.d. 18r8 ‘Half(dan)’ og 19v37 ‘s(on)’.

∖, merkir að það sem er á milli þessara merkja er skrifað yfir línu í handriti, t.d. ‘Hann ∖sier’ 17r19.

∕, merkir að það sem er milli þessara merkja er skrifað á spássíu, jafnvel ofan textans eða undir. Ég nota líka þessi tákn ef orð eru skrifuð fyrir neðan línu, t.d. 15r41 ‘nei.tadi∕’.

*, merkir að það sem fer á eftir sé misritað á einhvern hátt. Ég vík hér frá venju því yfirleitt merkir stjarnan að orðið sem á eftir fer sé leiðrétt en formið í handritinu nefnt í neðanmálgrein.²⁸ Ég á hinn bóginn hef ranga formið á aðaltexta en greini frá rétttingartilgátum í athugasemdum.

{ }, endurtekið fyrir slyzni, eða skrifað án þess að vera leiðrétt, t.d. 15r23 ‘þegar hann {þegar hann}’.

< >, oddklofar eru settir utan um stafi, orð eða setningar sem útgefandi telur að hafi fallið niður af vangá, t.d. 14r32 ‘ku<m>pana’.

[], hornklofar eru settir utan um stafi, orð eða setningar sem eru ólæsileg í handriti vegna slits eða skemmda, 15v25–26 ‘H[00]|fdan’. Innan hornklofa geta verið stafir sem hugsanlega standa þar.

0000, ólæsilegir bókstafir, eða stafir sem hafa verið skornir burt; fjöldi táknanna svarar nokkurn veginn til fjölda bókstafanna, t.d. 17r1 [...00 furdu stor 00] og 19v7–8 ‘h[0]|ifa’.

..., (þrír punktar) óvís fjöldi ólæsilegra bókstafa eða skorið í burtu, t.d. 19v36 ‘[...]fifa’.

Punktar eru settir inn þar sem þörf er á þeim þar sem engin greinarmerki eru í handriti og eru þau tilvik ekki sérmerkt.²⁹ Einnig eru settir punktar á undan og eftir rómverskum tölum sem stundum er gert í handritinu. Hástafir eru hafðir í sérnöfnum og örnefnum og einnig

²⁷ Stuðst er við Guðvarð Má Gunnlaugsson (1998:276) og Stefán Karlsson (1963:lxvii–lxviii).

²⁸ Stefán Karlsson (1963:lxviii): „det følgende ord rettet af udgiveren; originalens form meddeles i en note.“

²⁹ Punktur í uppskriftinni getur bæði staðið fyrir punkt og kommu. Þar sem hann stendur fyrir kommu er næsta orð ekki með stórum staf.


við upphaf málgreinar þó svo sé yfirleitt ekki gert í handritinu. Há- og lágstafir eru samræmdir.

Eftirfarandi táknum er skipt út: 's' er sett í staðinn fyrir 'f', 'y' er sett í staðinn fyrir 'ý', 'æ' fyrir 'ǣ, æ' og 'i' fyrir 'í'.

Tafla 1 Stemma

Rökstuðningur fyrir skyldleika er í lesbrigðaköflunum


a-gerð:



AM 591 e 4°?

BLAdd 111624°?

b-gerð:



Tafla 2 Samanburður á fyllileika Hálfðanar sögu í 589e og 571

Þessi tafla sýnir hve stór hluti Hálfðanar sögu er varðveittur í aðalhandritunum tveimur 589e og 571, sem bæði eru óheil, samanborið við textann í *FsN* III:559–91 (152 aðalhandrit). Blaðsíðutöl eru þaðan.

***FsN* III (152):**

559

591¹¹

589e

591⁴

571

566²⁷ ok fjárlut

582¹⁰⁻¹¹

588²¹

Tafla 3 Handrit Hálfðanar sögu Brönufóstra í aldursröð

Tímasetningar handrita frá því fyrir 1550 eru úr *ONPReg* en annars úr handritaskrá (sjá hér að framan). Útgáfur sögunnar eru skálettraðar.

Skinnhandrit

AM 589e 4° (ca. 1450–1500)

AM 152 fol (ca. 1500–25)

AM 571 4° (ca. 1500–1600)

NKS 1147 fol (ca. 1600–1700)

Pappírshandrit

AM 568 4° (ca. 1600–1650)

UppsUB R 697 4° (ca. 1600–1700)

Holm papp 17 4° (ca. 1640–71)

AM 297 b 4° (ca. 1650–1700)

Holm papp 38 4° (ca. 1650–1700)

UppsUB R 706 4° (ca. 1650–1700)

Holm papp 2 4° (ca. 1650–1700)

JS 28 fol (ca. 1660)

JS 27 fol (ca. 1670)

JS 166 fol (ca. 1679)

ÍBR 6 fol (1680)

Holm papp 56 fol (ca. 1695)

Lbs 272 fol (ca. 1700 „eða laust fyrir“)

AM 294 4° (ca. 1700)

AM 295 4° (ca. 1700)

AM 297 a 4° (ca. 1700)

Kall 611 4° (ca. 1700)

AM 296 4° (ca. 1700–25)

AM 164 h fol (ca. 1700–25)

GKS 1006 fol (ca. 1700–1800)

BLAdd 4860 fol (ca. 1700–1800)

ÍB 233 4° (ca. 1700–1800)

Lbs 2121 4° (18. og 19. öld)

Lbs 2233 8° (18. og 19. öld)

Lbs 840 4° (1737)

Biörner 1737

Lbs 1622 8° (1744)

ÍB 228 4° (ca. 1750)

LUB papp fol (ca. 1750)

NKS 1754 4° (ca. 1750–1800)

NKS 1801 4° (ca. 1750–1800)

AM 591 4° (ca. 1750–1800)

BLAdd 11162 4° (ca. 1750–1800)

ÍB 517 8° (1778–1811)

HSK 452 4° (ca. 1780)

Lbs 154 4° (1787–94)

JS 270 8° (1795–96)

JS 12 8° (ca. 1800)

ÍB 497 4° (ca. 1800)

Handrit á Byggðasafninu á Skógum 4° (ca. 1800)

MS Germ Quart 936 (ca. 1800–1900)

Lbs 1762 4° (ca. 1812)

Lbs 221 fol (1819–32)

JS 383 8° (ca. 1820–40)

FsN III (1830)

ÍB 206 4° (ca. 1830)

Lbs 351 8° (ca. 1850)

Handrit á Héraðskjalasafni Borgarfjarðar („eftir 1860“)

Lbs 1943 4° (1877–78)

Lbs 3936 4° (ca. 1880–83)

Lbs 1510 4° (1880–1905)

Handrit í eigu Jóns Ófeigssonar (1882)

UppsUB W 80 („skr. seint á 18. öld.“)

Pýðingar (á sænsku)

Mss.philol. 78 (19. öld)

Säfstaholm I papp 12

Engestr 19 fol (B:II,1)

2 Hugleiðingar um uppskriftir

2.1 Norræna hefðin

Í útgáfum á norrænum miðaldatextum hefur myndast uppskriftarhefð sem kenna má við Jón Helgason (1899–86), prófessor og forstöðumann Det arnamagnæanske Institut til margra ára³⁰ og að vissu leyti forvera hans Finn Jónsson prófessor.³¹ Helztu einkenni þessarar hefðar eru að ekki er sýnt í uppskriftinni þegar leyst er úr böndum, flest sérhljóðatáknaafbrigði eru sýnd en færri samhljóðatáknaafbrigði, greinarmerkjasetning samræmd og einnig há- og lágstafir.³² Jón Helgason setti þó aldrei skipulega niður hvað greindi norrænu textafræðina frá þeirri klassísku (sjá Örnólf Thorsson 1990:48, Jensen 1989:211). Lítið hefur verið skrifað um fræðilegar kenningar í norrænni fílólógíu heldur verkin frekar verið látin tala.³³ Þó eru undantekningar frá þessu og t.d. hefur Odd Einar Haugen (1985, 1987, 1988, 1990, 1992 o.s.frv.) skrifað allmikið um aðferðafræði textafræðinnar á síðustu árum.

Sú útgáfa sem hefur haft mest áhrif á táknnotkun er líklega útgáfa Stefáns Karlssonar á íslenskum frumbréfum til 1450 (1963).³⁴ Flestir sem hafa gefið út texta hjá Árnastofnunum tveimur hafa notað það táknakerfi sem Stefán setur fram í henni (1963:lxvii–lxviii).³⁵

Á síðustu áratugum hafa nokkrir fræðimenn athugað grundvöll þessarar stefnu. Helle Jensen lektor á Árnastofnun í Höfn hvatti mjög til umræðu um uppskriftarvenjur (sjá

³⁰ Sbr. Jensen (1989:211): „Den undersøgelsesstrategi og de udgivelsesmønstre, som nu anvendes af så godt som alle, der arbejder med kritisk udgivelse af norrøne tekster, er i al væsentlighed fastlagt af Jón Helgason [...]“

³¹ Í Noregi hefur lengst af þessa öld og þá síðustu verið fylgt nokkuð annarri stefnu í útgáfumálum en á Íslandi og í Danmörku. Meira hefur verið þar um stafbrigðaréttar uppskriftir þar sem sýnt er hvernig leyst er úr böndum og lítið um útskiptingar sjaldgæfra tákna (t.d. r rotunda ‘r’, ‘f’, engilsaxneskt f ‘þ’, engilsaxneskt d ‘ð’) fyrir algengari. Sérstaklega á þetta við um útgáfur Kjeldeskriftfondet, t.d. Indrebø (1920) og Holm-Olsen (1945), Holm-Olsen notar t.a.m. ‘þ’ í stað ‘v’.

³² Haraldur Bernharðsson lýsir í stuttu máli Árnastofnanahefðinni í ritdómi um útgáfu Ólafs Halldórssonar á Mattheuss sögu (1997:256–57): „[...] en aðaltextinn, AM 645 4to, er prentaður „hálfstafrétt“, eftir aðferð þeirri er lengi hefur tíðkast á stofnunum Árna Magnússonar á Íslandi og í Kaupmannahöfn. Þar eru upplausnir banda ekki auðkenndar og sérnöfn prentuð með stórum upphafsstaf, en auk þess er lesið á íslensku úr latneskum orðum og böndum og íslensku orðin skáletruð.“

³³ Sbr. orð Rindals (1990:218): „Det har skjedd lite innanfor tekstkritikken i norrøn filologi frå midten av 1800-talet til i dag. Det er ikkje skrive nokon teoretiske eller metodiske arbeid innanfor feltet. Men dei tekstkritiske prinsippa er nytta i fleire avhandlingar. [...] Dei fleste tekstkritiske arbeid innanfor norrøn filologi byggjer på ei allment akseptert oppfatning av tekskritiske metodar. Det er sjeldan vi finn referansar til teoriverk om tekskritikk.“

³⁴ Stefán Karlsson (viva voce) tók mið af táknakerfi Holm-Olsen (1945:xix) við gerð síns kerfis. Til að mynda eru þaðan táknin ‘þ þ’ fyrir orð sem er búið að strika yfir. Stefán bjó síðan til út frá því ‘þ þ’ fyrir tvíritið orð. Einnig eru þaðan t.d. ‘\ /’ fyrir millilínubókstafi og ‘*’ fyrir leiðrétt orð. Dæmi um aðra táknnotkun hjá Holm-Olsen er að hann notar sviga ‘()’ fyrir það sem gleymst hefur að skrifa.

t.d. 1988, 1989) og var táknaðsamræming og samræmd stefna í uppskriftum aðeins eitt af því sem hún athugaði. Einnig hefur James Knirk (1985) ritað um þetta efni.

Haugen (1995:74–78) hefur sett ólíkar uppskriftartegundir upp í kerfi og hefur Guðvarður Már Gunnlaugsson þýtt flokka hans á íslenzku, bætt aðeins við of flokkað aðeins öðru vísi ([1996a]):

Mismunandi útgáfur á handriti (skáletranir innan sviga frá Haugen 1995):

I. Ljósprentuð útgáfa (= *fotografísk faksimile*).

II. Stafrétt útgáfa.

1. Bandrétt útgáfa, þ.e. allt í handriti prentað eins og það er (bönd prentuð) (= *faksimiletrykk*).

2. Stafrétt útgáfa (= stafkrókaútgáfa?),³⁶ þ.e. allt í handriti prentað eins og það er en leyst upp úr böndum (auðkennt) (= *strengt diplomatarísk utgåva*).

3. Stafrétt útgáfa en notkun leturbrigða (t.d. ‘r’ og ‘i’) samræmd, auðkennt hvernig leyst er upp úr böndum (= *diplomatarísk utgåve*).

III. „Lítilliga“ samræmd stafsetning.

1. Útgáfa þar sem upphafsstafir og greinarmerkjasetning hefur verið samræmd, en auðkennt hvernig leyst er upp úr böndum (= *lett normalisert utgåve*).

2. Sams konar útgáfa, en ekki auðkennt hvað er leyst upp úr böndum.

IV. Samræmd stafsetning.

1. Útgáfa með stafsetningu sem er samræmd til málstigs skrifarans.

2. Útgáfa með samræmdri stafsetningu forn máls (frá um 1200) (= *fullt normalisert utgåve*).

3. Útgáfa með nútímastafsetningu.

Uppskriftir mínar á AM 589 e 4° og AM 571 4° eru samkvæmt þessum lista með lítilliga samræmdri stafsetningu (Flokkur III,1) en þó er nokkur aðgreining stafbrigða, t.d. ‘r’ og ‘i’ (flokkur II 2).

Grundvallaratriði Árnastofnanahefðarinnar er að sýna allan mun á táknum sem hugsanlega getur haft hljóðkerfislegt gildi, þ.e. greinir að og er í fyllidreifingu, t.d. er þá greint á milli ‘a’ og ‘ǣ’ ef fyrra hljóðið stendur fyrir /a/ en hið síðara fyrir /á/. Á hinn bóginn er ekki sýndur munur á ‘r’ og ‘i’ vegna þess að dreifing þeirra er yfirleitt ekki hljóðkerfisleg. Annað aðalatriði í stefnunni er að setja almenn (algeng) tákn í stað sjaldgæfra stafabrigða („útskipting“). Dæmi um þetta er að í stað hins engilsaxneska ‘p’ er

³⁵ T.a.m. Haraldur Bernharðsson (1999). Haugen (1992:12) er hins vegar með aðeins flóknara kerfi sem virðist bæði byggt á kerfi Stefáns og Holm-Olsen.

³⁶ Guðvarður Már Gunnlaugsson (viva voce) notar nú nafnið „stafbrigðarétt útgáfa“ í staðinn fyrir „Stafrétt útgáfa (= stafkrókaútgáfa)“.

yfirleitt sett ‘f’ þó ‘þ’ sé einhaft fyrir /f/ í handritinu.

2.2 Hvaðan eru uppskriftartáknin komin?

Grunnbók í textafræði á þessari öld er Maas (1927, ensk þýðing 1958). Fróðlegt er að athuga hvaða aukatákn hann notar. Tvö tákn (< > og []) eru notuð af honum á sambærilegan hátt og í norrænu hefðinni. Hann lýsir muninum á þeim með þessum orðum (1958:22):

[...] The distinction between [] and < > is important. < > intimates that the very assumption that a lacuna exists is conjectural, while [] shows that a lacuna of known length has been filled up. [] should also be used where the tradition explicitly notes that the exemplar contained a lacuna.“
‘Munurinn á [] og < > er mikilvægur. < > gefur í skyn að það að gat er í textanum sé tilgáta en á hinn bóginn sýnir [] að gat af vissri lengd hefur verið fyllt.’ (þýðing mín)

Maas (1958:22) nefnir einnig önnur aukatákn. Ef endurtekið er fyrir slyzni eða skrifað án þess að vera leiðrétt (þar sem í norrænu hefðinni er notað | |) segir hann að nota eigi táknin ‘[[]’ eða ‘{ }’ og þar sem textanum er ekki viðbjargandi „for irremediable corruptions (where these can be localized)“ táknin ‘†’ sem samsvarar líklega ‘...’ og ‘000’ í norrænu hefðinni.

Mismunandi uppskriftarstig og tilgangur uppskrifta

Knirk lýsir vel grunnskyldum textafræðingsins við lesandann (1985:605–6):

Adequate and reasonable demands on the editor who moderates diplomatic principles are that he explain the degree of partial normalization, describe any details which are omitted, and indicate clearly any important deviations from the manuscript [...] Important details must not be lost, and it must be entirely clear what the editor is responsible for.

‘Nægjanlegar og sanngjarnar kröfur í garð útgefanda sem samræmir eitthvað er að hann segi frá hve mikið hann samræmir, lýsi öllu sem hann sleppir og auðkenni ef vikið er frá því sem stendur í handritinu [...] Ekki má sleppa mikilvægum atriðum og það verður að vera deginum ljósara hverju úgefandinn er ábyrgur fyrir.’ (þýðing mín)

Útgefandi texta verður alltaf að hafa í huga fyrir hvern útgáfan sé því að t.d. sögulegir málfræðingar og almenningur vilja hafa ólíkar útgáfur. Guðvarður Már Gunnlaugsson ([1996b]) nefnir nokkra ólíka lesendahópa með mismunandi útgáfuþarfir:

Leturfræðingar: Ljósprentuð útgáfa.

Hljóðkerfisfræðingar: Stafrétt útgáfa með athugasemdum við handritið.

Setningafræðingar: Útgáfa eins handrits með athugasemdum. Ekki þörf á stafréttri útgáfu, en allar breytingar útgefanda verða að vera ljósar.

Aðrir fræðimenn: „Textfræðileg“ útgáfa: útgáfa á erkiriti (þ.e. stofnriti) (eða codex optimus) með samræmdri nútímastafsetningu, skýringar við textann, athugasemdir við textann og handritin.

Lesbrigði.

Almennir lesendur: Útgáfa með nútímastafsetningu, skýringum við textann og nauðsynlegum orðskýringum.

Skólabörn: Útgáfa með nútímastafsetningu, miklum skýringum við textann og orðskýringum og æfingum.

Ómögulegt er fyrir útgefandann að gera öllum til hæfis og hann verður að velja lesendahóp eða búa til ólíkar uppskriftargerðir. Dæmi um slíkt er útgáfa Ólafs Halldórssonar á Mattheuss sögu (1994) þar sem hann gefur bæði út stafbrigðaréttu gerð textans (sjá flokk II,2 hér að framan) og aðra eftir samræmdri gerð forn máls (sjá flokk IV,2 hér að framan).

Það sem eftir er kaflans fjalla ég um ýmislegt tengt uppskriftum og vangaveltur mínar þar að lútandi.

2.3 Samræming

2.3.1 Greinarmerkjasetning

Í elztu íslenzku handritunum eru notuð allmörg ólík greinarmerki, t.d. eru í Íslenzku hómilfubókinni (um 1200) notuð punktur ‘.’, depilhögg ‘;’, tvípunktur ‘:’ og spurningarmerki ‘∞’ auk nokkurra annarra greinarmerkja (sjá de Leeuw van Weenen 1993:46, Seip 1954:63) en síðan fækkar þeim og í hinu mikla sagnahandriti Möðruvallabók eru 55830 dæmi um punkt en 11 um kommu og engin önnur greinarmerki koma fyrir (de Leeuw van Weenen 2000:47). Punktur ‘.’ er lengi vel langalgengasta greinarmerkið en í yngri handritum færast í vöxt notkun skástriks ‘/’. Veit ég ekki til þess að saga þess í íslenzkum handritum hafi verið rannsökuð.

Í mjög mörgum miðaldahandritum virðist greinarmerkjasetning ekki fylgja neinni reglu.³⁷ Stundum eru þau höfð í miðri setningu og stundum eru þau ekki sett á eðlilegum málsgreinaskilum. Einnig eru greinarmerki oft ógreinileg í handritum. Þessi óregla veldur vandræðum í uppskrift og erfiðleikum við lestur á uppskriftum þar sem fylgt er greinamerkjasetningu handrits. Vísindalegt gildi þess að fylgja nákvæmlega

³⁷ Sjá t.d. stafsetningarlýsingu Zitzelbergers (1987:lxxvi–lxxvii) á Holm perg fol 7.

greinarmerkjasetningunni virðist vera lítið og ef til vill æskilegt að samræma hana á einhvern hátt í uppskriftum. Millileið sem allmargir fylgja er að setja inn þau greinarmerki sem eru í handritinu en bæta þeim við innan oddklofa (t.d. <.) og </>) sem vantar.³⁸ Sá galli er á þessari leið að ekki er hægt að losna við greinarmerki sem er ofaukið. Mér dettur þó í hug að það væri hægt að auðkenna slík greinarmerki með |, t.d. |.| og |/, en slíkir svigar sýna annars aukaorð og tvítekningar sem á vel við um svona greinarmerki sem er ofaukið.

Annað vandamál sem kemur upp þegar greinarmerkjasetning er samræmd er hvaða greinarmerki á að nota. Á einvörðungu að nota ‘.’ eða einnig önnur nútímagreinarmerki, eins og kommur ‘,’ og spurningarmerki ‘?’. Mér finnst eðlilegast að hafa þá reglu við samræmingu greinarmerkja að nota eingöngu þau merki sem eru notuð í handritinu sjálfu. Yfirleitt er það aðeins ‘.’ og kemur þá upp vandamál í sambandi við það þegar þörf er á kommu ‘,’ í textanum, t.d. í upptalningu. Þrjár leiðir eru færar í slíkri stöðu: 1) nota ‘.’ í stað ‘,’ t.d. 589e 14r3–4 ‘.íj. bo|rn. sonu .íj.’; 2) sleppa því alveg að nota greinarmerki þar sem komma ætti að vera, ‘.íj. bo|rn sonu .íj.’ eða 3) nota kommu ‘,’ ‘.íj. bo|rn, sonu .íj.’. Allar leiðirnar hafa kosti og galla. Ef sú fyrsta er notuð tekur tíma fyrir lesandann að átta sig á því hvort punkturinn standi fyrir punkt eða kommu. Ein leið til að greina þarna á milli væri að hafa orðið sem fylgdi á eftir punkti sem stæði fyrir kommu („punktkommu“) með litlum staf en með stórum á eftir punkti sem stæði fyrir punkt.

Sá galli fylgir annarri aðferðinni að textinn verður torlæsari og vafamál geta komið upp varðandi lestur. Þriðja aðferðin, þ.e. að samræma greinarmerkjasetningu til nútímamáls, finnst mér ótæk nema í uppskriftum með samræmdri stafsetningu (flokkur IV hér að framan). Það er tímavilla (anachronismi) að nota kommur í handritum frá þeim tíma þegar kommur voru lítt notaðar. Sjálfum finnst mér fyrsta aðferðin vera skárst og nota ég hana í uppskriftum mínum á Hálfdanar sögu.

2.3.2 Há- og lágstafir

Há- og lágstafir tengjast greinarmerkjasetningu nánum böndum. Í flestum íslenskum miðaldahandritum er lítil regla á því hvernig þeir eru notaðir.³⁹ Þegar greinarmerkjasetning er samræmd í útgáfum er yfirleitt einnig samræmd notkun há- og lágstafa.⁴⁰ Á eftir punkti er þá hafður stór stafur og einnig í sérnöfnum og örnefnum. Slík samræming rýrir gildi

³⁸ Dæmi um slíka útgáfu er útgáfa Driscolls (1992) á Sigurðar sögu þögla.

³⁹ Knirk (1985:606) segir þetta um notkun há- og lágstafa: „Scribes were notoriously inconsistent with respect to capitalization, and it is frequently difficult to discern what the scribe meant to be capitalized. In general one might say that scribes used few capitals in the Middle Ages, whereas they used many capitals, somewhat at random, after the Reformation.“

⁴⁰ Á hinn bóginn hefur samræming há- og lágstafa ekki endilega í för með greinarmerkjasamræmingu (sbr. t.d. útgáfu Stefáns Karlssonar á Guðmundarsögum 1983).

uppskriftarinnar í staffræðirannsóknum, því þá eru t.d. felld saman táknið 'r', 's', 'S' og 's' í hástafnum 'S'. Útgefendur verða að gera upp við sig hvort þessi fórnarkostnaður vegi upp á móti meiri læsileika og skiptir þá máli fyrir hvern útgáfan er hugsuð.

Eitt sem flækir þessa há- og lágstafasamræmingu eru svokallaðir *hásteflingar* (lágstafir sem hafa útlit hástafa (*capitalis*)), t.d. 'r' og 'n' sem eru þeir algengustu.⁴¹ Aðeins er hægt að hafa hásteflinga í einni stærð því að ef þeir eru stækkaðir verða þeir venjulegir hástafir og ekki hægt að gera greinarmun á hástöfum af hásteflingum eða lágstöfum. Þetta gæti e.t.v. valdið ruglingi í einstaka tilfelli í uppskriftum þar sem há- og lágstafir eru samræmdir eins og í uppskriftum mínum.

Annað vandamál sem tengist hásteflingum er hvort á að sýna þá óbreytta í uppskrift t.d. 'r' og 'n' eða leysa þá upp, 'rr' og 'nn'. Einnig er óvíst hvað á að gera við hásteflinga með tvöföldunardepil eða annað tvöföldunarmerki yfir sér, t.d. 'ṛ' og 'ṅ'? Á að sýna tvöfaldan lágstaf 'rr' og 'nn',⁴² tvöfaldan hástefling 'RR' og 'NN' eða láta þá halda sér?⁴³ Yfirleitt er leyst úr lágstöfum sem hafa tvöföldunarmerki og er ekki ljóst afhverju aðrar reglur ættu að gilda um hásteflinga.

Samræming há- og lágstafa getur líka í undantekningartilfellum verið óviss. Dæmi um það er t.d. vandamálið með *norðrlönd/Norðrlönd*⁴⁴ og *kaupangr/Kaupangr*⁴⁵ sem fræðimenn hafa stundum verið í vandræðum með hvort á að túlka sem samnöfn eða örnefni.

Það sem mælir með samræmingu há- og lágstafa er að hún auðveldar lestur allmikið en á hinn bóginn rýrir slík samræming mikið gildi uppskriftarinnar í staffræðirannsóknum.

2.3.3 Eitt orð eða tvö?

Annað vandamál sem kemur upp við uppskrift er hvort eigi að fylgja orðskiptingu handrits eða uppruna- og nútímavenju um skiptingu orða. Í miðaldahandritum er algengt að spyrða orð saman sem ekki eiga saman samkvæmt uppruna og skilja í sundur önnur sem eðlilegt er að standi saman. Dæmi (úr 589e) um „spyrðingu“ eru t.d.: 17v11 'jlandi', 37 'jstad' og um „aðskilnað, klofningu“: '14r2 Reidgota landi', 4 'á siona'. Algengasta tegund „spyrðingar“ er líklega það þegar forsetning er skrifuð saman með eftirfarandi fallorði og er slík spyrðing látin halda sér í sumum útgáfum þó annars sé orðaskipting samræmd í því.

⁴¹ Um hásteflinga sjá t.d. Seip (1954:57–59), Widding (1934:362).

⁴² Eða 'rrr' og 'nnn'!

⁴³ Stefán Karlsson (1983:liii) segir þetta um uppskrift sína á Guðmundar sögu A: „Hásteflingum (*G, M, N* og *R*) er haldið (og prentað *g* þegar svo er skrifað, en *g* leyst upp *gg*), þegar þeir eru í stöðu lítilla stafa.“

⁴⁴ Sjá Ólaf Halldórsson (1988:13).

⁴⁵ Sjá Bjarna Einarsson (1985:cxxx).

Eitt af því sem mælir á móti því að halda skiptingu handritsins í eitt orð og tvö er að oft er erfitt að sjá hvenær eru bil og hvenær ekki milli orða og orðhluta og lítið vitað um skynjun miðaldamanna á þeim. Í langflestum útgáfum miðaldtexta eru mislöng bil samræmd.⁴⁶ Hið eina sem vit er í er að þeir fræðimenn sem hafa áhuga á að rannsaka eitt orð eða tvö og bil milli orða og orðhluta snúi sér að ljósprentuðum útgáfum.⁴⁷

Annað sem mælir á móti því að fylgja handritinu í skiptingu orða er að þegar orði er skipt milli lína er ekki hægt að vita hvort skrifarinn hefði skrifað það í einu lagi eða tvennu ef það hefði verið ritað í eina línu. Dæmi um þetta er orðið *skemmumeyjar* (t.d. 589e 15r14–15) sem óvíst er hvort á að tákna ‘skemmu | meyjar’ eða ‘skemmu|meyjar’ á línuskilum í því kerfi sem ég nota ef bil eru ekki samræmd.

Yfirleitt samræma útgefendur texta þessa hluti og er það skoðun mín að einhver samræming há- og lágstafa, eins orðs og tveggja og greinarmerkjasetningar sé mjög æskileg samanber orð Knirk (1985:608), sem gerir þó e.t.v. of lítið úr gildi þessara hluta í skriftarrannsóknnum:

Within the foreseeable future details of scribal capitalization, word division, and punctuation will be of limited interest as objects of research, word division being perhaps the most interesting of the three [...]. A degree of normalization in all three areas would increase readability tremendously and should be acceptable, as long as the editor outlines scribal practices and his editorial procedures in the introduction.

‘Í nánustu framtíð mun há- og lágstafasetning skrifara, orðaskipting og greinarmerkjasetning hafa lítið gildi í vísindarannsóknnum. Þó er orðaskipting ef til vill forvitnilegust. [...] Einhver samræming á öllum þremur sviðum eykur læsileika gríðarlega og ætti að vera ásættanleg svo fremi sem útgefandinn lýsi skrifarasérkennum og útgáfuvenjum sínum í inngangi.’ (mín þýðing)

2.4 Sérhljóða- og samhljóðatákn

Táknun sérhljóðaafríðna í uppskriftum er nokkuð á reiki en þó er í mörgum útgáfum mikil aðgreining, t.d. er oft greint á milli táknanna ‘ǣ’, ‘ǣ’, ‘æ’ og ‘ǣ’. Mér hefur dottið í hug að kalla þetta „broddastefnuna“ því hún felur það í sér, að minnsta kosti við fyrstu sýn, að sérhljóð eru aðgreind sem broddur eða önnur slík aukatákn eru yfir.

Á hinn bóginn er sú stefna að skipta út sjaldgæfum sérhljóða- og samhljóðatáknnum („útskipting“) fyrir algengari ef sjaldgæfa táknid er ekki í neinni andstöðu við önnur tákn fyrir sama fónem. Dæmi um þetta er ‘y’ sem er yfirleitt táknað ‘y’ í uppskriftum en ‘i’ er

⁴⁶ Eina útgáfan sem ég man eftir þar sem reynt er að sýna mislöng bil er hin stafbrigðaréttu útgáfa Dahlerups á Ágripi (1880). Þar sem vafi lék á hvort um eitt eða tvö orð væri að ræða sýndi hann nákvæmlega stærð bilsins en ef greinilega var bil milli orða var venjulegt bil í uppskriftinni. Þessi leið Dahlerups er sannfærandi en svo til óframkvæmanleg í útgáfum. Dahlerup fjallar um erfiðleikana við að greina á milli eins orðs og tveggja í inngangi við útgáfunna (1880:xxxv–xxxvi).

⁴⁷ Sbr. orð Knirk (1985:608): „[...] the strong element of editorial subjectivity present in determining word division diminishes the value of the printed edition for such investigations and will most likely force scholars to the manuscript itself.“

skipt út fyrir 'i' (nema í stafbrigðaréttum uppskriftum) og er í fyrra tilvikinu depill numinn í burtu en í því seinna bætt við depli. Dæmi um útskiptingu samhljóða er notkun 'f' og 'd' í staðinn fyrir 'þ' og 'ð'. Enn eitt dæmi um slíka útskiptingu er þegar 'æ' er notað í stað 'ǣ', 'æ' eða 'ǣ' sem er yfirleitt gert í útgáfum. Spurningin er hver ástæðan sé fyrir þessari samræmingu og hvort hún sé ekki í ósamræmi við t.d. aðgreiningu tákna fyrir /a/ og /á/: 'a', 'á', 'ǣ', 'æ' og 'ǣ'? Svarið við því er að *æ*-límingarnir tákna í sumum handritum langt /á/ en ekki /a/. Munurinn á *a*-táknunum í slíkum tilvikum er hljóðkerfislegur. *Æ*-táknin greina hins vegar ekki á milli langs og stutts /æ/ heldur er munurinn á þeim aðeins staffræðilegur (grafemískur). Svipað er að segja um sérhljóðabroddinn yfir 'í' (og 'j'). Í uppskriftum er yfirleitt ekki sýndur broddur yfir 'í' ('j') heldur er notað 'i' ('j').⁴⁸ Ástæðan fyrir þessu er að broddurinn yfir 'í' hefur ekki hljóðkerfislegan tilgang heldur það hlutverk í handritum að greina 'i' frá 'n' og 'm' (sbr. Lindblad 1952:150–52). Þörfin á broddi yfir 'j' til að aðgreina það frá 'n' og 'm' virðist hins vegar ekki vera jafnmikil því ekki er eins mikil hætta á því að ruglast sé á 'j' og 'n' eða 'm' og á 'i' og 'n' eða 'm'. Í uppskrift minni á 589e greini ég að 'j' og 'j' en ekki 'í' og 'i'.

Minni aðgreining er yfirleitt gerð á samhljóðum, t.d. er yfirleitt ekki í útgáfum greint á milli mismunandi tákna fyrir /s/ ('s', 'f' og 's') og /t/ ('r', 't' og 'r') enda hefur slík táknaaðgreining eingöngu staffræðilegt gildi (við athugun á dreifingu stafabrigða eftir stöðu í orði o.s.frv.) en ekki hljóðkerfislegt.⁴⁹

Annar munur á sérhljóða- og samhljóðatáknun er meðferð líminga (þ.e. fastra tákna sambanda). Yfirleitt eru allir sérhljóðalímingar sýndir með sértáknum en ekki grunntáknum límingsins, t.d. 'æ' en ekki 'aa' og 'a' en ekki 'av' en á hinn bóginn eru samhljóðalímingar yfirleitt leystir upp í grunnþætti sína, 'ck' í stað 'ck' og 'pp' í stað 'pp'. Ástæðan fyrir þessum mun er sú sama og fjallað er um hér að framan að um samhljóð gilda (yfirleitt) staffræðileg rök en um sérhljóð (hugsanlega) hljóðkerfisleg rök.

2.5 Bönd og styttingar

2.5.1 Munurinn á böndum og styttingum

Í flestum útgáfum eru hafðar innan sviga svokallaðar styttingar. Munurinn á styttingum og böndum er oft óljós. Cappelli (1967:xii–xlix) flokkar latneskar skammstafanir í sex flokka: 1) *Abbrivature per troncamento* 'stýfing', 2) *Abbrivature per contrazione* 'samdráttur', t.d. 'ba' fyrir 'beata'; 3) *Segni abbreviati con significato proprio* 'styttingarmerki fastrar merkingar', t.d. '&' fyrir *et*; 4) *Segni abbreviati con significato relativo* 'styttingarmerki

⁴⁸ Þó er greint á milli 'i' og 'í' t.d. í útgáfu Zitzelbergers (1987) á Konráðs sögu keisarasonar.

⁴⁹ Johansson (1997) hefur fjallað ítarlega um grafem í miðaldatextum.

óskilgreindrar merkingar', t.d. 'q' fyrir *qui*; 5) *Abbreviature per lettere sovrapposte* 'millilínubókstafir' og 6) *Segni convenzionali* 'sértákn'.

Ein ítarlegasta umfjöllunin um norrænar skammstafanir (í elztu handritum) er hjá Hreini Benediktssyni (1965:85–95) en hann flokkar þær (*abbreviations*) í fjóra flokka:

- 1) stýfing (*suspensions*), t.d. 'b.' ('.b.') f. 'borg'.
- 2) samdráttur (*contractions*), það sem er á milli tákna fellt niður, t.d. 'kngi' f. 'konungi'.
- 3) millilínubókstafir (*superscript letters*), t.d. 'v^l' f. 'var' og 'v^lþa' f. 'virþa'. Ólíkt flestum öðrum fræðimönnum lítur Hreinn svo á að uppskrifaða stafinn eigi ekki að skáletra, t.d. 'fara' en ekki 'fara'
- 4) sértákn (*special signs*), t.d. *ur*-bandið og 'm'-rúnin (Υ) fyrir 'maðr'.

Meira hefur verið gert af því að skilgreina styttingar og er þeim t.a.m. lýst svo hjá Guðvarði Má Gunnlaugssyni (1998:276): „(), svigar merkja að það sem er innan þeirra er skammstafað í handriti með punkti eða tákni sem merkir ekkert ákveðið.“⁵⁰ Skilgreiningar á böndum eru hins vegar fáar. Mér dettur í hug að líklega sé bezt að skilgreina þau sem andstæðu styttinga, þ.e. *bönd eru táknuð með tákni (bandi) sem merkir eitthvað ákveðið*. Svo er að sjá hvernig þessi aðgreining stentz nánari skoðun.

Um skilgreininguna á styttingu er þetta að segja. *Punktur* er allvel afmarkað tákn, þ.e. '.', en ekki „tákn sem merkir ekkert ákveðið“. Sú skilgreining nær einnig yfir mörg bönd því oft felst upplausn þeirra ekki í þeim, t.d. þarf að leita til forngrísku að uppruna π-bandsins sem merkir *ra* eða *ar*. Á hinn bóginn vísuðu svokölluð „stafabönd“, t.d. 'e' og 'o' fyrir *re/er* og *ro/or* meira til upplausnarinnar, þ.e. 'e' og 'o' eru hluti af henni, en vegna málbreytinga og breytinga á táknanotkun hafa sum þeirra stirðnað og sýna eldra málstig en handritið.⁵¹ Annað dæmi um „stirðnað band“, eins og hægt væri að kalla svona bönd, er 'c' yfir samhljóðum, t.d. 'm^c' fyrir 'mic'/'mik' sem verður svo síðar þegar /k/ önglhjóðast 'mig'. Óljóst er einnig með sum strik, eins og til dæmis 'h' fyrir 'hann', hvort þau teljist til banda eða styttinga. Ekki er hægt að hafa skilgreininguna á böndum þannig að aðeins sé ein möguleg upplausn á þeim, t.d. *ur* af *ur*-bandi því oftast eru að minnsta kosti tveir kostir, t.d. *ur* eða *u*, *u* eða *o* í áherzlulausri endingu eða *ra* eða *ar* af π-bandinu. Í raun eru öll bönd óráð, þau eru nokkurs konar erkigrafem sem ná yfir grafemísk afbrigði, sbr. áherzlulause sérhljóðið [I] sem hefur allógrafemin 'e' og 'i'. E.t.v. ætti því að nota slík fónem við upplausn því þau eru nákvæmasta örugga táknið sem hægt er að nota, t.d. *farIr*, *forY*.⁵²

⁵⁰ Nýtt notagildi fyrir sviga gæti verið að hafa þá utan um uppleyst bönd sem óljóst er hvernig á að leysa upp, t.d. *k(on)gur* (sem gæti einnig verið *k(onun)gur* og halda þá skáletruninni til að sýna að um band sé að ræða en ekki styttingu.

⁵¹ T.a.m. fóru ^e og ^o síðar að tákna *ir/ri* og *ur/ru*.

⁵² Í styttingum hins vegar er enn meiri óvissa um upplausn og því ekki einu sinni hægt að nota þessi erkigrafemtákn.

Tveir af aðalflokkum styttinga eru sagnir og nöfn.⁵³ Í fyrri flokknum eru algengar sagnir (oft *verba dicendi*) eins og *mæla* og *segja*. Aðalvandamálið við upplausn slíkra styttinga er oft hvaða í tíð þær eru í, þ.e. nútíð eða þátíð, t.d. ‘m(æ)lir’ eða ‘m(æ)lti’.

Hinn aðalflokkur styttinga eru nöfn sem oft er alls ekki hægt að ráða í nema út frá samhenginu, eins og t.d. G(ísli), G(unnarr). Það finnast mér vera hinar raunverulegu styttingar.

Nánari skilgreining á styttingum sem mér dettur í hug og sem ekki er eins tvíræð og venjulega skilgreiningin er að skilgreina styttingar þannig í fyrsta lagi að á undan „óræða“ táknu megi aðeins fara **eitt** tákn, t.d. ‘k(onungr)’, ‘G(rettir)’ og aðeins tvö tákn ef síðara tákn er ekki hluti af óstytta orðinu, t.d. ‘bb’ fyrir ‘brædur’ eða í samsettum orðum, t.d. ‘bb’ fyrir ‘Birkibeinar’ eða ‘fostbb.’ fyrir ‘fostbrædr’ (t.d. 589e 16v3). Þetta mundi útiloka það að leysa upp t.d. ‘k(on)gur’ í stað 571 4r29 ‘kongur’. Í öðru lagi væri reglan sú að á eftir styttingu mætti ekki fara neitt, t.d. ‘k(ongr)’ (en ekki ‘*k(ong)r’), nema í samsettum orðum, t.d. ‘k(ongs)s(onr)’.

Dæmi um upplausn sagnarinnar mæla ætti að sýna fram á hve erfitt það getur verið að skilja á milli banda og styttinga. Á að leysa úr ‘mli’ með ‘m(æ)l(t)i’ eða mælti? Skilgreiningin á styttingu er óræður punktur eða krulla með óræða merkingu. Í þessu dæmi er ekkert ákveðið band sem stendur fyrir ‘æ’ og ‘t’ heldur er oft einhvers konar óræður krókur á ‘l’ (t.d. í 589e) og ætti þetta því að falla undir styttingu en á hinn bóginn er þetta allföst stytting sem líkist að því leyti böndum. Stefán Karlsson fjallar um þetta vandamál í útgáfu sinni á Guðmundarsögum (1983:lxix): „Þt. af ‘mæla’ er oftast bundin þannig að skrifað er ll með lykkju í t.d. mlltu 182.18, mæll 182.19 og mll 7.52; því er leyst upp mæl(lt-), enda þótt aðeins sé skrifað ml með lykkju, t.d. mæl(ltu) 187.13 og mæl(lti) 239.19.“ Stefán setur ekki ‘æ’ innan sviga líklega vegna þess að það er ekki óvíst,⁵⁴ þ.e. engin óvissa eða val á milli fleiri möguleika. Hins vegar er óvissa um það hvort sögnin er í nútíð eða þátíð: ‘mæl(lti)’ eða ‘mæl(ir)’ og því setur hann þann hluta orðsins innan sviga.

Önnur leið út úr þessu vandamáli er að sleppa því að nota sviga og skáletra allt sem er uppleyst eins og t.a.m. er gert í útgáfu Firchow og Grimstad (1989) á *Elucidariusi*. Skilin milli banda og styttinga eru svo óljós að vel má rökstyðja þá leið en samt er einhver aðgreining (eða stigsmunur) á böndum og styttingum sem fer þá forgörðum. Í útgáfum með samræmdri stafsetningu þar sem upplausn banda er ekki sýnd er mikilvægt að geta sýnt óvissuna í upplausn styttinga með svigum, sbr. útgáfu Stefáns Karlssonar.

⁵³ Björn K. Þórólfsson (1950:125): „Eiginlegar skammstafanir eru tvenns konar. Sumar hafa fasta merkingu [...] En þó að margar skammstafanir megi telja fastar, er hitt mjög algengt, að ráða verður af sambandinu, hver hin skammstöfuðu orð séu.“

⁵⁴ Stefán notar ekki skáletranir í útgáfunni.

Nýjasta flokkun banda og styttinga er hjá Guðvarði Má Gunnlaugssyni (2000 væntanlegt). Þar er þeim skipt í fimm flokka:

1. Styttingarmerki fastrar merkingar, t.d. nefhljóðsband, 'ir'-band, ';' fyrir 'eð' í orðinu 'með' o.s.frv.

2. Styttingarmerki óskilgreindrar merkingar. T.a.m. strik í gegnum bókstaf eða yfir staf, t.d. í gegnum efri legginn á 'þ' fyrir 'það'. Einnig eru orð (mannanöfn) stytta með því að skrifaður er fyrsti bókstafurinn og settur punktur fyrir aftan (og framan), t.d. '.G.' fyrir 'Gunnarr' eða 'Guðmundr'.

3. Millilínubókstafir. T.d. 'a' sem táknar oftast 'ar' eða 'va' og 'i' sem táknar 'il' fyrir ofan 't'

4. Samdráttur. Fyrsta og síðasta bókstaf í orði er haldið og beygingarendingum (og oft einhverjum staf inni í miðju orði), t.d. 'ld' fyrir 'land'. Oftast eru einhver strik í gegnum leggina.

5. Stýfing. Aðeins einn eða tveir stafir skrifaðir og stýfingin sýnd með punkti, striki yfir eða gegnum bókstaf, t.d. er so. skulu og beygingarmyndir af því oft stytta í "kl'.

Þessi flokkun hefur ýmsa kosti, t.a.m. eru nöfn bandanna og styttinganna lýsandi fyrir eðli þeirra og kerfið hugsað frá grunni út frá íslenskum venjum. Mér finnst þó mannanafnastyttingar eins og 'G.' fyrir 'G(unnarr)' eða 'G(uðmundr)' og föst bönd 'þ' fyrir 'þat' ekki eiga heima í sama flokki. E.t.v. er þörf á sex flokkum (sbr. Cappelli 1967). Flokkum 1 og 2 væri hægt að skipta upp í þrjá flokka: 1) bandamerki fastrar merkingar, 2) bandamerki óskilgreindrar merkingar, t.d. 'þ' fyrir 'þat' og 3) styttingarmerki óskilgreindrar merkingar, t.d. 'G.'.

2.5.2 Munurinn á böndum og yfirskrifuðum stöfum

Skilin á milli banda og styttinga eru oft óljós (sbr. umræðuna hér að framan) og einnig getur verið óljós munurinn á uppskrifuðum staf og bandi. Þetta vandamál kemur upp þegar millilínubókstafur stendur í einhverju ákveðnu umhverfi fyrir einn staf, t.d. 15v13 'Þetta' og 15v18, 22, 16r2 'þetta'.⁵⁵ Ætti e.t.v. að flokka slík „bönd“ með uppskrifuðum stöfum og þá 15v13 'Þetta'? Uppskrifaðir stafir fylgja ekki reglu og eru yfirleitt skrifaramistösk, þ.e. skrifarinn gleymir tákni og bætir því síðar við fyrir ofan orðið, en hvað á að gera í tilviki eins og þessu þar sem ásetningur skrifara virðist vera að rita orðið þannig? Þá vaknar sú spurning hvort hvert uppleyst band þurfi ekki að vera meira en einn stafur til að geta talizt band. Bönd binda vitaskuld saman tákn (eins og felst í orðinu) og aðaltilgangurinn með þeim er að stytta texta en eitt tákn er varla hægt að stytta þó það taki minna pláss

⁵⁵ Í handritinu stendur 'Þetta' og lítur bandið út eins og *re/er*-band en stendur hér aðeins fyrir *le/*.

uppskrifað?

Í útgáfum er yfirleitt greint á milli hvort um meðvitaðan rithátt er að ræða (mörg dæmi) eða pennaglöp (eitt eða örfá dæmi). Í fyrra tilvikinu er þetta flokkað með böndum t.d. 'þetta' en í síðara tilvikinu með yfirskrifuðum stöfum 'Þetta'.

2.5.3 Upplausn banda og styttinga

Eitt helzta einkenni Árnastofnanahefðarinnar hefur verið það að upplausn banda hefur ekki verið sýnd eða auðkennd. Þetta hefur verið gagnrýnt af sumum og þá sérstaklega málfræðingum.

Rökin fyrir því að sleppa því að auðkenna upplausn banda eru meðal annars þau að slíkar skáletranir orða torvelda lestur og auk þess er mjög erfitt að prófarkalesa uppskriftir þar sem upplausn banda er sýnd.

Rökin fyrir því að auðkenna það sem leyst er úr böndum eru meðal annars þau að texti þar sem þau eru ekki auðkennd gagnast takmarkað í málfræðirannsóknum.⁵⁶ Málfræðigildi uppleysts tákns er miklu minna en sams konar tákns sem skrifað er fullum fetum. Einnig getur verið vafamál hvernig eigi að leysa úr böndunum og er þá rétt að lesandi viti hvað er bundið og hvað ekki. Uppleyst bönd eru alltaf tilgáta útgefanda og tilgátur er nauðsynlegt að auðkenna til að afvegaleiða ekki lesandann. Í inngangi flestra útgáfna eru tínd til rökin fyrir upplausn banda en að nefna þessa aðgreiningu eingöngu í inngangi hefur tvo galla. Í fyrsta lagi þann smágalla að útlit dæmanna í innganginum passar ekki við form þeirra í aðaltexta, á fyrri staðnum er skáletrun en ekki á þeim síðari. Í öðru lagi þann stóra galla að yfirleitt eru ekki sýnd öll dæmi um hvert band vegna mikils fjölda þeirra. Lesandinn veit því ekki hvort önnur dæmi en þau sem eru sýnd í inngangi eru bundin né hver.

2.6 Val uppleystra tákna

Við uppskrift handrits er oft mikill vinna sem liggur að baki upplausn banda og vali á birtingarformi þeirra, t.a.m. við að finna hvort á að leysa úr áherzlulétta frammæltá sérhljóðinu /l/ með 'i' eða 'e'. Yfirleitt er þeirri aðferð fylgt að það form er valið sem er algengast óbundið.⁵⁷ En hvaða form á að telja? Í Hálfdanar sögu í 589e er 'i' miklu

⁵⁶ Haraldur Bernharðsson (1999:257) segir þetta um galla þess að auðkenna ekki uppleyst bönd: „Á hinn bóginn gagnast slíkur texti ekki að öllu leyti til málsögurannsókna þar sem engin leið er að átta sig á því hvað er ritað fullum fetum í handritinu og hvað er útgefandans; er þá ekki nema hálf gagn að því að slá svigum um það sem lesið er úr styttingum ef ekki er um leið auðkennt það sem leyst er úr sjálfstæðum böndum.“

⁵⁷ Önnur leið sem hægt væri að fara væri að leysa úr böndum í sama hlutfalli og þegar formið er óbundið. Þ.e. ef *-er* er fimm sinnum algengara óbundið í texta en *-ir* væri í upplausn banda í uppskriftinni setta hvert

algengara en ‘e’ sem tákn fyrir /l/ nema í /lr/ þar sem ‘er’ er algengara. Ég leysi úr /lr/ með ‘er’ en annars ‘i’ og er vafamál hvort rétt er að gera svo eða leysa líka úr /lr/ með ‘ir’. Annað dæmi úr 589e er öngljjóðun /k/ í bakstöðu. Öngljjóðstáknið ‘g’ er algengara en ‘k’ en einu óbundnu dæmin um samtenginguna ok eru hins vegar með ‘k’. Vandamál sem kemur upp í þessu sambandi er við hvað á að miða? Á að miða við þann hluta handrits í talningunni sem skrifaður er upp, allt handritið eða jafnvel allt sem vitað er til að einhver ákveðinn skrifari hafi ritað?⁵⁸ Yfirleitt er miðað við uppskriftina í slíkri stafsetningar- og mállýsingu. Sú staða getur komið upp að hlutföll séu ólík innan sama handrits og t.d. ‘e’ fyrir /l/ algengara en ‘i’ í einum hluta en ‘i’ í öðrum. Ef aðeins hluta handrits er lýst í stafsetningar- og mállýsingu vaknar sú spurning hverju sé verið að lýsa, málinu á hluta einhvers handrits eða máli skrifarans? Þetta vekur upp spurningar um gildi slíkra mállýsinga og hverju þær lýsi?

Einnig vakna spurningar um hvort vegi þyngra fjöldi dæma eða nýjungar í máli í upplausnum, t.d. ef dæmi um innskotshljóðið u (-r > -ur) koma fyrir í handriti en dæmi án innskotshljóðs eru fleiri?

2.7 Ill- og ólæsilegir staðir

Við uppskrift tákna sem eru ógreinileg eða ólæsileg vakna ýmsar spurningar um vinnutilhögun og framsetningu. Þrenns konar aukatákn eru yfirleitt notuð til að sýna óskýra staði í handriti: 1) Hornklofar (‘[]’), 2) núll (‘000’) og 3) punktar (‘...’).

Guðvarður Már Gunnlaugsson skilgreinir hvernig á að nota hornklofa á eftirfarandi hátt (1998:276): „hornklofar eru settir utan um stafi, orð eða setningar sem eru ólæsileg í handriti vegna slits eða skemmda. Útgefandi getur lesið í eyðurnar og prentað það sem augljóst er að eigi að standa eða það sem stendur í uppskrift.“⁵⁹ Samkvæmt þessari skilgreiningu á notkun hornklofa getur lesandi uppskriftarinnar ekki verið viss um hvort það sem stendur innan þeirra sé hrein tilgáta byggð á samhengi í texta eða aðliggjandi stöfum eða hvort leifar tákns eða orðs sjáist, t.d. eitt strik af ‘n’. Ég er með þá tillögu að greinarmunur verði gerður á þessu tvennu þannig að hreinar tilgátur sem byggja á samhengi megi hafa innan hornklofa en þær hafi þá stjörnu á undan sér,⁶⁰ t.d. ‘[*hana]’ en lestur sem

tilvik uppleyst ‘ir’ en annars ‘er’. Þetta myndi lýsa betur stafsetningu handritsins en er óhentugt þegar eitthvert form er langalgengast.

⁵⁸ Dæmi um það þegar fræðimenn leita út fyrir handrit að réttlætingu fyrir upplausn banda er orðið *biskup/byskup* sem aldrei kemur fyrir óbundið í AM 399 4^a aðalhandriti Guðmundar sögu A en sem Stefán Karlsson (1983:li–lii) fann óbundið í handritinu AM 346 fol (20r) með hendi sama skrifara.

⁵⁹ Stefán Karlsson (1963:lxviii) segir auk þess þetta um stafsetningu þess sem bætt er við: „Er udfylling foretaget efter diplomatarisk afskrift, følges denne bogstavret, medens udfyllning efter andre afskrifter normaliseres i overensstemmelse med originalens ortografi.“

⁶⁰ Stjörnur eru notaðar til að auðkenna tilgátur útgefanda (sbr. Guðvarð Má Gunnlaugsson 1998:276) og er hér greinilega um slíkt að ræða.

byggi eingöngu á því sem sést hafi ekki stjörnu, t.d. '[haoo]'. Önnur leið er að hafa aðeins það sem sést innan hornklofa en allar tilgátur í athugasemdum við textann. Þarna finnst mér vera eðlismunur á og nauðsynlegt að hafa þarna aðgreiningu.⁶¹

Notkun núlla ('ooo') og punkta ('...') í uppskriftum er nokkuð á reiki en skilgreiningin á þeim er skýr hvað varðar ólæsilega stafi: 'o' stendur fyrir ólæsilega bókstafi og svarar fjöldi tákna nokkurn veginn til fjölda bókstafanna en '...' (þrjár punktar) fyrir óvísan fjölda ólæsilegra bókstafa eða stafa. Málið vandast hins vegar þegar tákna á burtskorna stafi. Hvað á t.d. að gera þegar skorið er af jaðri handrits þannig að tákn hverfa alveg. Dæmi um þetta úr 589e er t.d. 19r37 'ga[...]'. Guðvarður Már Gunnlaugsson (1998:276) og Stefán Karlsson (1963:lxviii) tákna burtskorna stafi bæði með núllum og punktum eftir því hvort fjöldi burtskorinna stafa er viss eða óviss.⁶² Sá galli er á þessari aðgreiningu að eftir að stafir hafa verið skornir í burtu er ekki hægt að vita með vissu hve margir voru þar fyrir nema út frá samhengi. Mér finnst því rökrétt að tákna alltaf tákn sem eru skornir í burtu með [...] en aldrei núllum þó að fjöldi burtskorinna stafa sé ljós út frá samhengi, t.d. 'þei[...] en ekki 'þei[o]' = 'þeir'. Ef nota á núll fyrir burtskorna stafi verður helzt að merkja þau með stjörnu (*), t.d. 'þei[*o]', til að sýna að um tilgátu sé að ræða en ekki það sem stendur í handriti.

Þegar sýndir eru óskýrir stafir með núllum (o) er ekki gert ráð fyrir böndum, sbr. Guðvarð Má Gunnlaugsson (1998:276): „fjöldi tákna svarar nokkurn veginn til fjölda bókstafanna, að vísu ekki fjölda hugsanlegra banda.⁶³ Bönd eru algeng í flestum íslenskum miðaldahandritum og oft er auðvelt að geta sér til um hvaða band er um að ræða. Mér finnst ófært að tákna ekki óskýr bönd eins og óskýra stafi og legg til að þau verði einnig táknuð með bandatáknum eða núllum en höfð skáletruð, t.d. 'þ[ooo]' eða 'þ[eio]' = 'þeir'. Annar möguleiki er að hafa bandatáknið eða núllið (o) uppskrifað, t.d. 'þ[°o]' eða 'þ[^{ei}o]' = 'þeir' og 'honu[°]' = 'honum'.

Einnig gæti verið gott að geta sýnt í uppskrift þegar nokkurn veginn er vitað um fjölda ólæsilegra stafa, t.d. tvo eða þrjá. Mér dettur í hug að hægt væri að hafa eitt núllið innan sviga til að sýna þessa óvissu, t.d. '[oo(o)]'.

Erfitt getur verið að greina á milli illlæsilegra og ólæsilegra stafa og freistast menn oft til að lesa of mikið í handrit út frá samhenginu og skrifa upp t.d. 'þei[r]' í stað 'þei[0]' jafnvel þó síðasta táknið sé alveg ólæsilegt. Einn hluti skilgreiningarinnar á hornklofum

⁶¹ Vert er þó að geta þess að flestir útgefendur bæta ekki við táknum innan hornklofa nema þeir sjái glitta í einhver strik eða eitthvað annað sem gæti gefið vísbendingu eða ef aðeins eitt tákn er ólæsilegt.

⁶² Stefán Karlsson (1963:lxviii) notar þrjá punkta (...) aðeins til að tákna burtskorna stafi: „[...] bortskárne bogstaver af ubestemmeligt antal.“

⁶³ Sjá einnig Stefán Karlsson (1963:lxviii): „nullernes antal svarer nogenlunde til antallet af ulæselige bogstaver, dog ikke eventuelle abbreviaturer.“

býður upp á þetta: „Útgefandi getur lesið í eyðurnar og prentað það sem augljóst er að eigi að standa eða það sem stendur í uppskrift“ (Guðvarður Már Gunnlaugsson 1998:276). Eins og ég hef áður reifað er mikilvægt að blekkja ekki lesandann og greina skýrt á milli þess sem augun sjá og lestilgátna. Ég er með tvær uppástungur um bót á þessu ósamræmi: Sú fyrri er að taka fyrrgreinda setningu út úr skilgreiningunni á hornklofum og hafa skilgreininguna þannig: Hornklofar eru settir utan um stafi, orð eða setningar sem eru illlæsileg í handriti vegna slits eða skemmda. Útgefendur mættu þá aðeins setja innan hornklofa tákni sem einhverjar leifar sjást af í handritinu.⁶⁴ Seinni uppástungan er að merkja stafi sem bætt er við innan hornklofa eftir afriti og út frá samhengi með stjörnu (*) (sjá framar í kaflanum), t.d. ‘þei*[r]’ eða ‘*þei[r]’.⁶⁵ Þriðja leiðin væri að hafa innan hornklofa aðeins núll eða punkta en aldrei stafi því samkvæmt upphaflegu skilgreiningunni (Guðvarður Már Gunnlaugsson 1998:276) eru innan hornklofa ólæsilegir stafir, orð eða setningar og ólæsileika á að tákna með núllum eða punktum.

2.8 Orð og tákni sem gleymst hefur að skrifa

Huga þarf að tvennu þegar bætt er inn í uppskrift orðum og táknum sem ekki eru í handriti en sem útgefandi telur að þurfi samhengisins vegna að bæta inn í.⁶⁶ Í fyrsta lagi þarf, eins og þegar leyst er úr styttingum, að huga að því að það sem bætt er við sé í samræmi við stafsetninguna á textanum í handritinu. Í öðru lagi má aðeins bæta því við textann sem er alveg nauðsynlegt vegna samhengis. Ástæðan fyrir því er sú að það er enn óvísara að bæta við texta en leysa úr styttingum því þá er ekki aðeins óljóst hvernig á að stafsetja og hvaða orð eða orðform eigi að nota í uppskriftinni heldur einnig hvort skrifarinn hafi ætlað að skrifa eitthvað þarna.⁶⁷ Í 589e er gott dæmi um það að útgefendur þurfa að sýna hófsemi í viðbótum við texta. Á mörgum stöðum í 589e vantar persónufornöfn í frumlagi, t.d.: 14r20–21 Eg uil seigia þer draum minn fostri. Huerssu er það | sagdi jarll. Suarar. Það er upphaf at draum minum at eg þottumzt utti stodd; 14v13–14 Það uissa eg at | munder ragr uera þui at þu þorer þig huergi at hræra; 18–19 Það er þo satt at seiger | at þu ert tiguligr *madr* Soti *ok* slíka uillda eg m[a]rga mina maga sem ert; 15r23 [G]enngr þegar hann {þegar hann} uar buin fra skipum ...; 15r41–15v1 Jall nei tadi | þui. Míntezt uid þau sysken. Gekk heim sidan ...; 16v15 gaf eg þier saxit það er hiott hana með; 16v17–18

⁶⁴ Þessi skilgreining nærði þá líka yfir illlæsilega stafi sem sumir fræðimenn tákna með punkti undir stöfunum (t.d. ṁ, ḷ), sjá t.d. Haugen (1992:12): „usikker lesemåte, markert med prikk under kvart grafem.“

⁶⁵ E.t.v. væri hægt að hafa tákni sem bætt er við frá afriti eða út frá samhengi innan slaufusviga, { }

(hugmynd Guðvarðar Mús Gunnlaugssonar).
⁶⁶ Fyrsta tákni nýrrar málsgreinar hefur oft máðst út eða aldrei verið ritað í handritum og er stundum vafamál hvort á að hafa táknið sem vantar eða er ólæsilegt innan [] eða <>. Dæmi um þetta í Hálfðanar sögu í 589e eru t.d.: 15v8 ‘<E>JN’, 16r15 ‘<P>a’.

⁶⁷ Annað álitaefni er hvort skáletra eigi tákni sem gleymst hefur að rita ef líklegt er, út frá því hvernig táknið eru rituð annars staðar í handritinu, að skrifari hefði bundið þau, t.d. far<er>?

Jarn|haus fader minn nam hana á brott þuiat for jafnan j hamforum; 16v33–34 enn ecki uopnir ma hann bita | nema sax þitt ok uil þad hafa; 17v29 ok bad konungsdottur eiga en vill eigi.

Hér væri freistandi fyrir útgefenda að bæta inn persónufornöfnum, t.d. 14r20 ‘<Hann> suarar’ en þar sem þetta er stílseinkenni skrifarans og frekar algengt þá væri það rangt.⁶⁸

Annað dæmi um slíkt vafatriði er þegar orð sem eiga að vera með tvö /nn/ samkvæmt uppruna en eru rituð með einu ‘n’ í 589e: 14v23 ‘min’ (= minn), 14v40 ‘hin’ (= hinn), 16r7 ‘han’ (= hann), 18v4 ‘sinj’ (= sinni), 19r28 ‘en’ (= (h)inn, kk.), 19v21 ‘þin’ (= þinn), 19v37 ‘þan’ (= þann). Á að bæta við ‘n’ í þessum dæmum (t.d. 14v23 ‘min<n>’) eða er þetta skriftarvenja?

Sú spurning vaknar hvort það sé nokkur tíma réttlætandi að bæta við orðum í nákvæmum uppskriftum því útgefandinn eigi aðeins að sýna það sem standi í handritinu en þá er hægt að segja á móti að með því að bæta engu við bregðist útgefandinn því hlutverki sínu að hjálpa lesandanum.

2.9 Orðum og táknum sem er ofaukið

Í stafréttum útgáfum er venjan sú að útgefandi auðkenni á einhvern hátt (yfirleitt með | þ) orð sem eru tvírituð (e. *dittography*) í misgripum. Guðvarður Már Gunnlaugsson (1998:276) skilgreinir þessi ták svona: | þ, endurtekið fyrir slysi, eða skrifað án þess að vera leiðrétt.“ Í samræmdum útgáfum er þessum orðum yfirleitt sleppt í textanum. Útgefandinn þarf að meta hvort um tvíritun sé að ræða og er það yfirleitt ekki erfitt ef orð er tvírtað en þó að honum skjöpligt er það ekki svo mikill skaði í stafréttum útgáfum því lesandinn getur dregið sjálfstæðar ályktanir af textanum þar sem öll orðin eru táknuð í uppskriftinni. Flóknara er hins vegar þegar táknuð eru tvírituð, t.d. 19v5–6 ‘|h|Haldanar’, eða tákni ofaukið t.d. 18v1 ‘*Hakj’ ‘Áki’. Tvíritun tákna er algeng í handritum á síðuskilum og einnig á línuskilum eins og í dæminu hér að framan. Fyrri dæmið virðist greinilega heyra undir tvíritunarskilgreininguna en síðara dæmið varla því að í fyrri tilvikinu er táknið ‘h’ tvírtað en í síðara dæminu er því ofaukið. Skilgreiningin mín á | þ yrði þá sú að innan þeirra væru orð og tákni sem eru **tvírituð** (eða „fjölrituð“) og verður að viðhafa sömu varfærni í auðkenningu slíkra tákna og við innsetningu orða (< >).

⁶⁸ Þetta frumlagsfall er t.a.m. einnig algengt í AM 596 4°, sbr. Driscoll (1992:clxv): „These occur with such frequency that this can only be a deliberate stylistic feature.“

2.10 Stjörnumerkt orð

Annar flokkur „merktra“ orða eru svokölluð stjörnumerkt orð, þ.e. orð sem útgefandi telur að séu misrituð í handritinu og sem hann hefur leiðrétt.⁶⁹ Leiðréttu orðið er þá yfirleitt haft í uppskriftinni en minnst á misritaða orðið í athugasemdum. Stjarnan táknaði því í raun að orðið sem fer á eftir henni sé endurgerð útgefandans. Stundum er táknum ofaukið í þessum misrituðu orðum og ef annars er fylgt þeirri reglu að hafa orð og tákni sem er ofaukið í aðaltexta kemur upp vandamál, t.d. með 18v1 ‘*Hakj’ sem færa mætti rök fyrir að ætti að tákna ‘*|h|Akj’, en ef fylgt er þeirri skilgreiningu á ofauknum orðum og táknum að þau verði að vera tví- eða fjölrítuð leysist þetta vandamál. Þá er ‘*Hakj’ formið sem er í uppskriftinni og fellur aðeins undir stjörnumerkt orð og hægt að skipta því út án vandkvæða fyrir leiðrétt form.

Annað mál er hvort á að hafa leiðrétt eða rangritað form í aðaltexta. Rökin fyrir því að hafa leiðréttu formið í lesbrigðaskrá en leiðréttu formið í uppskriftinni eru helzt þau að það auðveldar mjög lestur textans og það er sú leið sem langflestir fara í útgáfum. Það sem mælir með því að halda bjagaða forminu í aðaltextanum er samræmi því að orð sem eru tvírítuð fá að vera áfram í uppskriftinni (að vísu innan aukatákna) og þarna virðist því vera gert upp á milli ólíkra rangritaðra forma. Í uppskriftum mínum á Hálfðanar sögu hef ég því valið að hafa rangritaða formið í uppskriftinni en leiðrétt form í athugasemdum.

2.11 Samræmi í uppskrift

Hvað er samræmi í uppskrift? Felur það í sér að gera verður greinarmun á ‘r’ og ‘r’ ef ‘r’ og ‘r’ eru greind að? Samræmi í uppskrift er vitaskuld mikilvægt en ef útgefandi greinir skilmerkilega frá öllum frávikum frá þeirri uppskriftargerð sem hann fylgir og ástæðunum fyrir þeim þá ætti að vera í lagi að rjúfa þetta samhengi.

Ekki er algert samræmi í uppskrift minni á AM 589 e 4° því ég greini að ‘r’ og ‘r’ en ekki ‘s’ og ‘f’ og er ástæða mín fyrir því sú að eitt aðaleinkenni þessa handrits er hve sjaldgæft ‘r’ er miðað við önnur handrit frá svipuðum tíma. Auk þess greini ég í stafsetningar- og mállýsingu 589e frá öllum tilvikum í textanum um ‘s’. Annað ósamræmi í uppskrift minni á 589e er það að ég greini í sundur ‘j’ og ‘j’ en ekki ‘i’ og ‘i’. Ástæðan fyrir því er að mér þótti fróðlegt að athuga muninn á notkun ‘j’ og ‘j’ í handritinu (sjá stafsetningar- og mállýsingu 589e).

⁶⁹ Það getur vitaskuld oft orkað tvímælis hversu langt á að ganga í að leiðréttu „vitleysur“, sbr. orð Stefáns Karlssonar (1963:lxiv): „Imidlertid kan det naturligvis ikke altid afgøres hvorvidt en påfaldende ordform beror på fejlskrivning eller kan tænkes at repræsentere en udtaleform, hvorfor det ofte må bero på en tilfældighed, hvorvidt udgiveren har foretaget rettelser af denne art eller ej.“

Ýmsar venjur hafa myndast um hvernig sýna á lesbrigði í lesbrigðaskrá. Í samræmdri uppskrift getur stundum verið nauðsynlegt að sýna stafréttara form orðs en mögulegt er samkvæmt uppskriftartegundinni sem fylgt er og rjúfa þar með samræmi uppskriftarinnar. Mér dettur í hug að í þeim tilvikum sé hægt að hafa á eftir samræmda forminu í lesbrigðaskrá stafréttara form innan einfaldra gæsalappa, t.d. 589e 14r16 a Fione 589e] a Pioni ‘apioni’ 152.

2.12 Hvað á að rannsaka í stafsetningar- og mállýsingu?

Stafsetningar- og mállýsingar sem fylgja útgáfum ná yfirleitt aðeins yfir þann hluta handrits sem geymir söguna sem gefin er út því að þá er í lýsingunni hægt að vísa til dæma úr uppskriftinni. Spurningin er hvaða fræðilega gildi slíkar takmarkaðar rannsóknir hafi og hvort ekki sé nauðsynlegt að rannsaka allt handritið. Sú leið að miða aðeins við uppskriftina hefur þann galla að hún gefur ekki fullkomna mynd af stafsetningu og máli þess skrifara sem er til athugunar. Því styttri sem sagan er eða minni hluti handrits því meiri líkur eru á því að stafsetningar- og mállýsingin gefi ranga mynd af skrifaranum. Ef farið er út í víðtækari mállýsingu þá er hins vegar erfitt að vita við hvað á að miða. Á að miða við handritið sem uppskriftin er í eða öll handrit sem vitað er til að skrifarinn hafi ritað?⁷⁰ Ein leið úr þessari klípu er að gera nákvæma stafsetningar- og mállýsingu af þeim hluta handrits sem geymir þá sögu sem er til athugunar en nefna merkilegustu málfræði- og stafsetningaratriðin í hinum hluta handritsins.

Sögur í safnritum eru stundum skrifaðar eftir ólíkum forritum og málfar og stafsetning forrits hefur alltaf einhver áhrif á afritið þó að þau áhrif séu mismunandi eftir tímabilum og skrifurum. Það gæti því gefið ranga mynd ef gerð er ein stafsetningar- og mállýsing af handriti sem inniheldur margar sögur. Þær eru stundum skrifaðar upp eftir ólíkum forritum og getur verið erfitt að greina á milli sérkenna forrits og skrifara.⁷¹ Spurningin er hvort eigi að líta á handritið sem heild⁷² eða aðeins á söguna. Ef til vill hefur verið einblínt of mikið á söguna/verkið og það eru aðeins stór og glæsileg safnrit eins og Flateyjarbók og Möðruvallabók⁷³ sem hafa fengið að njóta sín sem heild.⁷⁴

⁷⁰ E.t.v. væri hægt að kalla slíka víðtæka athugun á máli og skrift eins skrifara (og breytingum á henni) „skrifaralýsingu“.

⁷¹ Haraldur Bernharðsson (1999) hefur gert mjög ítarlega athugun á slíkri málblöndun í uppskriftum skrifara á 17. öld.

⁷² Hafa verður einnig í huga að stundum hefur handritum verið skipt upp og var Árni Magnússon mjög iðinn við það (sbr. Loth 1960).

⁷³ Sjá m.a. ítarlega stafsetningar- og mállýsingu de Leuw van Veenen (2000) á Möðruvallabók.

⁷⁴ Stærð sumra handrita gerir slíka nákvæma athugun á stafsetningu og máli alls handritsins vitaskuld mjög seinunna.

Annað vandamál sem kemur upp þegar stafsetningar- og mállýsingar eru gerðar er við hvaða uppskriftarstig á að miða. Til að mynda lendar sá sem ætlar að athuga hve oft ‘i’ kemur fyrir í handriti í erfiðleikum ef hann hefur táknað bæði ‘r’ og ‘i’ með ‘r’ eins og er algengt í uppskriftum. Upplýsingar í uppskrift og stafsetningarlýsingu passa þá ekki saman. Einnig geta vandamál komið upp ef tákni eru samræmd, t.d. ef upphafsstafir eru samræmdir í uppskrift og þeir lenda á illlæsilegum stað, t.d. 589e 18v2–3 ‘[Ho]lðan’]. Hér getur lesandinn verið í vafa um hvort ‘[H]’ er ‘h’ eða ‘H’ í handritinu sem getur skipt máli á svona vafastöðum þar sem þarf að lýsa mjög nákvæmlega því sem sést.

Grundvallarreglan í uppskriftum ætti að vera að sýna allt það sem stendur í handritinu, tvíritun († †), orð og tákni sem gleymst hefur að rita (< >) og misrituð orð (*), annað hvort í aðaltexta eða þá í athugasemdum. Með því að auðkenna allt sem er í handritinu er heiðarlega komið fram við lesandann.

2.13 Annað

2.13.1 Gildi handritaljósmynda

Notkun hjálpartækja við lestur handrita vekur upp ýmsar spurningar og ég ætla að velta upp einni, þ.e. hvaða gildi hafa handritaljósmyndir. Í nokkra áratugi var notuð útfjólublá lýsing við ljósmyndun handrita á Árnastofnun í Höfn og einnig við lestur illlæsilegra handrita. Síðar kom í ljós að þetta þurrkaði upp handritin og þess vegna var hætt að nota þessa aðferð við ljósmyndun handrita. Margar myndir eru þó til þar sem hún var notuð og hjálpar þessi lýsing oft til við lestur dökkra og óskýrra staða. Eðlilegast er að líta á ljósmyndir, sama hversu góðar þær eru, sem afrit handrits því þær eru alltaf aðeins túlkun á raunveruleikanum. Þær ættu þó að hafa hafa meira vægi en rituð afrit því sá munur er á ljósmyndaafritum og skrifuðum afritum að skrifarar eru mannlegir og gera mistök en ljósmyndavélar ekki.

Myndir voru teknar af AM 589 e 4^o með útfjólubláu ljósi af ljósmyndadeild Árnastofnunar í Kaupmannahöfn. Gert hefur verið við handritið eftir að myndirnar voru teknar og hafa tákni stundum horfið á samskeytum handrits og viðgerðar í enda lína. Sú spurning vaknar hvaða gildi þessar ljósmyndir hafi? Á að sýna það í sjálfri uppskriftinni sem betur er hægt að lesa á ljósmyndunum eða á eingöngu að geta þess í lesbrigðaskrá? Ég hef valið að fjalla um þessa staði í athugasemdum því eins og áður sagði lít ég ljósmyndir sem afrit en ekki frumheimildir.

2.13.2 Ung handrit

Við uppskrift handrita frá síðustu öldum (sérstaklega 17., 18. og 19. öld) vakna enn aðrar spurningar. Tvennt sem ég vil reifa er annars vegar há- og lágstafir og hins vegar samræming uppskrifta frá þessum tíma.

Notkun há- og lágstafa er tilviljunarkennd í mörgum handritum frá þessum öldum og færast ruglingurinn í vöxt eftir því sem á líður. Sérstaklega er algengt að stórir stafir séu notaðir inni í setningum og oft er ógerningur að greina á milli há- og lágstafa. Að samræma ekki há- og lágstafi í slíkum handritum er í raun blekking og ofgreining. Jafn alvarlegt og að gera of lítinn greinarmun er að sýna greinarmun sem óvíst er hvort er fyrir hendi og því hlýtur að vera æskilegt að samræma há- og lágstafi einnig í ungum textum.⁷⁵

Tilhneiging hefur verið í þá átt í útgáfum texta frá síðustu öldum að sýna minni aðgreiningu en í útgáfum eldri texta og meiri samræmingu. Það virðist vera regla í útgáfum að því eldri sem handritin eru því stafréttari er uppskriftin. Útgefendur texta frá síðustu öldum eru stundum í vafa um hvort á að fyrna eða yngja (samræma til nútímamáls) stafsetninguna. Ekki er hægt að hafa samræmda stafsetningu forna sem miðuð er við málstig íslenskunnar um 1200, og því er oftast höfð nútímastafsetning. Bezt væri auðvitað ef mál- og stafsetning þessara handrita fengi að njóta sín á eigin forsendum. Þessi samræmingarárátta rýrir mjög gildi þessara útgáfna fyrir málfræðirannsóknir og ég sé engin sterk rök fyrir því að hafa minni aðgreiningu í uppskriftum handrita frá síðari öldum en hinum fyrri eða fylgja öðrum uppskriftarvenjum.

Álit fræðimanna á textagildi ungra pappírshandrita hefur þó breytzt á þessari öld og hafði útgáfa Jóns Helgasonar á Hungurvöku (1938) líklega mest að segja um það.⁷⁶ Hún boðaði nýja tíma í norrænni flólógíu og fólst aðalbyltingin í því að að öll handrit hverrar sögu þyrfti að rannsaka og þar á meðal ung pappírshandrit sem oft var lítið tillit tekið til áður.⁷⁷ Þessi stefna á enn fullan rétt á sér og líklega er mest sláandi dæmið um gildi hennar útgáfa Helle Jensen á Eiríks sögu víðförla (1983) sem varðveitt er í Flateyjarbók (GKS 1005 fol (skrifað að mestu 1387)) og fjölda annarra handrita. Þegar útgáfan var komin í setningu í prentsmiðju uppgötvaðist ungt pappírshandrit (skrifað um 1803) með sögunni í bókasafni Yale-háskólans í Bandaríkjunum sem hafði mikið textagildi (sjá Helle Jensen 1983:123–32).

⁷⁵ Sbr. Tucker (1998:cliii): „As it is often difficult to distinguish between lower case and capital letter forms in the paper MSS, lower case letters are used in the edition except sentence initially and in names.“

⁷⁶ Sbr. orð Jóns Helgasonar (1938:27): „Hungrvakas overleveringshistorie gennem 400 aar, indtil ca. 1600, er fuldstændig ukendt. Ingen membran af dette værk er bevaret, og vort kendskab til det beror udelukkende paa afskrifter fra 17. aarh.“

⁷⁷ Um gildi pappírshandrita frá síðari öldum sjá einnig Blaisdell (1967).

3 Lesbrigði skinnhandrita

Við athugun á skyldleika handritanna af Hálfðanar sögu er fylgt klassískum aðferðum í textafræði sem Maas (1958) hefur skýrast sett fram. Þær byggja á mikilvægum villum og sameiginlegum villum (*errores coniunctivi*).⁷⁸

Hálfðanar saga er hvorki þýðing né styðst við annan texta svo óyggjandi sé og því er textinn sjálfur hið eina sem hægt er að nota við samanburð.⁷⁹ Eina leiðin til að meta grunnhandrit eingöngu út frá texta (eins og í tilviki Hálfðanar sögu) er að finna villur sem hljóta að vera setningarlega eða merkingarlega rangar.⁸⁰ Ef til vill væri hægt að nefna slíkar villur „stemmavillur“. Af þessum sökum er umræða um lesbrigði elztu handritanna sem til eru af sögunni ítarlegri en afleiddra handrita því að þegar grunnhandritin eru fundin er auðveldara að meta lesbrigði afleiddra handrita með grunnhandritið sem óháð vitni í samanburði.

Hér á eftir fara rökin fyrir því að skipta Hálfðanar sögu í tvær gamlar gerðir og eina unga en ekki eina eins og hingað til hefur verið gert (sbr. *FsN* III:559–91). Í upptalningunni sem fer hér á eftir athuga ég mikilvæg lesbrigði hjá skinnhandritunum af sögunni sem skýra tengsl þeirra.

Fyrst mun ég færa rök fyrir skiptingu í a- (aðalhandrit 571) og b-gerð (aðalhandrit 589e).⁸¹

3.1 Sérleshættir 571

571 hefur allmarga sérleshætti gegn 589e, 152 og 1147. Texti þess er yfirleitt skemmri og stutturari en hinna handritanna. Þessir leshættir eru það mikilvægir að réttlætlanlegt er að

⁷⁸ Ég hef ekki fylgt kenningum nýtextafræðinnar (*New philology*) um sérstöðu hvers handrits og vantrú á erkítýpur (sjá t.d. Örnólf Thorsson 1990 og Glauser 1997 með tilvísunum). Gagnrýni á öfuga í nýju textafræðinni er t.d. hjá Wolf (1993)

⁷⁹ Ef texti er þýðing úr öðru máli er oft hægt að finna upprunalegan texta með samanburði við útlenda textann ef hann finnst. Þetta á t.d. við um postula- og heilagra manna sögur. Einnig er stundum hægt að miða við íslenzka texta sem höfundur textans hefur haft til hliðsjónar eða vitnar í. Dæmi um slíkt er að sumar íslendinga sögur hafa Landnámu sem heimild um einstaka atburði eða þá að í henni er sagt frá sama fólki eða atburðum.

⁸⁰ Sjá umfjöllun hjá Maas (1958:42–49) um slíkar afgerandi villur (mikilvægar villur, „stemmavillur“) sem hann nefnir upp á þýzku *Leitfehler*.

⁸¹ Álaflekks saga fylgir oft Hálfðanar sögu í handritum og er m.a. í 571 og 589e. Lagerholm (1927:lxix–lxx) fjallar í inngangi sínum að Álaflekks sögu um muninn á texta sögunnar í 571 og 589e og eiga orð hans alveg eins við um muninn á a- (571) og b-gerð (589e) Hálfðanar sögu Brönufóstra: „Bei einem vergleiche zwischen Aa [589e] und Bb [571] finden wir sofort, dafs wir es nicht in demselben hohen grade, wie es bei den hss. von EÁ der fall war, nur mit unbedeutenden varianten zu tun haben, sondern dafs wir vielleicht mit einigem rechte von zwei redaktionen der saga sprechen könnten, einer ausführlicheren und weitschweifigeren (Aa), und einer konzentrierteren und knapperen (Bb), obwohl gleichzeitig hervorgehoben werden mufs, dafs nur sehr wenige abweichungen von wirklicher bedeutung vorkommen.“

setja upp sérstaka gerð. Samanburður milli flokka hjálpar síðan við að flokka handritin innan hvors flokks fyrir sig því.⁸² Hér á eftir fara helztu sérleshættir 571:

1) 571 3v13 Uilhjalms

589e 14r2: Ulfhams.

152 49va12 (1147): Wlfhiedins.

2) 589e 14r8–10: *Konungr let reisa dottr sinne skemmu. Þat hus uar giort miklum hagleik. | Konungsdottur þionudu .xíj. skemmumeyiar ok voru þad jalla ok hertuga dættir. Konungr unne mikit | dottr sinne. Stendr nu hennar lif med þuilikum bloma sem nu uar sagt.*

152 49va 25–30 (1147): *Kongr liet dottur sinne skemmu reisa. Þat | hus war giort med miklumm hagleik. Konungs|dottur þionudu xíj skemmumeyiar og woru | þær ialla dætur og hertuga. Konungr wnnj | harla mikit dottur sinne s`t`endur nu hennar | lijf med þuilykum bloma semm fyrr | war sagtt.*

571: ÷.

Þessi smákafli um skemmumíði konungs er bæði í 152 og 589 og fer á undan setningu þar sem sagt er frá aldri Hrings og eftir að búið er að segja frá aldri konungssonanna. Í 571 er umræðan um aldur Hrings konungs eðlilegri en í 589e og 152 því hún fylgir beint á eftir því að sagt er frá aldri konungssonanna: 571 3v21–22: ‘*Asmundur uar þa .x. wetra enn H(alfdan) .xi. uetra er hier war komid | saugunne. Kongur uar miog allðadur*’. Umræddur skemmukafli virðist því vera síðari tíma innskot, sem e.t.v. hefur verið í týndu forriti 152 og 589e en ekki í forriti 571.

3) 571 4v27–28: *J(arl) sagdizt til þeirra ecki uita enda s(eigezt) hann eige mundu seigia þo hann | wisse.*

‘j’ (113 dæmi): 14r33 uærj, 15v6 jarlj, 16r3 mattj, 16 afhellj, 17r17 þættj, 26 uænnj, 18r5 settj, 11 Akj, 13 allrj, 13 hirdjnj, 14 konungshaullenj, 16 Akj, 16 færðj, 17 Akj, 17 mardj, 18 landj, 18 eckj, 19 sundj, 19 landj, 20 uirdj, 22 suikj, 22 Akj, 23 uilldj, 24 Akj, 24 jatadj, 25 sagdj, 25 Akj, 26 eckj, 26 Einglandj, 29 jatadj, 32 leynjliga, 32 jatadj, 33 eyrendj, 34 Akj, 35 Akj, 36 sinnj, 18v1 undj, 1 *Hakj, 2 Akj, 2–3 [Ho]ldanj, 3 Akj, 3 hafdj, 4 Akj, 4 sinj, 6 fleirj, 6 Akj, 6 klappadj, 6 hurdjna, 7 sagdj, 8 hurdunj, 11 hialpadj, 11 hafdj, 11 Akj, 13 gioðdj, 15 Akj, 17 Akj, 17 asakadj, 18 huxadj, 19 Akj, 19 þeirrj, 20 Akj, 23 Akj, 25 klædj, 29–30 ualradj, 31 eckj, 33 Akj, 33 hafdj, 35 Akj, 19r5 þinnj, 6 mælltj, 11 þickj, 11 Hilldj, 12 byrjadj, 12 samþyckj, 15 Haldanj, 16 Einglandj, 19 þackadj, 19–20 jataldj, 20 sinnj, 22 mælltj, 23 mælltj, 24 Akj, 27 bakj, 29 Akj, 31 bædj, 32 bædj, 32 gelldj, 32 j, 34 huorkj, 36 Einglandj, 19v2 Akj, 3 Akj, 3 eckj, 10 Haldanj, 14 eivckj, 16 hafdj, 16 mundj, 16 eckj, 17 sjnnj, 17–18 uaknladj, 18 mælandj, 19 Miklagardj, 20 sinnj, 20 eckj, 22 uaknadj, 23 blasandj, 24 hafdj, 24 kuelldj, 25 skidgardj, 27–28 hulrdunj, 30 [o]afdj, 35 j, 35 rikj, 37 rikj.

/r/

Algengara er að tákna áherzlulétt /r/ í bakstöðu með -‘er’ en -‘ir’ þegar það er óbundið og því leysi ég alltaf úr böndum með -‘er’.

-‘er’ (52 dæmi): 14r7 frider, 33 berserker, 14v4 hefer, 7 uikingarner, 11 broder, 14 munder, 14 Porer, 15 giorder, 27 yfer, 30 syner, 30 bader, 35 Porer, 15r3 moder, 16 fyrer, 18 tæker, 18 geymder, 23 aller, 28 vnder, 15v5 under, 9 vnder, 12 vnder, 24 sider, 33 ymser, 35, seiger, 36 epter, 37 seiger, 16r1 under, 2 seiger, 6 hefer, 6 epter, 18 hefer, 25 under, 30 hugsuiker, 16v10 miuiker, 17 moder, 18 fader, 31 fader, 17r5 under, 8 under, 10 under, 17 fader, 18 sender, 22 faer, 30 heiter, 17v31 seiger, 36 lagder, 18r9 seiger, 19r8 Konungsdotter, 36 sigler, 19v4 sigler, 11 mæker, 20 læser.

-‘ir’ (15 dæmi): 14v5 hefir, 6 Allir, 23 fehirdir, 25 brodir, 41 færir, 16r26 huerir, 34 miklir, 16v32 giætir, 17v10 allir, 19 brodir, 30 vndir, 18r21 segir, 28 yfir, 19r23 segir, 35 hefir.

-lig-/leg-

Viðskeytið *-ligr/-legr*, *-liga/-lega* er tvisvar með ‘e’ en 21 sinni skrifað með ‘i’.

-‘legr’: 14r25 opokkuleger, 17v6 kurteislega.

-‘ligr’: 14r3 bradliga, 4–5 ku|enligum, 25 grimlig, 14v18 uirduliga, 19 tiguligr, 30 Optliga, 34 gladliga, 34 gladliga, 16r2 alluaskliger, 17 fliotliga, 17 skiotliga, 33 sæmiligar, 16v6 mannligar, 22 hraparliga, 28 gladliga, 17r1 osynelig, 20 kuenligar, 33 leyniliga, 17v32 leynjliga, 19r28 allkallmannliga, 30 akafliga.

Viðskeyttur greinir og lh.pt.

Nokkur dæmi eru í textanum þar sem beygingarmyndir greinisins eru alveg bundnar og er þá ekki hægt að vita hvort eigi að leysa úr böndum með ‘i’ eða ‘e’ nema með því að athuga hvernig greinirinn er skrifaður óbundinn. Við athugun á því kom í ljós að ‘i’ er miklu algengara en ‘e’ í þessu umhverfi og því leysi ég úr böndum með því: 14r1 heitit, 8 komit, 9 mikit, 14 rikino, 22 litit, 14v8 timin, 16r26 gefit, 16v13 komin, 33 uopnit, 17v29 gefit, 18v18 feingit.

-‘en(n)-’, -‘ed’, -‘et’: 15r22 morginen, 24 konungsonen, 15v31–32 n[o]uenu, 17r3 komen, 33 morgunenn, 17v31 morgunnen, 18r14 konungshaullen, 20 mo:genen, 25 buens, 18r35 skogen, 36 saudlenum, 37 leirenum, 18v14 nattena, morgunen, 22 drycken, 22 dryckren, 24 Kastalen, 25–26 skog|enum, 27 skogen, 28 komen, 31 orden, 19r9 natten, 21 uistena, 22 faren, 19v2 komen, 2 leiken, 5 komen, 12 uaulen, 18 *konen, 20 komen, 28 komen, 29 mo:gunen, 32 k[o]men, 33 gefen.

-‘in(n)-’, -‘id’, -‘it’: 14r10 konunginum, 12 hirdinne, 13 bornin, 13 mikid, 15–16 me|tin, 17–18 li|din, 24 borgarinnar, 27 draumin, 28 audrradin, 33 komin, 33 landit, 14v3 megin, 3 megin, 4 bukinum, 4 haufudid, 7 gefid, 8 litid, 9–10 ba|rdagin, 10 mörguninn, 13 drepinn, 15 einradin (lh.pt.kk.), 17 tialldit, 20 borin, 25 budinne, 25 stadid, 25 tialldinu, 26 uerit, 27–28 m[o]:guninn, 28 borginne, 28 borginne, 29 hlidit, 37 blodit, 37 borgarhlidinu, 37 borgarhlidit, 38 hlidit, 38 borgina, 40 uarit, 40 borgine, 15r4 kuellidit, 16 litinn, 21 ualin, 23 buin, 24 ualin, 25 konungs(on)arins, 25 farid, 29 fallit, 31 farid, 32 morgin, 33 bornin, 34 fegin, 35 geingit, 36 baurnin, 37 bornin, 15v4 jallin, 5 gullit, 5 Mikid, 10 mikin, 15 sumarit, 17 mikid, 20 rekin, 20 sandinum, 25 gefit, 26 einstigit, 26 berginu, 27 sporin, 28 skaptino,

28 bergit, 31 katlinum, 33 krokrin, 34 mikit, 35 lokit, 37 litid, 16r1 hellinum, 2 elldinum, 4 hellin, 4 trollkallinum, 4 halsin, 4 auxinne, 4–5 hof[u]dit, 5 megin, 5 elldin, 7 saxinu, 9 hellin, 10 hellin, 11 opin, 12 harit, 12 gullibuit, 14 gefit, 15 geingit, 15 hellinum, 18 drepit, 23 hellin, 24 skorpid, 27 konungsins, 31 mikit, 32 hellinum, 34 saxit, 36 sidbuin, 16v1 mikit, 1 megin, 1 fiardarins, 4 dagin, 4 kuolldit, 14 hellinum, 15 saxit, 21 biorgin, 23 biorgin, 25 komit, 29 flogdin, 30 drepid, 30 daudadrukkin, 32 drepid, 34 saxit, 35 hellin, 36 liosin, 36 flogdin, 17r2 Suikit, 4 drepin, 4 flogdin, 8 jot(n)inum, 8 saxino, 10 hellisgolfinu, 12 vetrin, 13 hellin, 16 hellinum, 20 heiminum, 25 tekin, 26 hringin, 27 hringrin, 27 hringurin, 29 Drekin, 33 buit, 17v4 mikid, 6 konungin, 8 bedit, 10 gardinum, 10 Gardurin, 11 gardinum, 12 runnit, 12 gardin, 13 gardin, 13 lundarins, 15 gardin, 15 gullinu, 18 gullit, 20 gullit, 21 gardinum, 21 gefit, 21 fundit, 22 gullit, 23 þættit, 25 opin, 25 skidgardrin, 25 gardin, 27 drepin, 30 grausinn, 30 knytid, 32 gullit, 32 gardinum, 18r3 metin, 7 [ha]llinne, 7 farinn, 37 mikit, 18v30 geingit, 19r3 golfinu, 32 fotleggina, 19v8 Lidit, 12 haugginu, 26 hauggit.

-‘jn’-: 15v29 elldjn, 18v1 mikjn, 8 hurdjna, 26 elldjn.

-‘jn’-, -‘jt’: 14r31 hallarjnar, 17v1–2 harmþru[...]jn, 18r11 mo:gunjn, 12 sunndjt, 13 hirdjnj, 21 sundjnu, 6 hurdjna, 11 jördjna, 18v27 elldjnum, 19r13 radjt, 13 snujt, 19v7 mikjt, 13 mikjn, 25 gardjn, 26 hurdjna.

-il(l)-

/l/ í viðskeytinu -il(l)- er alltaf ritað með ‘i’: 14r15 mikils, 14v12 allmikil, 15v20 mikill, 16v23 litil, 17r31 mikill, 17v36 Mikil, 18r3 mikils, 8 mikill, 18v37 mikjllar.

Hálfáherzlu -/E/

/e/ í annarri samstöfu fjölkvæðra orða er með hálfáherzlu (e.t.v. er hægt að nota fónemið /E/ fyrir það).¹²⁵ Tvö dæmi eru um ‘i’ fyrir fyrir það en sex um ‘e’: 14r25 kuikindi.14r32–33 tildenda, 15r13 tidenda, 14 tidendi, 15v3 tidenda.

14v1 erindis, 17v35 erendi, 18r33 eyrend“.

/Y/ (og /YC/)

Táknið ‘u’ (og ‘v’) er miklu algengara en ‘o’ fyrir hið áherzlulétta uppmæltu /Y/ þegar það er ekki bundið í sögunni. Því er leyst úr böndum með -‘u’, einnig þegar einhvers konar o-band er notað.

-‘o’ (24 dæmi): 14r14 öllo, 14 rikino, 24 runno, 14v32 sjno, 15r21 bornonum, 15v1 Ingebiorgo, 6 Ingebiorgo, 7 skemmo, 8 kuedio, 19 skulo, 26 kloppod, 28 skaptino, 16v28 Brono, 17r8

¹²⁵ Sbr. de Leeuw van Weenen (2000:69): „Some vowels that are not stressed are not completely unstressed either. So can the /e/ in Michael according to Icelandic stress patterns not have main stress, but a lesser stress. The same is true for various words like erendi, gersemi, líkendi etc.“

saxino, 13 Brauno, 23 sino, 29 Brauno, 30 Brauno, 36 Brauno, 17v8 sino, 9 geingu, 10 skemmo, 37 odro, 18v37 Skaudoborg.

-‘u’ (332 dæmi): 14r2 drottningu, 4 sonu, 4 aullum, 5 listum, 5 ollu, 5–6 sk|opud, 6 hetu, 7 synum, 8 sogunni, 8 skemmu, 8 miklum, 9 þionudu, 9 skemmumeyar, 10 þuilikum, 10 konunginum, 17 skemmu, 18 spurdu, 19 Toku, 20 Huerssu, 23 Urdu, 24 runnu, 24 stefndu, 25–26 r|r|i|fu, 26 nadu, 26 sottu, 32 Geingu, 14v2 huersu, 3 odru megin, 3 odru megin, 6 fystu, 7 hofdu, 15–16 sk|olu, 25 tialldinu, 30 uoru, 33 bitu, 37 borgarhlidinu, 15r1 endilaungu, 4 foru, 4 toku, 9–10 kan|[t]u, 12 skemmu, 15 Ingebiorgu, 17 kuediu, 19 eru, 20 Eru, 21 f[e]nu, 24 spurdu, 25 skemmu, 26 burtu, 26 mundu, 28 mundu, 29 Þionudu, 29 hræzlu, 30 longum, 30 vetur, 31 funduzt, 31 Grimu, 31–32 ur|du, 33 Grimu, 34 vrdu, 35 sinum, 35 kystu, 35 spurdu, 35 huersu, 35 huersu, 36 Grimu, 39 skaltu, 15v2 toku, 2 ollum, 5 minum, 10 *skidud, 10 vopnum, 13 skylldu, 14 skylldu, 16 kuomu, 17 tynduzt, 18 snarvolu, 18 drekanum, 19 badu, 22 voru, 22 Ingebiorgu, 22 spurdu, 22 voru, 23 myndu, 23 Hellulanzobygdum, 25 nockurru, 26 voru, 26 berginu, 27 auxarhyrnuna, 29 satu, 29–30 hauf|du, 30 millum, 31 katlinum, 31–32 n[o]uenu, 32 kroknun, 33 voru, 33 hringnum, 35 haufdu, 36 nokkut, 16r2 elldinum, 3 audrum, 4 trollkallinum, 4–5 hof|[u]dit, 6 haufum, 7 einu, 7 saxinu, 9 fotunum, 11 giarbackanum, 11 fotunum, 13 haufud, 13 Sleggiu, 15 hellinum, 15 einum, 16 konu, 16 stolbrudurnar, 17 kolldu, 19 Sleggiu, 20 hetu, 20 hieiddum, 21 kerlingu, 25 dreyptu, 26 mattu, 26 spurdu, 27 urdu, 29 mattu, 32 lidnum, 32 biugguzt, 33 urdu, 34–35 Jngib|[oo]u, 36 uordaugum, 16v1 odru, 3 skalanum, 5 raudum, 5 mennzsku, 6 funduzt, 10 komu, 10 fotum, 10 attu, 11 Huersu, 11 ertu, 11 ertu, 14 hellinum, 14 Sleggiu, 15 fotunum, 16 skalltu, 16 uisu, 16 toku, 16 skalltu, 18 hamforum, 19 nokkud, 20 skalltu, 20 grufu, 20–21 sk[o]lldu, 21 glimdu, 22 Molldu, 27 biugguzt, 27 skalanum, 27 lett|u, 28 kuomu, 29 attu, 29 drepum, 29 minu, 31 kerru, 31 midiu, 34 skylldu, 34–35 h[oo]|jum, 36 odum, 37 jötun, 37 kerrune, 17r1 [furdu], 1 kerrune, 1 kylfun[o], 4 kylfunnum, 8 jot|n|inum, 10 einum, 10 hellisgolfinu, 11 flogdunum, 11 hofdu, 12 skylldu, 13 tefldu, 15 huersu, 16 hellinum, 16 muntu, 17 ertu, 19 Muntu, 20 kollud, 20 heiminum, 21 skaltu, 22 natturu, 23 eru, 25 stodum, 26 mattu, 26 vopnum, 27 skolu, 30 muntu, 31 Lattu, 32 godu, 34 *Branu, 17v1 mælltu, 1 drekanum, 3 eyium, 4–5 ey|junum, 8 skemmu, 9 geingu, 9 kuomu, 10 einum, 10 gardinum, 10 Gardurin, 11 mattu, 11 gardinum, 13 konu, 15 gullinu, 17 erut, 18 skemmuna, 19 Skorduborg, 21 gardinum, 24 skemmu, 27 ertu, 27 furdudiarfur, 27 voðu, 30 skemmu, 30 haufud, 31 Alfifu, 32 gardinum, 34–35 einh[uer]|jum, 36 grosun, 18r1 skylldu, 2 Lidu, 8 Ertu, 8–9 Vi|lltu, 13 þessu, 15 ætludu, 15–16 Braunu|nautum, 17 færdu, 18 færdu, 20 skemmu, 21 sundfju, 22 godu, 23 nockurum, 26 aullu, 27 skemmu, 28 þessu, 29 skylldu, 30 Alfifu, 32 s[k]alltu, 32–33 skynd|[o]gu, 34 skylldu, 36 saudlenum, 37 leirenum, 18v1 sinum, 1 þessu, 4 skemmu, 5 skyrtu, 5 linbrokum, 5 suofu, 6 sinum, 7 skylldu, 7 mundu, 8 hurdu, 9 skylldu, 15 skemmunar, 15 sögdu, 19 ueizlu, 20 veizlunar, 21 drucku, 21 einum, 21–22 od|rum, 23 duttu, 25–26 skog|enum, 27 elldjnum, 30–31 me|yiune, 31 uiku, 32 Skildu, 32 uinattu, 35 konuna, 35 sogu[o], 36–37 jóla|ueiztlu, 37 Sygurdr, 19r3 satu, 3 skemmumeyiar, 3 golfinu, 5 konu, 5 frændkonu, 7 konu, 9 skylldu, 9 malstefnu, 12 nyiu, 13 þessu, 13 jólaueizlum, 14 manud, 14 ueizluna, 14

Sygurdr, 14 mörgum, 15 Skaurduborgar, 15 drottínngu, 17 skemmu, 18 eru, 18 haufnum, 19 skylldu, 24 furdufus, 26 herklædunum, 26 Braununautum, 27 hlupu, 28 baukum, 31 eyrun, 32 augun, 33 hælum, 35 sinum, 19v2 huerssu, 4 saugu, 4 Hladeyium, 5 uilldu, 6 slettum, 6 uðllum, 7 skylldu, 8 auerkum, 9 bardaganum, 12–13 knjalidjunum, 14 attu, 16 Danmörku, 18 Statu, 20 skemmu, 22–23 drek|anum, 27–28 hulrdunþ, 32 Skaurduborg, 33 Alfifu, 33 einu, 34 manud, 34 miklum, 34 odrum, 36 *kriktu.

-‘v’ (3 dæmi): 15r6 lagv, 11 ualnv, 15v13 Ingebiorgv.

/k/

Táknið ‘c’ kemur eingöngu fyrir í ‘ck’ óbundið og sem tákn fyrir ‘hundrað’ (14v30 ‘.c. manna’, 15v18 ‘.c. manna’, 16v18 ‘.c. flagda’) en annars er notað ‘k’ (og einu sinni ‘q’). Því leysi ég úr böndum þar sem /k/ kemur fyrir bundið með ‘k’, t.d. 14r8 ‘miklum’, 15v10 ‘mikin’, 17 ‘mikid’.

/kk/

/kk/ er táknað á þrennan hátt í 589e. Algengast er ‘ck’ (65 dæmi) og síðan ‘kk’ (26 dæmi) en eitt dæmi er um ‘k’: 15v8 ‘gèk’. Því leysi ég alltaf úr böndum með ‘ck’.

‘kk’: 14r22 daukkua, 22 nõkkurn, 24 melrakkar, 25 opokkuleger, 25 ekki, 29 Gekk, 14v17 gekk, 34 gekk, 35 gekk, 37 gekk, 15r36 gekk, 15v1 Gekk, 2 gekk, 3 gekk, 9 gekk, 11 þakkadi, 11 gekk, 36 nokkut, 16v6 gekk, 13 bloddrekkr, 19 nokkud, 30 nokkr, 30 daudadrukkin, 36 slokkuer, 19r31–32 Stjakk, 19v14 okkr.

‘ck’: 14r31 dryckiubordum, 14v8 Feck, 17 geck, 20, ecki 24 þackar, 36 feck, 39 nockura, 15r2 ecki, 3 Drecka, 6 geck, 8 nockut, 8 ecki, 9 ecki, 11 ecki, 12 ecki, 12 geck, 17 geck, 25 ecki, 26 ecki, 35 þackadi, 15v5 feck, 13 ecki, 25 nockuru, 26 geck, 16r11 backanum, 28 þacka, 16v3 ecki, 32 ecki, 33 ecki, 34 feck, 34 feck, 17r7 [...e]cki, 9–10 Eck|[o], 11 þackar, 17 eck[...], 29 þackar, 17v8 feck, 16 þackar, 20 feck, 24 geck, 32 feckt, 37 ockuart, 18r2 geck, 6 ecki, 7 drecka, 18 eckj, 23 nockurum, 26 eckj, 30 geck, 33 feck, 18v1 feck, 21 drucku, 22 drycken, 22 dryckren, 31 eckj, 19r11 þickj, 12 samþyckj, 19 þackadj, 20 þackar, 19v1 þackar, 3 eckj, 11 sauck, 14 eickj, 16 eckj, 20 eckj.

eng/eing

Tvíhljóðun eða lenging stuttra sérhljóða á undan /ng/ (og /nk/) virðist hefjast um 1300 og er orðin algeng á fyrri hluta 14. aldar (Lindblad 1952:178–79, Stefán Karlsson 1989:9, Björn K. Þórólfsson 1925:xii, Jóhannes L.L. Jóhannesson 1924:19–24). Ekkert dæmi er um óbundið ‘eng’ í sögunni heldur sýna öll dæmi (23) tvíhljóðið. Því leysi ég alltaf úr böndum með því, t.d. 19v29 ‘geingr’.

‘eing’: 14r14 eingi, 29 leingr, 15r3 Eingi, 4 leingi, 21 Eingi, 32 eing[i], 34 leingr, 16r14 eingi, 16v9 leingi, 17r15 leingra, 19 Einglandz, 20 feinger, 23 eingi, 17r5 Eingland, 10 eingu[oo], 13 geingr, 26 Einglandj, 18r18 feingit, 32 leingr, 19r16 Einglandj, 36 Einglandj, 19v20 Eingland, 24 Eingland.

Hljóðasambandið /öng/ virðist einnig hafa tvíhljóðast því þrátt fyrir að /ö/ sé stundum táknað ‘au’ (‘o’ 96 dæmi, ‘au’ 54, ‘ð’ 11) þá er sú táknun svo til einráð á undan /ng/ ‘au’ (7 dæmi): 15r1 endilaungu, 15v8 laung, 17v16 Aunguan, 22 aunguan, 26 Aungua, 18r36 burtstaung, 19v5 Aunguer.

‘o’ (1 dæmi): 15r30 longum.

Oft er erfitt að sjá hvort breytingin /ing/ > /íng/ hefur gengið yfir í handritum því yfirleitt eru /i/ og /í/ táknuð eins. Hafa broddar yfir því oft þann tilgang að greina það /i/ frá leggjum annarra tákna eins og ‘n’ og ‘m’. Algengt er í 589e að táknin ‘j’ og ‘j’ standi fyrir /i, í/ (sjá framar). Vert er því að athuga hvort þessi j-tákn standi frekar fyrir /íng/ en /ing/. Við athugun á dæmum í 589e kemur í ljós að táknunin ‘ing’ er algengust nema í nafninu *Ingibjörg* en það er alltaf (22 dæmi) ritað annaðhvort með ‘j’ eða ‘j’. Skýringin á þessum mun er líklega vegna orðstöðu, ‘j’ og ‘j’ hafa þótt passa betur í framstöðu en ‘i’, frekar en um mun á hljóðgildi sé að ræða (sjá umfjöllun um /i, í, j/ í skriftarkaflanum).

‘i’ (28 dæmi): 14r1(H)RINGWR, 2 drottningu, 3 Hringr, 6 Hrings, 24 hingat, 14v7 uikingarner, 11 uikingana, 22 hofdingia, 33 uikingar, 15r3 Vikingar, 19–20 ui|kingum, 31 kellingar, 15v3 Hringr, 32 kelling, 32 hring, 32 hringi[...], 33 hringnum, 34 kerling, 37 hingat, 16r5 kerling, 21 hingat, 21 kerlingu, 27 Hrings, 17r3 Hringss(on), 24 Hringr, 26 hringin, 27 hringrin, 27 hringurin.

‘j’, ‘j’ (28 dæmi): 14r4 Íngbiorg, 16 Íngbiorg, 20 Jng(i)biorg, 28 Íng(i)biorg, 15r12 Íngbiargar, 13 Íngbiorg, 15 Ingebiorgu, 15v1 Ingebiorgo, 6 Ingebiorgo, 12 Íngbiorg, 13 Ingebiorgv, 22 Íngbiorgu, 30 Jngibiorg, 34–35 Jngib|[oo]u, 17r13 Íngbiorg, 18v3–4 ouird|jngar, 5 Íngibio:g, 10 Jngibiorg, 19r2 Íngibio:g, 6 Íngib(iorg), 15 drottningu, 19v4 uikjngar, 7 uikjngar, 8 uikjnga, 26 Íngbio:g, 26 Íngib(iorg), 31 Íngib(iarg)ar, 35 drottning.

Engin merki sjást um tvíhljóðun annarra sérhljóða á undan /ng/. Þrjú dæmi eru um /ang/ óbundið: 14v12 ‘Þangat’, 33 ‘Ganga’, 17r2 ‘uangan’. Þrjú dæmi eru um /æng/ og er það alltaf táknað ‘æng’: 14r16 ‘sæng’, 18v4 ‘sæng’, 19v17 ‘sæng’. /ong/ kemur eingöngu fyrir í hestsnafninu 18r27 ‘Longant’.

ld/ld

Lokhljóðun ð í físl. varð á 13. og 14. öld í þátíð (og lh.þt.) *ja-*, *ija-* og *ē-sagna* með *l*, *m* eða *n* í stofni, t.d. þt. *dvalða* (af so. *dvelja*) < **dvaliðō* og í (kvk.-)nafnorðum mynduðum með tannhljóðsviðskeytinu *-*iðō* og örfáum öðrum orðum (Celander 1906:2, Noreen 1923:175). Táknun /ld/ < /lð/ og upphaflegs /ld/ var samt lengi mismunandi í handritum þrátt fyrir samfall /d/ og /ð/ í þessu umhverfi. Fyrra hljóðasambandið var yfirleitt táknað

með 'ld' en hið síðara 'lld' og hélzt þessi aðgreining fram á 17. öld (Jakob Benediktsson 1960:41). Celandar (1906:75–79) taldi að /l/ á undan /ð/ hefði verið tannbergsmælt eða rismælt og hefði fallið saman við tannmælt /l/ í /ld/ við samfall /lð/ og /ld/. Jakob Benediktsson (1960:46) hélt því hins vegar fram að /l/ í /lð/ hefði verið gómmælt og hefði verið haldið aðgreindu frá tannmæltu /l/.

'ld' (5 dæmi): 17r12–13 Hi|ld[ur], 17v3 dualdizt (físl. *dvalðisk*), 18v13 kulda (físl. *kulða*, sbr. Larsson 1891:191), 16 kulda, 32 Skildu (físl. *skilðu*, 3.p.þt. af so. *skilja*).

'lld' (84 dæmi): 14r18 uildi, 30 kuelld, 31 kuelldtima, 14v5 Helldr, 6 helldr, 8 uildi, 9 kuelld, 10 skyllld[i], 11 uillda, 17 tialldit, 19 uillda, 22 villda, 25 tialldinu, 33 skialldarrendur, 40 tuefallda, 15r1 skilldi (þgf.et. af *skjöldr*), 4 kuelldit, 18 villda, 27 villdi, 28 villdi, 41 villda, 9 hallda, 12 skyllldi, 13 skylldu, 13 villdi, 14 skylldu, 16 villdi, 21 villde, 29 elld, 29 elldjn, 16r2 elldinum, 5 elldin, 17 kolldu, 19 Hilldr, 20 hielldum, 23 Hilldr, 27 Hilldr, 34 Hilldi, 16v1 hallda, 4 kuolldit, 8 Mollda, 9 Mollda, 20–21 sk[o]llldu, 21–22 [h]elldur, 22 Molldu, 26 skyllldi, 34 skylldu, 17r12 skylldu, 16 hallda, 18 skyllld[...], 20 villda, 24 elldr, 17v4 helldur, 15 skyllldi, 17 uillda, 23 skyllldi, 18r1 skylldu, 4 uildi, 6 villdi, 7 kuelldi, 23 uilldj, 29 skylldu, 34 skylldu, 18v5 Hilldr, 6–7 Hi|lldr, 7 skylldu, 8 Hilldr, 9 skylldu, 10 uillda, 24 elld, 26 elldjn, 27 elldjnum, 30 skyllldjr, 19r1 kuelld, 2 Hilldr, 9 skylldu, 11 Hilldj, 12 Hilldj, 19 skylldu, 32 gelldj, 19v5 uilldu, 7 skylldu, 24 kuelldj, 27 uillda.

Samkvæmt þessum dæmum virðist aðgreiningin milli 'ld' (< /lð/) og 'lld' (< /ld/) haldast í handritinu. Fjögur af fimm dæmum um 'ld' höfðu /lð/ í físl. og eitt (17r12–13 'Hi|ld[ur]') er á línuskilum og því varla marktækt. Af dæmunum með 'lld' höfðu engin /lð/ í físl. Þátíðin af so. *vilja* var alltaf með /ld/ (Noreen 1923:344, Larsson 1891:365–66).

llt/lt

Yfirleitt er /lt/ táknað með 'llt' (36 dæmi) í handritinu en tvö dæmi eru um 'lt'. Haraldur Bernharðsson (1999:156–58) bendir á að dreifing 'lt' og 'llt' fyrir /lt/ í t.d. Skarðsbók (AM 350 fol) passi ágætlega við muninn á rödduðu og órödduðu /l/ í nútímamáli á undan /t/, þ.e. að 'lt' samsvari [l̥t] í t.d. *hált* (af lo. *háll*) en 'llt' [lt].¹²⁶ Af 36 dæmum um 'llt' eru 17 þátíðarmyndir sagnarinnar *méla*.

'lt': 15v14 helt (1.p.þt. af *halda*), 18v9 bilt.

'llt': 14v5 mællti, 10 mællti, 12 mællti, 14 mællti, 15 mællti, 18 mællti, 15r18 mællti, 15v1 hellt (1.p.þt. af *halda*), 15 hellt, 16r6 mælltj, 12 hieillt, 36 hellt, 16v16 skalltu, 16 skalltu, 20 skalltu, 17r2 mællti, 9 uellti, 28 mællti, 29 villt, 30 mællti, 17v1 mælltu, 16 mællti, 27 mællti, 27 villt, 31 mællti, 31 skallt, 33 mællti, 18r8 mællti, 8–9 Vi|lltu, 16 hellt, 18 kallt, 32 s[k]alltu, 18v13 kallt, 19r4 mællte, 6 skallt, 19 uillt.

¹²⁶ Haraldur Bernharðsson (1999:156): „Skrifarnir rita langoftast 'll' á undan /t/ en þó eru dæmi um 'l'; freistandi er að halda að hér búi að baki hljóðgildismunur tveggja /l/-hljóða, líkt og verið hefur á undan /d/.“

Þátíðarmyndir af so. *méla* eru alltaf með 'llt' óbundnar og því leysi ég upp á sama hátt úr böndum: 14r20 *mællti*, 14v22 *mællti*, 15r38 *mællti*, 41 *mællti*, 15v5 *mællti*, 34 *mællti*, 16r17 *mællti*, 16v6 *mællti*, 10 *m[ællto]*, 16 *mællti*, 25 *mællti*, 17r6 *mællti*, 18r30 *mællte*, 18v6 *mællte*, 10 *mællte*, 11 *mællt*, 28 *mællte*, 19r6 *mælltj*, 18 *mællte*, 22 *mælltj*, 19v7 *mællte*, 13 *mællte*, 26 *mællte*.

Sögnin *skulu* er alltaf (6 dæmi) með 'llt' óbundin og því leyst upp þannig: 15r39, 17r21 'skalltu', 17r25 'skallt'.

m/mm

Nokkur ruglingur er á tákun /m/ og /mm/ og er hvortveggja táknað með 'm' og 'mm' en algengara er að hafa aðeins eitt 'm' þegar orð eru óbundin.

Töluorðið *fimm* er bæði í uppskriftinni með eitt 'm' og 'mm' en báðar myndirnar þekkjast frá upphafi þó *fm* sé algengari í elztu handritunum (Björn K. Þórólfsson 1925:39): 16r29 'fimm', 32 '[o]im'.

Svipað er að segja um atviksorðið *fram* því í físl. þekkjast bæði myndir með einu og tveimur /m/ þó myndir með einu séu miklu algengari í allra elztu textum (Larsson 1891:95). Björn K. Þórólfsson (1925:71) segir að á 14. og 15. öld séu báðar þessar myndir notaðar jöfnun höndum og þannig er einnig í 589e (tólf dæmi eru um einfalt 'm' og þrjú um tvöfalt í þessu orði). Þegar /m/ er bundið þá leysi ég því alltaf úr bandinu með einu 'm', t.d. 18v27 'fram'.

'm': 14r17 um, 18 dreymt, 25 grimlig, 14v10 um, 34 fram, 35 fram, 15r4 vm, 18 geymder, 19 geymd, 22 vm, 15v9 fram, 15 vm, 16 vm, 23 fram, 24 Vm, 27 skemra, 32 [o]im, 36 fram, 37 sumri, 16r11 frammar, 16v4 um, 8 Skaum (= *skqmm*), 16v25 skamt, 17r10 hlem (þf.et. af *hlemmr*), 12 vm, 32 vm, 17v4 vm, 31 Vm, 18r1 fram, 2 fram, 18v10 fram, 19v7 fram, 8 fram, 14 um, 22 fram.

'mm': 14r8 skemmu, 9 skemmumeyiar, 17 skemmu, 18 Skemmumeyiar, 19 skemmuna, 15r12 skemmu, 14–15 skemmo|meyiar, 22 snemma, 25 skemmu, 15v7 skemmo, 20 framm, 29 fimm, 17r33 snemma, 17v8 skemmu, 10 skemmo, 18 skemmuna, 24 skemmu, 18r5 frammgengt, 11 snemma, 20 skemmu, 23 skemmdr, 27 skemmu, 18v2 skamm (= *skqmm*), 4 skemmu, 15 skemmunar, 19r3 skemmumeyiar, 7–8 fr|amm, 17 skemmu, 19v20 skemmu.

Áherzlulétt /n/ og /nn/

Táknun áherzluléttra -n og -nn er nokkuð á reiki í handritinu og veldur það vandræðum við upplausn nefhljóðsbanda.¹²⁷ Hér á eftir fer listi yfir öll dæmi um óbundið 'n' og 'nn', 'nn', 'nn' í áherzluléttum endingum.

¹²⁷ Kålund (1917:x): „n. Denne consonant viser m.h.t. enkeltskrivning og fordobling stor vaklen, n for nn er talrig repræsenteret i udgaven, i adskillige tilfælde dog ved, at der i de opløste forkortelser kun gives hvad abbreviaturen direkte antyder, således han, þan, henar etc.“

‘n’: 14r13 bornin (þf.ft. með gr.), 31 hallarjnar (ef.et. með gr.), 14v5 nedan (ao.), 15 einradin (nf.et.kk.lo.), 25 sidan (ao.), 26 medan (ao.), 15r10 daudan (þf.et.kk.lo.), 21 ualin (þf.et. með gr. af *valr*), 24 ualin (þf.et. með gr. af no. *valr*), 24 annan (þf.et.kk.fn.), 24 konungsonen (þf.et. með gr.), 32 morgin (þf.et.), 33 bornin (nf.ft. með gr.), 34 sysken (nf.ft.), 37 bornin (þf.ft. með gr.), 15v20 drekan (þf.et.kk. með gr.), 32 gaman, 16r4 halsin (þf.et. með gr.), 6 undan, 9–10 jn|nan, 11 ofan, 23 hellin (þf.et. með gr.), 16v20 medan (ao.), 25 hedan (ao.), 27 heiman (ao.), 36 liosin (þf.ft.kvk. með gr.), 17r2 uangan (þf.et. með gr.), 27 hringurin (nf.et. með gr.), 30 Hiedan (ao.), 17v1–2 harmþru[...]jñ (nf.et.kvk.lo.), 13 gardin (þf.et.kk. með gr.), 25 gardin (þf.et. með gr.), 18r11 moꝝgunjñ (þf.et. með gr.), 13 hirdjñ (þgf.et. með gr.), 18v8 hurdujñ (þgf.et. með gr.), 30–31 me|yiune (þgf.et. með gr.), 19r22 faren (nf.kk.lh.þt.).

‘nn’, ‘nñ’, ‘nn’: 14r8 sogunni (þgf.et. með gr.), 12 hirdinne (þgf.et. með gr.), 24 borgarinnar (ef.et. með gr.), 14v3 megin, 10 mōrguninn (þf.et. með gr.), 13 drepinn (nf.et.kk.lh.þt.), 25 budinne (þgf.et. með gr.), 27–28 m[o]i|guninn (þf.et. með gr.), 28 borginne (þgf.et. með gr.), 28 borginne (þgf.et. með gr.), 15r16 litinn (þf.et.kk.lo.), 27 barnanna (ef.ft. með gr.), 27 barnanna (ef.et. með gr.), 41 Halfdanni, 16r4 auxinne (þgf.et. með gr.), 29 annann (þf.et.kk.fn.), 16v2 annann (þf.et.kk.fn.), 17r4 kylfunnum (þgf.ft. með gr.), 33 morgunenn (þf.et. með gr.), 17v30 grausinn (þf.ft. af *gras*), 31 morgunnen (þf.et. með gr.), 18r7 [ha]llinne (þgf.et. með gr.), 7 farinn (nf.et.kk.lh.þt.).

Við flokkun þessara dæma kemur í ljós að dreifing ‘n’ og ‘nn’ er tilviljunarkennd og fylgir ekki uppruna. Það er aðeins í endingum *an*-atviksorða sem einhver regla virðist vera á dreifingunni (tíu dæmi um ‘n’ en ekkert um ‘nn’).¹²⁸

/nn/ í áherzluléttri bakstöðu fór að falla saman við /n/ um svipað leyti og /rr/ og /ss/ eða á 14. og 15. öld (Björn K. Þórólfsson 1925:xxx–xxxii, Stefán Karlsson 1989:16) en breytingin hefur verið lengi að ganga yfir.¹²⁹ Í Nýja testamentis þýðingu Odds Gottskálkssonar er áherzluléttum /n/ og /nn/ að nokkru leyti haldið aðgreindum (Jón Helgason 1929:39–41) og sums staðar hefur aðgreining þeirra haldizt til um 1700 (Jón Helgason 1970:356–60).¹³⁰

Þessar áherzlulétu endingar eru oft bundnar í handritinu og þar sem dreifingin er tilviljunarkennd leysi ég alltaf úr nefhljóðsböndum með einu ‘n’, t.d. 18r3 ‘metin’. Hér á eftir eru fyrrnefnd dæmi flokkuð:

¹²⁸ Jón Helgason er með þá tilgátu að /n/ hafi frekar haldizt eftir samfall á eftir stuttu atkvæði en löngu (1929:41): „Af orðum sem ‘meðan’, ‘ofan’, ‘utan’, sem ávalt hafa -an, mætti gera sjer í hugarlund, að einfalt n hjeldist bezt á eftir stuttri rótarsamstöfu.“

¹²⁹ Jón Helgason (1970:359): „Sammenfald af endelserne -an og -ann, -in og -inn er ikke sket i løbet af ganske kort tid; tværtimod har det varet århundreder fra det begyndte at vise sig indtil det var gennemført.“

¹³⁰ Jón Helgason (1970:356): „I det vestlige Island har adskillelsen af *n* og *nn* i tryksvag udlyd imidlertid holdt sig temmelig godt, nogle steder i hvert fald til ca. 1700 og måske endnu længere.“

nf./þf.et.kk.no. með gr. (físl. /inn/ og /ann/):

‘n’ (11 dæmi): 15r21 ualin, 24 ualin, 24 *konungsonen*, 15v20 *drekan*, 16r4 *halsin*, 23 *hellin*, 17r2 *uangan*, 27 *hringurin*, 17v13 *gardin*, 25 *gardin*, 18r11 *mo:gunjñ*.

‘nn’ (4 dæmi): 14r10 *mörguninn*, 27–28 *m[o]:|guninn*, 17r33 *morgunenn*.

nf./þf.kk.et.lo./lh.pt. (físl. /inn/):

‘n’ (2 dæmi): 14r15 *einradin*, 19r22 *faren* (nf.kk.lh.pt.).

‘nn’ (3 dæmi): 14v13 *drepinn* (nf.et.kk.lh.pt.), 15r16 *litinn* (þf.et.kk.lo.), 18r7 *farinn* (nf.et.kk.lh.pt.).

nf./þf.ft.hk.no. með gr. (físl. /in/):

‘n’ (4 dæmi): 14r13 *bornin*, 14v33 *bornin*, 37 *bornin*, 16r36 *liosin*.

‘nn’ (1 dæmi): 17v30 *grausinn* (þf.ft. af *gras*).

þf.et.kk.lo./fn./lh.pt. (físl. /an/):

‘n’ (2 dæmi): 15r10 *daudan*, 24 *annan*.

‘nn’ (2 dæmi): 16r29 *annann*, 16v2 *annann*.

nf.et.kvk.lo./lh.pt. (físl. /in/):

‘n’ (1 dæmi): 17v1–2 *harmþru[...]|jñ*.

annað: 14v3 *odru megin*.

þgf.et.kvk. með gr. (físl. /Inni/):

‘n’: 14r8 *sogunni*, 12 *hirdinne*, 17v13 *hirdjñj*, 18v8 *hurduñj*, 30–31 *me|yiune*.

‘nn’: 14v25 *budinne*, 28 *borginne*, 28 *borginne*, 16r4 *auxinne*, 18r7 *[ha]llinne*.

ef.et.hk. með gr. (físl. /anna/): ‘nn’ (2x) 15r27 *barnanna*, 27 *barnanna*.

ef.et.kvk. með gr. (físl. /Innar/): ‘n’: 14r31 *hallarjnar*, ‘nn’: 14r24 *borgarinnar*.

þgf.ft.kk. með gr. (físl. /YnYm/): ‘nn’: 17r4 *kylfunnum*.

an-hk.orð (físl. /an/)

‘n’ (1 dæmi): 15v32 *gaman*.

an-atviksorð (físl. /an/):

‘n’ (10 dæmi): 14v5 *nedan*, 25 *sidan*, 26 *medan*, 16r6 *undan*, 9–10 *jn|nan*, 11 *ofan*, 16v20 *medan*, 25 *hedan*, 26 *heiman*, 30 *Hiedan*.

/nn/ og /n/ í áherzluatkvæði

Í áherzluatkvæðum er einnig ruglingur á ‘n’ og ‘nn’. Hér á eftir fara orð sem eiga að vera með tvö /nn/ samkvæmt uppruna en eru rituð með einu ‘n’ í 589e: 14v23 ‘min’ (=minn), 14v40 ‘hin’ (=hinn), 15r24 ‘ransaka’ (= rannsaka), 16r7 ‘han’ (=hann), 18v4 ‘sinj’ (=sinni), 19r28 ‘en’ (=hinn, kk.), 19v21 ‘þin’ (= þinn), 19v37 ‘þan’ (=þann). Dæmi með tveimur ‘n’ eru hins vegar miklu algengari og því leysi ég úr böndum hér með tveimur ‘n’, t.d. 14r11 ‘*hinn*’. Erfitt er að dæma um hvort gleymst hefur að rita ‘n’ í dæmunum hér að framan (nefhljóðsband máðst út?) eða hvort þau sýni skriftarvenju eða jafnvel samfall /n/ og /nn/ í áherzluatkvæði.

en/enn

Orðin *en/enn* eru oft bundin¹³¹ og leysi ég alltaf úr bandinu með einu ‘n’ hvort sem merkingin er ‘en’ eða ‘enn, enn þá’.

‘enn’ (24 dæmi): 14r7 *enn*, 13 *enn*, 18 *enn*, 22 *enn*, 14v1 *en[n]*, 17 *enn*, 29 *enn*, 36 *enn*, 37 *enn*, 15r7 *enn*, 9 *enn*, 12 *enn*, 14 *enn*, 15 *enn*, 25 *enn*, 27 *enn*, 36 *enn*, 15v24 *enn*, 27 *enn*, 33 *enn*, 17v9 *enn*, 20 *enn*, 21 *enn*, 19r3 *enn*.

‘en’ (46 dæmi): 14r3, 6, 9, 14v30, 39, 15r4, 29, 32, 33, 16r5, 7,14, 22, 30, 6, 9, 23, 32, 32, 17r13, 17v1, 16, 19, 24, 26, 29, 18r5, 27, 30, 18v1, 2, 6, 7, 8, 11, 12, 16, 19r21, 10, 11, 14, 15, 16, 20, 30, 34.

/nC/ og /nnC/

nd/nnd

Fleiri dæmi eru um ‘nd’ en ‘nnd’ og því er í þeim tveimur tilvikum þar sem vafi getur leikið á um upplausn haft eitt ‘n’: 15v25 ‘*hendi*’, 17v15 ‘*henda*’.

‘nd’ (39 dæmi): 14r5 *skinanda*, 11 *nfnðr*, 33 *landi*, 14v5 *stendr*, 11 *strandar*, 11 *fyndum*, 17 *landa*, 23 *Hundi*, 24 *Hundi*, 27 *hendr*, 33 *skialldarrendur*, 15r28 *vnder*, 37 *siofarstrandar*, 15v3 *tidenda*, 4 *andadr*, 9 *vnder*, 12 *vnder*, 19 *sand*, 20 *sandinum*, 33 *endarnar*, 16r20 *land*, 16v16 *uppstanda*, 21 *hrindr*, 17r5 *under*, 10 *under*, 18 *sender*, 22 *vnder*, 24 *granda*, 28 *sandi*, 17v30 *vndir*, 31 *frændkona*, 35 *erendi*, 18r10 *sundmadr*, 15 *sund*, 19 *sundj*, 31 [s]enda, 33 *eyrendj*, 18v4 *stendr*, 19v22 *hrindr*.

¹³¹ 14r29, 15r21, 15v24, 27, 30, 16r6, 8, 21, 21, 16v11, 19, 26, 32, 34, 17r2, 7, 8, 14, 16, 31, 34, 34, 35, 17r25, 17v4, 5, 6, 16, 18 19, 34, 34, 18r7, 17, 20, 21, 23, 24, 28, 18v1, 6, 9, 15, 18, 21, 32, 33, 19r5, 19, 27, 31, 33, 35, 36, 19v8, 11, 12, 23, 30

‘nnd’ (4 dæmi): 18r12 sunndjt, 32–33 skynnd[[o]gu, 19r10 hannda, 19v36 Anndadr.

ng/nng

Ekkert dæmi er um ‘nng’ óbundið í textanum en 59 um ‘ng’ og því er í þeim þremur dæmum þar sem vafi getur leikið á um upplausn leyst úr bandinu með einu ‘n’: 14v32 ‘þridiungr’ 15r23 ‘[G]eingr’, 35 ‘geingit’.

‘ng’: 14r1 <H>RINGWR, 3 Hringr, 4 Jngbiorg, 16 Jngbiorg, 17 langan, 28 Jng(i)biorg, 14v12 Þangat, 33 Ganga, 33 uikingar, 41 þangat, 15r6 þangat, 15r12 Jngbiargar, 13 Jngbiorg, 15 Jngbiorgu, 19 þangat, 21 Eingi, 30 longum, 15v12 Jngbiorg, 13 Jngbiorgv, 22 Jngbiorgu, 15v32 hring, 32 hringi[...], 33 hringnum, 16r19 Angantyr, 27 Hrings, 16v3 matfanga, 21 þangat, 17r2 uangan, 13 Jngbiorg, 15 langt, 24 Hringr, 26 hringin, 27 hringrin, 27 hringurin, 18r26 Einglandj, 27 Longant, 18v3–4 ouirdjngar, 18v5 Jngbio:g, 10 Jngbiorg, 18 feingit, 22–23 áfejingr, 32 leingr, 19r2 Jngbio:g, 5 Jngib(iorg), 15 drottjngu, 16 Einglandj, 36 Einglandj, 19v4 uikjngar, 6 uikjngar, 8 uikjnga, 17 sæng, 20 Eingland, 24 Eingland, 26 Jngbio:g, 26 Jngib(iorg), 31 Jngib(iarg)ar, 35 drottjng, 36 Angantyr, 37 Angantyr.

nns/ns

Ekkert dæmi er um ‘nns’ óbundið en 11 um ‘ns’: 15r10 ‘mins’, 15r25 ‘konungs(on)arins’, 16v1 ‘fiardarins’, 16v25 ‘mins’, 26 ‘sins’, 26 ‘sins’, 17v13 ‘lundarins’, 18v16 ‘sins’, 19r8 ‘sins’, 18 ‘sins’, 19v10 ‘sins’. Hins vegar virðist rétt að leysa stundum úr eignarfallsmynd þriðju persónu fornafnsins með tveimur /nn/, þ.e. þegar það er ritað ‘hns’ með krók á ‘h’, ‘hanns’. Bandið getur þá ekki staðið fyrir tvö ‘nn’ því þá yrði leyst úr orðinu ‘hannns’. Á hinn bóginn þegar ekkert óbundið ‘n’ er skrifað í orðinu (‘hs’ með krók á ‘h’) þá er í samræmi við það eðlilegt að leysa úr bandinu með einu ‘n’, *hans*. Dæmin í textanum um þetta hvortveggja eru þessi:

‘hans’: 14r32, 16r30, 34, 17v6, 18v1, 18v21, 21, 34, 19r10, 26, 19v11, 18, 29, 35, 36.

‘hanns’: 14v25, 15r22, 22, 23, 15v8, 12, 17, 16v13, 19, 17r4, 34.

nt/nnt

Sex dæmi eru um ‘nt’ en engin um ‘nnt’.

‘nt’: 14v20 kant, 15r9–10 kan[[t]u, 15v1 Mintezt, 17v32 fant, 18r27 Spolent, 18v28–29 se|int.

nnz/nz

Þrjú dæmi eru um ‘nz’ en ekkert um ‘nnz’ óbundið: 14r3 ‘uænz’, 15 ‘manzblod’, 15v23 ‘Hellulanzobygdum’. Allmörg dæmi eru um það að afleidd form af orðinu *maðr*, *-mannz-*, *-mennz-*, séu bundin. Vegna þess að ‘nnz’ kemur ekki fyrir óbundið leysi ég því alltaf úr

Þessum böndum með einu 'n', þ.e. *-manz-*, *-menz-*: 14v36 'fylgdarmanz', 16v5 'menzsku', 17 'menzk', 17v32 'kaupmanz', 19r6 'kaupmanz', 19v15 'manzbarn'.

/r, rr/, /rC/

r/rr

Físl. /rr/ og /r/ eru annaðhvort táknuð með 'r' eða 'rr' í 589e. Styttung /rr/ > /r/ í áherzlulitlum endingum og löngum atkvæðum varð um miðja 14. öld (Björn K. Þórólfsson 1925:xxx). Nokkur dæmi eru um þessa styttungu í 589e: 14v1 *fer* (3.p.), 14v7 'fyr', 15r16 'annari', 20, 33 'var' (= *varr* lo.), 15r15 'ber' (3.p.nt. af *bera*), 16 'annari' (/annarri/), 16r2 'fleiri', 16v27 'fyr', 17v5 'fyr', 25 'fyr', 34 'ver' (= *verr* af lo. *vánder*), 18v6 'fleirj'. En 15v37 'fyrra', 17v16 'stærra', 18r14 'ferr', 23 '[u]err', 18v1 'uerr', 6 'fleirj' (/fleiri/), 8 'ferr', 19r7 'ferr', 34 'fer[r]', 19v23 'fyr', 24 'fyr'.

Þessi víxl 'r' og 'rr' valda vandræðum við upplausn banda, sérstaklega af aukafallsmyndum ábendingarfornafnsins *sá*. Ég leysi úr öllum myndum fornafnsins *sá* með einu 'r', t.d. 'þeira' en ekki 'þeirra' því aðrar myndir fornafnsins eru oft bundnar með sama bandi og í þeim tilvikum getur það ekki staðið fyrir neitt annað en 'ei': 16v36 'þeir' og 17r11 'þeim'.

/rl/ > /dl/

Björn K. Þórólfsson (1925:xxx) segir þetta samfall vera frá 13. öld. Í 589e eru allmörg dæmi um það. Þegar orðið *jarl* er stytt þá leysi ég úr styttunum með 'll' en ekki 'rl', t.d. 14v2 'J(all)'.
 'rl' (33 dæmi): 14r11 Jarll, 12 Jarl, 13 jarl, 19 jarll, 21 jarll, 29 jarl, 14v27 jarli, 29 jarli, 35 jarli, 36 jarls, 38 jarll, 40 jarll, 15r10 Jarl, 11 Jarl, 12 Jarll, 30 Jarl, 15v3 jarl, 3 Jarl, 4 Jarl, 5 jarl, 5 Jarl, 8 jarl, 8 Jarl, 9 Jarll, 11 jarli, 11 orlof, 25 jarl, 34 kerling, 16r5 kerling, 19 jarls, 21 kerlingu, 19r20 orlof, 21 orlof.

'll' f. /rl/ (39 dæmi): 14r9 jalla, 14 jall, 28 Jall, 32 jall, 14v32 jalli, 33 jallj, 35 jall, 38 jall, 40 Jall, 41 Jall, 15r2 Jall, 5 jalli, 7 jall, 8 Jall, 13 Jall, 15 Jall, 18 Jall, 18 jall, 21 jall, 24 jall, 26 jall, 31 kellingar, 32 jall, 34 jalli, 35 Jall, 38 Jall, 39 jalls, 41 Jall, 15v3 jall, 4 jallin, 7 jallz, 12 jall, 30 kallsuip, 31 kall, 32 kelling, 16r4 trollkallinum, 17v37 valla, 18r31 kalls (ef.et. af *karl*), 19r28 allkallmannliga.

/rn, nn/ > /dn/

Hljóðasambandið /einn/ er alloft ritað 'eirn' sem er algengt í handritum frá þessum tíma og bendir þessi öfugi ritháttur til þess að /rn/ og /nn/ hafi verið komin með sama framburð, þ.e. [dn]. Elztu dæmin um samfall /nn/ og /rn/ eru frá fyrri hluta 14. aldar og elzta dæmið

úr bréfi frá 1332–41 (sbr. Jón Helgason 1927:91). Breytingin /nn/ > /dn/ var ekki eins víðtæk og /rl, ll/ > /dl/ og /rn/ > /dn/ og varð aðeins á eftir tvíhljóðum og löngum sérhljóðum (Stefán Karlsson 1989:16). Hér á eftir fara öll dæmi í textanum um þennan öfuga rithátt: 18r24 ‘Eirn’, 18v19 ‘⟨E⟩irn’, 20 ‘Eirn’, 19r16–17 ‘eirn|huern’, 25 ‘eirne’. Mörg dæmi eru hins vegar um ‘nn’ í *einn*: 14v32 ‘Einn’, 15r32 ‘Einn’, 15v23 ‘Einn’, 24 ‘einn’, 16r10 ‘einne’, 33 ‘einna’, 16v3 ‘Einn’, 31 ‘einne’, 17r21 ‘einn’, 17v7 ‘einn’, 9 ‘Einn’, 11 ‘einn’, 21 ‘einn’, 24 ‘Einn’, 25 ‘einn’.

Annað dæmi í textanum vísar e.t.v. til breytingarinnar /rn/ > /nn/: 15v34 ‘Jannnefr’ (öfugur ritháttur fyrir *Járnnefr*). Annars er þetta nafn (og forliðurinn *Járn-*) alltaf ritað með ‘r’: 16r18 ‘Jarnefr’, 21 ‘Jarnnefur’, 16v17–18 ‘Jarn|haus’, 37 ‘Jarnhausv’, 17r4 ‘Jarnhaus’.

/rs/ > /ss/

Nokkur dæmi eru í textanum sem sýna samfall /rs/ og /ss/ sem fyrst varð á 13. öld (Björn K. Þórólfsson 1925:xxx): ‘ss’ f. /rs/: 14r22 ‘fyst’, 18r26 ‘ess’, 26 ‘Ess’, 27 ‘ess’, 28 ‘ess’, 31 ‘ess’, 33 ‘esset’, 33 ‘esset’, 35 ‘ess’. En einnig eru nokkur dæmi um forna ritháttinn: ‘rs’: 5v26 ‘huers’, 18r26 ‘ers’, 18v35 ‘fyrst’, 19r1 ‘fyrsta’, 33 ‘erse’.

Tvö dæmi eru um tvíritun ‘s’ sem benda e.t.v. einnig til samfalls /rs/ og /ss/: 14r20 ‘Huerssu’, 19v2 ‘huerssu’.

Önghljóðun í áherzlulítilli bakstöðu

Merki um önghljóðun /k/ og /t/ í áherzlulítilli bakstöðu sjást þegar á 13. öld (Stefán Karlsson 1989:14).

/k/# > /g[ɣ]/#

Algennt er í handritinu að önghljóðun uppgómmælda lokhljóðsins sé sýnd (-k > -g) en nokkur dæmi (13) eru þó um lokhljóðstáknið. Alltaf er leyst úr böndum með önghljóðstákninu ‘g’.

‘g’ (129 dæmi): 14r6 sig, 10 miog, 20 Eg, 21 eg, 22 eg, 27 eg, 14v11 eg, 12 eg, 13 eg, 13 eg, 13 eg, 14 þig, 15 eg, 19 eg, 22 eg, 23 eg, 15r4 sig, 9 miog, 9 eg, 10 eg, 13 miog, 18 eg, 19 eg, 20 eg, 28 sig, 41 eg, 15v6 eg, 6 eg, 34 eg, 37 eg, 16r6 sig, 18 þig, 18 Eg, 21 eg, 22 eg, 28 miog, 29 sig, 30 miog, 16v7 Eg, 13 eg, 14 eg, 14 þig, 14 eg, 14 eg, 15 eg, 17 eg, 18 mig, 19 Eg, 20 eg, 24 eg, 24 eg, 24 eg, 29 eg, 29 eg, 30 eg, 32 miog, 32 eg, 33 eg, 17r3 eg, 6 Eg, 6 eg, 7 eg, 17 eg, 17 eg, 18 eg, 20 eg, 21 eg, 27 þig, 17v7 eg, 11 miog, 12 sig, 16 eg, 16 þig, 17 eg, 21 sig, 22 eg, 22 þig, 23 eg, 31 sig, 33 miog, 34 eg, 34 miog, 36 eg, 37 eg, 37 eg, 18r4 miog, 9 mig, 30 eg, 31 þig, 32 sig, 18v9 sig, 10 eg, 12 miog, 17 sig, 29 eg, 30 þig, 30 eg, 31 eg, 31 eg, 35 miog, 19r7 eg, 18 eg, 23 eg, 19v5 sig, 8 miog, 14 eg, 20

sig, 27 eg.

‘k’ (13 dæmi): 14r23 ek, 25 ok, 15r38 ek, 16r23 miok, 16v7 ek, 9 sik, 22 Ek, 17r23 ek, 24 þik, 26 þik, 28 ek, 17v1 miok, 18r37 [ok].

/t/# > /ð/#

‘t’ er algengara en ‘d’ óbundið í áherzlulétrri bakstöðu og því er alltaf leyst úr böndum með því.

‘d’ (59 dæmi): 14r5–6 sklopud, 9 þad, 13 mikid, 14 Þad, 20 þad, 21 Þad, 14v4 haufudid, 7 gefid, 8 litid, 9 Þad, 13 Þad, 18 Þad, 22 Þad, 25 stadid, 15r9 huad, 24 huad, 25 farid, 31 farid, 41 Þad, 15v4 þad, 4 þangad, 5 Mikid, 10 ed (= físl. *hit*), 10 *skidud, 17 ád, 17 mikid, 26 kloppod, 30 Þad, 32 Þad, 37 litid, 16r24 skorpud, 16v3 þad, 15 þad, 16 Þad, 19 nokkud, 30 drepud, 32 drepud, 34 þad, 17r7 þad, 7 þad, 17 ad, 20 kollud, 17v4 mikid, 8 þad, 14 Þad, 14 þa[d], 15 þad, 17 þid, 17 þjd, 30 knytid, 30 haufud, 18r1 þad, 3 ed (= físl. *hit*), 4 hid, 6 þad, 7 þad, 13 utblased, 19r14 seted, 19v30 ætlad.

‘t’ (314 dæmi): 14r5 at, 15 at, 17 at, 21 at, 21 at, 23 at, 24 hingat, 26 at, 26 at, 27 at, 33 at, 33 landit, 14v1 at, 2 at, 3 at, 6 at, 7 at, 7 at, 8 at, 11 at, 11 þuiat, 12 at, 12 at, 12 þangat, 13 þuiat, 13 at, 13 at, 14 at, 14 at, 15 at, 17 tialldit, 18 at, 19 at, 20 at, 22 at, 29 at, 29 hlidit, 29 annat, 30 hit, 31 at, 35 at, 35 at, 37 blodit, 37 borgarhlidit, 38 hlidit, 40 uarit, 41 at, 41 at, 41 þangat, 15r1 at, 1 at, 2 at, 4 kuellidit, 4 at, 5 at, 5 at, 6 at, 6 þangat, 6 at, 8 nockut, 10 at, 11 at, 11 at, 11 þuiat, 12, 14 annat, 14 at, 15 at, 18 at, 19 þangat, 19 þui at, 19 at, 20 þo at, 27 þo at, 27 at, 32 at, 32 at, 41 at, 15v3 at, 4 at, 6 at, 6 at, 10 at, 13 annat, 13 at, 17 at, 18 at, 19 at, 23 at, 23 at, 24 at, 25 gefit, 29 at, 30 at, 30 annat, 30 annat, 32 at, 35 lokit, 36 nokkut, 37 hingat, 16r1 at, 2 at, 2 at, 3 at, 4 at, 4 at, 4–5 hof[u]dit, 6 at, 7 at, 9 at, 10 at, 12 harit, 12 at, 12 gullibuit, 14 gefit, 15 geingit, 15 at, 17 at, 18 at, 18 drepit, 21 hingat, 21 at, 23 at, 24 at, 26 at, 27 at, 28 at, 29 at, 29 at, 30 at, 30 at, 31 mikit, 31 At, 36 <A>t, 37 at, 16v1 mikit, 1 at, 1 at, 1 at, 2 at, 3 [at], 4 at, 4 kuolldit, 5 at, 7 at, 10 at, 15 saxit, 16 at, 17 at, 17 þuiat, 18 þuiat, 21 þangat, 23 þuiat, 24 at, 24 at, 24 at, 25 komit, 25 at, 29 þuiat, 30 at, 32 at, 33 at, 34 saxit, 17r2 suikit, 3 at, 5 huat 6 at, 6 at, 6 at, 6 þuiat, 6 at, 7 banat, 7 at, 12 at, 15 at, 16 þuiat, 18 at, 20 at, 22 at, 22 þuiat, 23 at, 29 smidat, 33 buit, 33 at, 34 at, 17v8 bedit, 9 at, 12 runnit, 14 at, 15 at, 15 at, 16 annat, 17 at, 17 þuiat, 17 erut, 18 gullit, 20 gullit, 20 at, 21 gefit, 21 fundit, 22 gullit, 22 þit, 23 þættit, 24 at, 32 gullit, 33 at, 36 þuiat, 37 mikit, 37 at, 37 at, 18r4 at, 7 at, 8 at, 10 þuiat, 11 at, 11 at, 12 sunndjt, 12 at, 14 at, 15 at, 16 at, 16 at, 17 at, 18 at, 19 at, 21 at, 25 þujat, 26 at, 29 at, 29 þat, 30 at, 37 at, 18v2 at, 3 at, 3 at, 7 at, 9 at, 9 at, 10 þat, 10 at, 12 at, 12 uedret, 12 at, 12 at, 13 at, 13 at, 14 huat, 14 at, 18 at, 22 at, 23 at, 24 at, 24 at, 25 at, 27 at, 28 þat, 28 at, 29 at, 29 at, 30 at, 30 geingit, 31 at, 32 at, 32 at, 33 huat, 34 at, 34 þujat, 34 at, 36 <Þ>at, 36 at, 37 annat, 19r1 et (=hit), 5 þat, 7 at, 7 þat, 7 at, 9 at, 11 at, 13 radjt, 13 snuft, 13 at, 16 <A>t, 17 at, 22 at, 23 barnat, 23 at, 25 at, 25 at, 26 at, 27 at, 27 at, 28 at, 29 at, 30 at, 31 nefet, 19v1 at, 2 at, 4 at, 7 mikit, 7 at, 8 Lidit, 9 at, 10 at, 13 unnet, 14 at, 14 þat, 18 þat, 18 at, 19 þujat, 21 at,

24 komet, 24 at, 25 at, 30 at, 31 [0]t.

6.3.2 Bundin orð

Aldri/aldrei/aldregi

Neitunin *aldrei* kemur tvisvar sinnum fyrir óbundin: 14v12 ‘alldri’, 18r5 ‘alldri’. Þess vegna er leyst úr böndum á sama hátt þegar hún er bundin. Samkvæmt Birni K. Þórólfssyni (1925:72–73) er myndin *aldrei* frá 15. öld og er samblöndun *aldri* og *aldregi*.

Alfifa/Alfiua

Nafnið á dóttur Sigurðar konungs af Skörðuborg, *Alfifa*, er annaðhvort skrifað með ‘f’ (7 dæmi) 17v19 ‘Alfifa’, 19–20 ‘Alfifa’, 31 ‘Alfifu’, 33 ‘Alfifa’, 18r30 ‘Alfifu’, 19r3 ‘Alfifa’, 19v3 ‘Alfifa’ eða ‘u’ (eitt dæmi) ‘19r6 ‘Alfiua’ þegar það er óbundið: Þegar nafnið er styt leysi ég úr því með *f* en ekki *u*, þ.e. ‘Alfifa’.

fyrir

Forsetningin *fyrir* er næstum alltaf bundin en í 15r16 ‘fyrer’ er hún óbundin og þannig leysi ég úr böndum annars staðar.¹³²

hun/hon

Fimm dæmi eru um það að þriðju persónu persónufornafnið í kvenkyni sé skrifað fullt út með ‘u’: 15r12 ‘hun’, 12 ‘hun’, 33 ‘hun’, 16r7 ‘Hun’, 11 ‘hun’. Eitt dæmi er um það með ‘o’: 15r20 ‘Hon’. *Hon* er eldri mynd af fornafninu en *hun* sem fer að verða algeng um 1300 en verður ekki algengari en hin myndin fyrr en á 15. öld (Björn K. Þórólfsson 1925:43).

Styttingin ‘hū’ með nefhljóðsbandi yfir ‘u’ fyrir ‘hun’ kemur 57 sinnum fyrir: 14r4, 18, 15r14, 35, 15v7, 32, 34, 34, 35, 37, 16r5, 5, 6, 6, 7, 10, 24, 31, 16v5, 11, 12, 20, 28, 34, 17r10, 11, 15, 34, 17v14, 22, 24, 26, 27, 28, 30, 31, 18r21, 28, 29, 29, 32, 33, 18v5, 7, 11, 26, 26, 28, 29, 31, 19r5, 7, 19, 19v19, 20, 27, 33.

Annað band, ‘h^o’, með *on*-bandi kemur 49 sinnum fyrir: 14r2, 2, 5, 17, 18, 18, 15r20, 33, 15v13, 16r1, 1, 6, 9, 9, 17, 17, 19, 16v5, 5, 13, 13, 17, 22, 23, 31, 31, 36, 17r18, 19, 20, 22, 23, 30, 17v4, 14, 14, 15, 15, 16, 18, 19, 20, 20, 20, 21, 24, 26, 31, 34. Ég leysi alltaf úr ‘h^o’ með ‘hun’ og eru rökin fyrir því að ‘hun’ er algengara en ‘hon’

¹³² Dæmi eru afkringingu áherzluléttra orða eins og *fyrir* > *firir* koma fyrir þegar um 1200 (Hreinn Benediktsson 1962:488).

(fimm dæmi á móti einu) þegar skrifað er fullum fetum auk þess sem fleiri dæmi eru um ‘hū’ (57) heldur en ‘h^o’ (49).

Ingibjörg

Nafn Ingibjargar systur Hálfðanar er yfirleitt bundið með *ro/or*-bandi og ætti því samkvæmt algengustu upplausn þess bands að leysa úr því ‘or’ í ‘Ingiborg’ en þar sem sérnafnið hefur ætíð ‘ior’ þegar það er skrifað fullum stöfum, 18v5 ‘Íngibioꝝg’, 18v10 ‘Íngibiorg’, 19v26 ‘Íngibioꝝg’, hef ég leyst úr *ro/or*-bandinu með ‘ior’.

konungr/kongr

Orðið *konungr/kongr* kemur aldrei fyrir óbundið. Ég hef valið ósamandregna formið ‘*konungr*’ sem er eldra en samandregna formið (*kongr*) þó það komi þegar fyrir um 1300 (Noreen 1923:139 og Konráð Gíslason 1889:216).

ok/og

Þessi samtenging er næstum alltaf bundin í textanum. Aðeins eitt dæmi er um hana óbundna: 14r25 ‘ok’.¹³³ Þessvegna er alltaf leyst úr *ok*-bandinu ‘ok’.

svá/svo

Táknun hljóðasambandsins /vá/ breyttist á 14. öld í ‘uo, vo’ (Björn K. Þórólfsson 1925:xi–xii).¹³⁴ Í 589e er aðeins eitt dæmi um óbundið *svá*: 17v31 ‘sua’ en einnig eitt vafadæmi, 18r2 ‘*suau’. Annars eru öll dæmi (57) um þetta orð óbundið með yngra forminu *svo* og þess vegna leysi ég alltaf úr orðinu með ‘*suo*’ þegar það er bundið (yfirleitt ‘s^o’): 14r4, 5, 28, 30, 14v22, 24, 35, 38, 15r1, 2, 11, 32, 32, 15v17, 16r2, 4, 9, 18, 22, 23, 26, 31, 16v2, 12, 13, 15, 20, 30, 34, 17r12, 17v10, 23, 23, 35, 37, 18r3, 4, 18, 21, 25, 26, 29, 29, 37, 18v5, 8, 12, 13, 25, 19r4, 30, 19v9, 13, 18, 30.

vér/vær

Fyrstu persónu fornafn fleirtölu, *vér*, kemur þrisvar sinnum fyrir í Hálfðanar sögu og er alltaf bundið með *er*-bandi sem getur einnig staðið fyrir *ær* og því er óljóst hvort á að leysa úr böndum *er* eða *ær*. /él/ opnaðist og varð /æ/ í nokkrum orðum á milli /v/ og /l, r/, t.d. *hvél*, *vél*, *véla*, *vér* > *hvæl*, *væl*, *væla*, *vær* þegar á 13. öld (Kock 1895:140–41). Elztu dæmin um *vér* > *vær* eru frá því snemma á 14. öld (Björn K. Þórólfsson 1925:xv). Ég hef

¹³³ Einnig er eitt vafadæmi: 18r37: ‘[ok]’.

¹³⁴ Stefán Karlsson (1989:10): „Breytingin *vá* > *vo* (t.d. *váði* > *voði*, *svá* > *svo*) fór af stað á fyrri hluta 14. aldar. E.t.v. hefur *vó* verið millistig í þróuninni í þróuninni og a.m.k. hefur sérhljóðið einlægt verið langt fram að hljóðvalarbreytingu.“ Sjá einnig Hrein Benediktsson (1979).

valið að leysa úr böndunum með 'er' því það er algengari notkun *er*-bandsins: 14v6 'uer' (1.p.ft.fn.), 16r20 'Uer', 16v29 'uer'.

6.3.3 Yfirlit yfir upplausnir

Í uppskriftinni á 589e nota ég eftirfarandi tákn þegar ég leysi úr böndum.

-i, -in(n), -it

-er

-u

-t# (upprunalegt -t#) en -d# (upprunalegt -ð#)

-g#(en ok)

-k

-ck

-n (aldrei -nn)

-nd, -nt, -ns, -nz

-uo

-ur#

6.3.4 Styttingar

Hér á eftir fara öll dæmi um styttingar í textanum:

14r7 Asm(undr), 7 Half(dan), 18 h(afdi), 33 J(all), 14v2 J(all), 12 As(mundr), 14 As(mundr), 16 b(rædr), 27 J(all), 29 j(all), 31 j(alli), 36 Snæk(ollr), 36 jar(l), 41 Jar(l), 15r6 Asm(undr), 7 Asm(undr), 12 J(all), 14 J(all), 22 konungsd(ottr), 25 konungs(on)arins, konungsd(ottr), 26 J(all), 27 J(all), 15v6 j(all), 22 Halfdan(ar), 16r11 H(alfdan), 27 s(onr), 16v3 fostb(rædr), 5 Half(dan), 7 konungss(on), 9 b(rædrum), 10 Halfd(an), 11 Halfd(an), 19 Half(dan), m(ællti), 27 fostb(rædr), 35 fostb(rædra), 17r3 Hringss(on), 13 fostb(rædr), 34 fost(brædr), 17v12 b(rædr), 18 b(rædra), 30 sk(emm)u, 18r1 Konungsd(otter), 8 Half(dan), 18v7 Hal(dan), 16 Hal(dan), 19 H(a)l(dan), 21 H(a)l(dan), 19r5 Þngib(iorg), 25 Hal(dan), 19v26 Þngib(iorg), 31 Þngib(iarg)ar, 37 s(on).

6.4 Mállýsing

6.4.1 Sérhljóðabreytingar

Afkringing y, ý, ey > i, í, ei

Afkringing áherzluléttra orða eins og *yfir*, *fyrir*, *þykja* > *ifir*, *firir*, *þikja* virðist hafa hafizt þegar á fyrri hluta þrettánda aldar og orðið ráðandi á fjórtánda öld (Guðvarður Már Gunnlaugsson 1994b:32–34). Almenn afkringing y, ý og ey virðist hafa hafizt um miðbik

14. aldar en ekki gengið yfir allt landið fyrr en eftir 1570 (Guðvarður Már Gunnlaugsson 1994b:117).

Engin merki sjást um rugling á *y*, *ý*, *ey* og *i*, *í*, *ei* fyrir utan fjögur dæmi um afkringingu *y* (> *i*) í áherzluléttri stöðu. Öll dæmin eru beygingarmyndir sagnarinnar *þykja*.¹³⁵ Þrjú þeirra sýna auk þess brottfall */r/* í orðasambandinu *þykir mér* > *þiki mér*:

15v5–6 ‘Mikid þiker brodr minum under | at eg taki vid þer ...’

16v19–20 ‘Jlla þiki mer | þu stodd uera.’

16v33 ‘ok þiki mer þat þo erfitt.’

19r11 ‘Fullkosta þickj mer konungi þo at hann eigi Hilldj.’

16 dæmi eru í textanum um kringingu á */i/* > */y/* í nöfnum með forliðinn *Sig-*: 14r2 ‘Sygny’, 16r24 ‘Sygurdi’, 17r4 ‘Sygrdi’, 5 ‘Sygurdr’, 8 ‘Sygurdr’, 9 ‘Sygrdi’, 17v13 ‘Sygmundr’, 18v20 ‘Sygurdr’, 37 ‘Sygurdr’, 19r3 ‘Sygurdr’, 10 ‘Sygurdr’, 14 ‘Sygurdr’, 15 ‘Sygurdr’, 19v32 ‘Sygurdr’, 32 ‘Sygurdr’, 35 ‘Sygurdr’, en 20 dæmi með *Sig-*: 16r20 ‘Sigmundr’, 20 ‘Sigurdr’, 25 ‘Sigmundi’, 16v2 ‘Sigmundr’, 2 ‘Sigurdr’, 9 ‘Sigrd’, 9 ‘Sigmund’, 21 ‘Sigrdr’, 17r3 ‘Sigmundr’, 3 ‘Sigurdr’, 17v9 ‘Sigmundr’, 12 ‘Sigurdr’, 19 ‘Sigurdar’, 18v20 ‘Sigmundr’, 19r15 ‘Sigmundr’, 21 ‘Sigmundr’, 27–28 ‘Sigmundr’, 29 ‘Sigmund’, 30 ‘Sigmundar’, 34 ‘Sigmund’. Þessi kringing á */i/* sem verður aðeins hjá orðum með forliðinn *Sig-* er frekar algeng, sérstaklega í fornnorskum textum, og er eðlileg hljóðbreyting (*u*-hljóðvarp) (Noreen 1923:71 nmgr. 3). Hægstad (1942:36) segir þessar myndir, sem hann telur vera norvagsma, vera frá 15. öld.

eg/eig

Elztu dæmi um breytinguna */egi, egi/* > */eigi, eigi/* eru frá byrjun 14. aldar en en hún nær ekki mikilli útbreiðslu fyrr en um 1350. Tvíhljóðunin */e/* > */ei/* breiðist síðan á 14., 15. og 16. öld til annarra beygingarmynda þar sem eru önnur hljóð en */i, j/* fóru á eftir */g/*, t.d. *meigum* (Björn K. Þórólfsson 1925:xii–xiii).

Í handritinu eru aðeins dæmi um þessa breytingu á undan */i, j/* (32 dæmi). Allt eru þetta dæmi um beygingarmyndir sagnarinnar *segja* (en 19 dæmi eru um hana með ‘eg’).

-‘eig’- (32 dæmi): 14r18 *seigia*, 20 *seigia*, 28 *seiger*, 14v18 *seiger*, 31 *seigia*, 15r5 *seigia*, 10 *seigia*, 26 *seigia*, 28 *seigia*, 36 *seiger*, 15v9 *seigizt*, 19 *seiger*, 35 *seiger*, 36 *seiger*, 37 *seiger*, 16r2 *seiger*, 6 *seiger*, 17 *seiger*, 29 *seigia*, 34 *seiger*, 16v1 *seiger*, 23 *seiger*, 23 *seiger*, 17r15 *seiger*, 15 *seiger*, 17v7 *seiger*, 20 *seiger*, 22 *seiger*, 22 *seiger*, 31 *seiger*, 35 *seiger*, 18r9 *seiger*.

¹³⁵ Guðvarður Már Gunnlaugsson (1994b:32): „Þessarar afkringingar gætti í *þykja* frá f.hl. 13. aldar og áfram, en ‘i’ varð þó ekki ráðandi fyrr en á 14. öld [...]“

-‘eg’- (33 dæmi):¹³⁶ 14v3 megin, 3 megin, 15r34 fegin, 16r5 megin, 16v1 megin, 16v15 seger, 17v23 mega, 18r10 mega, 12 seger, 21 segir, 25 mega, 27 seger, 18v29 seger, 33 segia, 34 segia, 19r5 seger, 17 seger, 23 segir, 25 segia, 35 seger, 19v1 segia, 2 segia, 13 seger, 19 seger.

Tvíhljóðun /él/

